

**Lárus Jónsson**

# **Útvegsbankaðttur Hafskipsmálsins**

Reykjavík í júní 2004

## Efnisyfirlit

Formálsorð.....	5
Inngangur og meginniðurstöður.....	9
Sýknudómur í júlí 1990. Björgunarmenn ákærðir.....	20
Lögskipuð sérfræðinganefnd um könnun á „óeðlilegum viðskiptaháttum“.....	24
Athugasemdir bankastjórnar Útvegsbankans við skýrslu sérfræðinganefndarinnar.....	27
Umræður á Alþingi um Útvegsbankann og skýrslu sérfræðinganefndarinnar. ....	31
Þáttur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.....	36
Fyrri björgunaraðgerðir árið 1984 og í ársbyrjun 1985. ....	42
Skaðleg áhrif fjölmiðla og opinberrar umræðu. ....	46
Síðustu björgunaraðgerðir fyrir gjaldþrot. ....	50
Staða Útvegsbankans eftir gjaldþrot Hafskips hf.....	57
Pólítíski milljarðurinn sem minnkaði. Skipti á þrotabúi Hafskips hf. ....	61
Þungbær og langvinn málaferli. ....	63
Nokkur orð um útlánatöp opinberra sjóða á Íslandi og erlendra banka. ....	72
 <i>Skrár og fylgiskjöl:</i>	
I. Útvegsbankaþáttur Hafskipsmálsins. Tímaröð og stutt lýsing nokkurra atburða. ....	75
II. Heimildaskrá: .....	83
III. Nafnaskrá: .....	86
IV. Tilvísanaskrá.....	89



## Formálsorð

Örlög Útvegsbankans og stjórnenda hans í svonefndu Hafskipsmáli hafa vakið mun minni athygli fjölmiðla og almennings en örlög skipafélagsins Hafskips hf. og stjórnenda þess. Engu að síður voru ákærur á hendur bankastjórum og bankaráði Útvegsbankans og málaferli gegn þeim harðvítug, langdregin og þungbær fyrir alla ákærða sakborninga og fjölskyldur þeirra. Fjórir bankastjórar Útvegsbankans, sem mörgum árum síðar fengu þá einkunn hjá Sakadómi Reykjavíkur, að þeir hefðu staðið í „*björgunaraðgerðum*“ í aðdraganda gjaldþrots Hafskips hf., voru ákærðir fyrir „stórfellda vanrækslu og hirðuleysi“ í þessu sama björgunarstarfi. Ríkissaksóknari ákvað að ákæra bankastjórana einmitt á þeim tíma, sem slík ákæra **þýddi tafarlausa brottvísun** þeirra úr starfi, án þess að þeir gætu borið hönd fyrir höfuð sér eða sekt þeirra yrði á nokkurn hátt sönnuð eða afsönnuð. Ákærur á hendur þeim sem meintum brotamönnum voru auk þess birtar í Helgarpóstinum með myndum á forsíðu sama dag og ákæran var gefin út. Þau mannréttindabrot þóttu ekki þess eðlis að stjórnvöldum þætti rétt að gera athugasemdir.

Árið 1987 hinn 7. apríl stóð svo á að breyta átti Útvegsbankanum í hlutafélagsbanka eftir tjón hans vegna gjaldþrots Hafskips hf. Þetta var gert með lögum frá Alþingi og átti sinn aðdraganda, sem var á almanna vitorði. Matthías Bjarnason, viðskiptaráðherra, sem fór með bankamál í ríkisstjórninni, hafði lýst yfir því, að allt starfsfólk gamla bankans yrði endurráðið til hins nýja hlutafélagsbanka. Ákæra ríkissaksóknara, sem gefin var út 9. apríl 1987, varð því augljóslega til þess að ákærðir bankastjórar voru þeir einu, sem var gert að hætta störfum og voru ekki endurráðnir til hins nýja banka. Um þetta segir svo í bréfi, sem Matthías skrifaði í desember 1991:

*„Tveimur dögum eftir að hlutafélagsbankinn var formlega stofnaður... var gefin út ákæra á hendur fyrrgreindum mönnum vegna Hafskips/Útvegsbankamálsins, (innsk. Ólafi Helgasyni, Halldóri Guðbjarnasyni, Lárusi Jóns-yni og Axel Kristjánssyni) og taldi ég mér ekki fært vegna ákærunnar að óska eftir því, að þeir yrðu endurráðnir, eins og raun varð á um nánast allt annað starfsfólk ríkisbankans.“* Matthías Bjarnason (sign)<sup>2</sup>

Auk þess að bankastjórunum var vikið úr starfi með þungum ákærum um saknæma háttsemi, liðu mörg ár áður en þeir náðu rétti sínum. Hallvarður Einvarðsson, ríkissaksóknari, sem er bróðir eins af bankaráðsmönnum síðustu starfsár Útvegsbanka Íslands, var dæmdur vanhæfur af Hæstarétti í byrjun júní 1987 til að sækja málið. Þau málalok hefðu átt að vera augljós frá upphafi, en eru dæmigerð fyrir vanreifun málsins að öðru leyti. Sérstakur ríkissaksóknari, Jónatan Þórmundsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem var skipaður í stað Hallvarðs, ákvað að ákæra á ný, 11. nóvember 1988, þá bankastjóra, sem stjórnðu bankanum, þegar Hafskip varð gjaldþrota. Vanhæfi Hallvarðs Einvarðssonar og ákvörðun Jónatans Þórmundssonar höfðu í för með sér, að málaferlin gegn stjórnendum Útvegsbankans drógust mjög á langinn og stóðu í mörg erfið ár áður en þeir voru að lokum afdráttarlaust sýknaðir í júlí 1990.

Með ákæru ríkissaksóknara, Hallvarðs Einvarðssonar, nýrri ákæru sérstaks ríkissaksóknara, Jónatans Þórmundssonar og langdregnum, erfiðum málaferlum, sem fylgdu á eftir, fólst þung refsing fyrir saklausa menn, sem bitnaði ekki síður á fjölskyldum þeirra en þeim sjálfum. Sérstakur ríkissaksóknari, Páll A. Pálsson, sem tók við eftir að Jónatan Þórmundsson sagði af sér, ákvað hinn 17. desember 1990 að áfrýja ekki sýknudómi Sakadóms, sem kveðinn var upp yfir stjórnendum Útvegsbankans í júlí það ár. Það var þess vegna ekki fyrr en eftir rúmlega 6 ár frá því ákærðir bankastjórar hófu björgunaraðgerðir, til þess að reyna til hins ítrasta að koma í veg fyrir gjaldþrot Hafskips hf., að þeir náðu rétti sínum og gátu í raun um frjálst höfuð strokið á almennum vinnumarkaði.

Jónatan Þórmundsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sagði í sóknarræðu sinni í maí 1990, þegar hann tíundaði kröfur ákæruvaldsins fyrir Sakadómi Reykjavíkur, að hafa bæri í huga um bankastjórana, „að ákærðu misstu raunverulega stöðu sína“. Það var óneitanlega óhugnanlegt að hlíða á lagaprófessor láta þess getið, eins og sjálfsagt væri, að bankastjórnarnir hefðu þegar tekið út refsingu sína þremur árum áður en mál þeirra kom til dóms! Raunverulega var refsing þeirra mun meiri en stöðumissirinn. Árum saman voru þeir dæmdir frá störfum á vinnumarkaði vegna nýrrar ákæru hans þar til sýknudómur var kveðinn upp í máli þeirra. Þeir voru á vissan hátt sekir þjóðfélagsþegar þar til sakleysi þeirra sannaðist, þegar sýknudómi Sakadóms Reykjavíkur var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Auk þess sem ákærur á hendur stjórnendum Útvegsbankans þýddu tafarlausa brottvísun úr starfi, var einkum þrennt, sem gerði Útvegsbankaþátt Hafskipsmálsins einstæðan í íslenskri réttarsögu.

Í fyrsta lagi ákvað þáverandi ríkisstjórn að beita sér fyrir lagasetningu á Alþingi og setja á laggir sérstaka nefnd „til að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.“ Nefndin fór langt út fyrir umboð sitt og felldi þungan „áfellisdom“ yfir stjórnendum Útvegsbankans, eins og sérstakur ríkissaksóknari orðaði það við réttarhöldin í málinu. Með sanni má segja, að álit hennar hafi orðið eins konar undanfari að ákæru á hendur bankastjórnunum, enda gerði sérstakur ríkissaksóknari texta skýrslu nefndarinnar yfirleitt að sínum með því að lesa úr henni langa kafla í sóknarræðu sinni. Á sérstöðu þessarar nefndar í íslensku réttarfari og fráleit vinnubrögð hennar er leitast við að varpa ljósi í þessari samantekt.

Í öðru lagi var sérstaða Útvegsbankaþáttarins fólgin í því, að bankastjórar Útvegsbankans voru ákærðir sem opinberir starfsmenn fyrir, að þeir hefðu ekki gætt þess að hafa nægar tryggingar fyrir útlánnum bankans til Hafskips hf. og vanrækt eftirlit með því „að verðmæti trygginganna héldist.“ Banki í eigu ríkisins hafi því orðið fyrir stórfelldu tjóni. Alkunna er, að opinberir sjóðir og ríkisbankar hafa fyrr og síðar tapað milljörðum króna við hliðstæðar aðstæður og upp komu í Útvegsbankanum við gjaldþrot Hafskips hf. Stjórnendur þeirra voru ekki ákærðir eða þaðan af síður vikið umsvifalaust úr starfi í refsingarskyni, án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Til þess að varpa ljósi á það umhverfi, sem bankastjórar Útvegsbankans störfuðu í og þá sérstöðu, að þeir einir þurftu að sæta slíkri meðferð ákæruvaldsins, eru nefnd dæmi hér í sérstökum kafla um opinbera sjóði og banka, sem töpuðu útlánnum vegna gjaldþrota viðskiptavina sinna.

Í þriðja lagi kom í ljós í réttarhöldunum, að þeir bankastjórar, sem lengst og mest þurftu að þola svo einstæðar ákærur, juku ekki bein útlán til Hafskips hf. umfram nýjar tryggingar, sem teknar voru á starfstíma þeirra. Sú staðreynd sýnir best, hvernig rannsóknnum og máláttilbúnaði gegn þeim var háttað og ekki síður, hversu þungbært var að sitja undir þeim. Mestu skiptir, þegar litið er til baka, að vinnubrögð Sakadóms Reykjavíkur voru fagleg, þegar mál stjórnenda Útvegsbankans og Hafskips hf. voru loks dómtekin þar. Rökstuðningur sýknudómsins, sem kveðinn var upp 5. júlí 1990 yfir stjórnendum Útvegsbankans, er afar skýr og lærdómsríkur.

Vanreifun Útvegsbankaþáttar Hafskipsmálsins og sú múgsefjun, sem greip um sig í þjóðfélaginu, varð einnig til þess, að tjón bankans vegna gjaldþrotsins var verulega ofmetið af mörgum. Sú umræða um, að þjóðin þyrfti að reiða fram milljarð í sérstakan Hafskippsskatt vegna taps bankans, var fræg. Svo rammt kvað



Bankastjórn Útvegsbankans síðustu starfsár hans. Frá vinstri: Reynir Jónasson, aðstoðarbankastjóri, Ólafur Helgason, bankastjóri frá 1. júní 1984 til 30. apríl 1987, Lárus Jónsson, bankastjóri á sama tíma, Halldór Guðbjarnason, bankastjóri frá maí 1983 til 30. apríl 1987, Axel Kristjánsson, aðstoðarbankastjóri frá 1. júní 1984 til 30. apríl 1987. Þeir voru allir ákærðir tvisvar 9. apríl 1987 og 11. nóvember 1988 í Hafskips/Útvegsbankamálinu, nema Reynir sem hafði ekki með höndum málefni Hafskips í bankastjórninni. Þeir voru sýknaðir í Sakadómi Reykjavíkur 5. júlí 1990 og sérstakur saksóknari ákvað að áfrýja ekki þeim dómi 17. desember það ár.

að þessari fásinnu, að opinber aðili eins og bankaeftirlitið mat tjónið um tíma fast að þreföldu raunverulegu tapi bankans. Þetta hafði áhrif á viðbrögð stjórnvalda við því, hvernig best væri að bregðast við vandanum. Sú ákvörðun var ekki tekin fyrr en einu og hálfu ári eftir gjaldþrot Hafskips. Þá var ákveðið, að breyta Útvegsbankanum í hlutafélagsbanka og leggja honum til aukið eigið fé. Skjótari viðbrögð við tapi bankans hefðu dregið mikið úr tjóninu, sem endanlega varð, m.a. vegna þess að margir viðskiptamenn hans treystu honum ekki misserum saman og ógerlegt var í raun fyrir stjórnendurna að reka hann sem heilbrigðan viðskipta-banka á þessum tíma.

Eftir að Sakadómur Reykjavíkur kvað upp dóm sinn í júlí 1990 og sýknaði alla stjórnendur Útvegsbankans og marga stjórnendur Hafskips hf. af þungum ákærum var fjallað um dóminn í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 8. júlí s.á. Þar segir m.a.

„Á síðasta einum og hálfum áratug hafa komið upp tvö meiriháttar mál, þar sem skapast hefur nánast ótrúleg múgsefjun í þessu fámenna þjóðfélagi. Þar er átt við Geirfinnsmálið og Hafskipsmálið. Nokkur veigaminni mál hafa komið upp að auki, þar sem áþekkt andrúm hefur myndast. Í þeim tveimur málum, sem hér voru sérstaklega nefnd, hófst þessi múgsefjun með umtali meðal fólks í kjölfar ákveðinna atburða... Umfjöllun fjölmiðla, sem oftast en ekki byggði á örökstuddum getgátum verkaði sem olía á eld. Umtal magnaðist. Þá komu stjórnámálamenn til sögunnar og fluttu þessi mál inn á Alþingi. Umræður á Alþingi mögnuðu enn umfjöllun í fjölmiðlum og umræður í fjölmiðlum mögnuðu enn umtal meðal fólks. Þannig varð þessi múgsefjun til og í báðum tilfellum heltók hún samfélagið um skeið.“ Í tilvitnuðu Reykjavíkurbréfi segir ennfremur: „Niðurstaða hins svonefnda Geirfinnsmáls og mála því tengd og niðurstaða Hafskipsmálsins nú... (í Sakadómi Reykjavíkur)... hljóta að sækja mjög stíft á starfsmenn þeirra fjölmiðla, sem aðallega komu við sögu.“ Og þar segir einnig: „Hið sama má segja um stjórnámálamenn, sem harðast gengu fram í Hafskipsmálinu á sínum tíma... nú geta menn lesið umræður á Alþingi í ljósi þess, sem síðar hefur gerst.“

Þetta er skorinorð lýsing á andrúmslofti í þjóðfélaginu í aðdraganda og eftirmálum gjaldþrots Hafskips hf. og ekki síður á þeim hlutverkum, sem Alþingi og fjölmiðlar léku í málinu. Margt, sem gerðist í þjóðfélaginu á þessum tíma, verður varla skýrt með öðru en þessari sjúku múgsefjun, sem áhrifaöfl í þjóðfélaginu áttu mikinn þátt í að magna. Það er lærdómsríkt að rifja þessa atburði upp og kryfja til mergjar, þótt ekki verði til annars en að halda einhverju af því til haga, sem raunverulega gerðist á hinum ýmsu sviðum.

Aðförin að bankanum og stjórnendum hans og þær villigötur, sem málatilbúnaður gegn þeim rataði í, eru sérstaklega lærdómsríkar. Slíkir atburðir hljóta beinlínis að hafa áhrif á þær reglur eða vinnuáferðir, sem æskilegt er að gildi um rannsóknir sakamála, yfirvegaða meðferð ákæruvaldsins, birtingu ákæra og yfirleitt um réttarfarir í lýðræðisríki. Það er því afar mikilvægt að rifja upp Útvegsbankaþátt Hafskipsmálsins.

Í þessari samantekt kýs ég að rifja málið upp með þeim hætti að gera fyrst grein fyrir dómi og rökstuðningi Sakadóms Reykjavíkur yfir stjórnendum Útvegsbankans, þegar málið kom loksins þar til meðferðar. Af þeim sjónarhóli er litið á rannsókn tveggja borgarfógeta, rannsóknarlögreglu og fyrrgreindrar nefndar, sem starfaði skv. sérstökum lögum, svo og ákæru og málatilbúnað tveggja saksóknara á hendur stjórnendum Útvegsbankans. Ástæðan fyrir þessum efnistöku er sú, að með þessum hætti kemur afar glögg í ljós hversu fráleitur og fáheyrður þessi langi og strangi ferill allur var í réttarríki á borð við það, sem við teljum okkur búa við.



Mynd í DV hinn 5. desember 1985 eða degi áður en Hafskip hf. varð gjaldþrota. „Áhyggjurnar á andlit Láraus Jónssonar, bankastjóra Útvegsbankans, leyna sér ekki“ segir í myndatexta. Við sama tækifæri var smellt mynd af áhyggjusvip bankastjórans og birt í Þjóðviljanum og vikið að því að „Lárus er nýsestur í stól bankastjóra“. Áhyggjurnar áttu þó eftir að vaxa eftir þetta!



Vegna þess að áhersla er lögð á að fjalla fyrst um dóm og rökstuðning Sakadóms Reykjavíkur og líta á fyrri atburði í því ljósi, er til hægðarauka fyrir lesendur, gerð skrá yfir helstu atburði í tímaröð í bankapætti Hafskipsmálsins og fjallað í sérstökum kafla 12 um málaferlin gegn stjórnendum Útvegsbankans í tímaröð. Einnig er rétt að benda á varðandi efnistöð, að í kaflanum „Inngangur og niðurstöður“, er reynt að draga saman nokkur aðalatriði umfjöllunarinnar, sem ítarlegar er lýst í öðrum köflum. Af þeim efnistöðum leiðir, að nokkuð er um tvítekningar í umfjölluninni, sem er óhjákvæmilegt.

Samantekt mín ber þess auðvitað merki, að hún er skráð af einum þeirra bankastjóra, sem lenti í þessum hildarleik. Þó er rétt að vekja athygli á, að meginreglan er sú að vitna sem oftast til opinberra heimilda. Þannig er, t.d. vitnað orðrétt í ræðu Matthíasar Bjarnasonar, viðskiptaráðherra, á Alþingi í desember 1985, þegar hann fjallaði um atburðarásina síðustu mánuðina fyrir gjaldþrot Hafskips hf. Þar er síðustu björgunar- aðgerðum bankastjórnarinnar lýst skv. minnispunktum Gunnlaugs Claessen hrl., þáverandi ríkislögmanns, sem var ráðunautur hans í málinu.

Ég hef ákveðið að láta fjölríta þessa samantekt og gefa nokkrum vinum mínum og kannski öðrum í tilefni af sjötugsafmæli mínu. Ef til vill þykir þeim, sem fá þessa samantekt í hendur, vænt um að vita eitthvað satt og rétt um þennan tíma í æviferli mínum. Þá er tilganginum náð. En ef einhverjum leikur hugur á að rannsaka þessa atburði frekar eða skrifa nánar um þá, eru í fórum mínum flokkuð gögn, sem að gagni geta komið við það verkefni.

Halldór Guðbjarnason, vinur og fyrrverandi bankastjóri, hefur verið mér innan handar um yfirlestur á þessari samantekt og gefið mér afar góðar ábendingar. Ég þakka honum alúð og þolinmæði í þeim efnum.

Reykjavík í janúar 2004

Lárus Jónsson

# 1. Inngangur og meginniðurstöður.

Hinn 5. júlí 1990 var kveðinn upp dómur í Sakadómi Reykjavíkur í Hafskipsmálinu, bæði yfir stjórnendum Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands. Níu stjórnendur Útvegsbankans, bankastjórnarnir Ólafur Helgason, Halldór Guðbjarnason, Lárus Jónsson, Axel Kristjánsson, aðstoðarbankastjóri og bankaráðsmennirnir Valdimar Indriðason, Garðar Sigurðsson, Kristmann Karlsson, Arnbjörn Kristinsson og Jóhann Einvarðsson voru afdráttarlaust sýknaðir. Í desember á sama ári var tekin ákvörðun af hálfu ákærvaldsins að áfrýja ekki þessum sýknudómi yfir stjórnendum Útvegsbankans, þótt dóminum yfir stjórnendum Hafskips hf. væri áfrýjað til Hæstaréttar.

Hafskip hf. varð gjaldþrota hinn 6. desember 1985. Það má því segja, að ákærðir bankastjórnar Útvegsbankans hafi fimm árum frá gjaldþrotinu og sex árum frá því að „björgunaraðgerðir“ þeirra í bankanum hófust, náð rétti sínum og raunverulegum refsitíma saklausra manna hafi þá lokið. DV fjallaði um „*Magra uppskeru ákærvaldsins*“ eftir ein umfangsmestu málaferli, sem um getur hér á landi, þegar Hæstiréttur hafði kveðið upp sinn dóm yfir stjórnendum Hafskips hf. Þá hljóðaði ein millifyrirsögn blaðsins þannig: „Útvegsbankaþátturinn reyndist markleysa“<sup>3</sup>. Undir þessi eftirmæli og tilhlýðilega yfirskrift blaðsins um Útvegsbankaþátt Hafskipsmálsins, er sannarlega hægt að taka.

Í forsendum þriggja dómara Sakadóms Reykjavíkur fyrir sýknu stjórnenda Útvegsbankans er m.a. komist svo að orði: „*Það er mat dómsins, að aðgerðir þeirra, sem ákært er fyrir í máli þessu hafi verið björgunaraðgerðir, sem voru ekki síður í þágu bankans en félagsins.*“ Dómararnir sýknuðu ekki einvörðungu sakborninga af þungum ákærum, heldur tóku skýrt fram, sem er nánast einsdæmi í dómsmáli, að þeir hefðu þvert á móti staðið sig vel í því starfi, sem þeir voru ákærðir fyrir að vanrækja svo mjög að saknæmt væri.

Framangreind tilvitnun í rökstuðning dómara Sakadóms Reykjavíkur er sönn og gagnorð lýsing þess, sem raunverulega gerðist í Útvegsbankanum, þegar þau ósköp dundu yfir í Hafskipsmálinu, sem nánar verður lýst í þessari umfjöllun. Stjórnendur bankans lögðu sig alla fram um að bjarga því, sem bjargað varð fyrir Útvegsbankann og jafnframt viðskiptavin hans, Hafskip. Björgunaraðgerðir þeirra hófust haustið 1984, þegar ljóst var, að margvísleg utanaðkomandi áföll urðu þess valdandi, að taprekstur félagsins jókst hratt og vanskil lána hjá bankanum í kjölfarið. Tryggingar félagsins fyrir útlánum, sem áður höfðu verið veitt, voru orðnar svo hæpnar, að beinar lánveitingar þurfti að stöðva. Því beitti bankinn sér fyrir því að auka kaup á viðskiptavíxlum af félaginu og skuldbreyta vanskilum, til þess að rekstur félagsins stöðvaðist ekki á meðan viðræður fóru fram við Eimskip um samvinnu eða samruna. Þegar þær viðræður fóru út um þúfur og stjórn Hafskips ákvað að bjóða út aukið hlutfé, fyrst og fremst til þess að fjármagna beinar siglingar milli Evrópu og Bandaríkjanna, studdi bankinn þær aðgerðir með því að lána félaginu fjármagn gegn tryggingu í skuldabréfum á hluthafa. Á miðju sumri árið 1985 varð ljóst, að áætlanir félagsins um þessa nýju útrás stóðust ekki og stórfellt tap var staðreynd. Þá tóku stjórnendur bankans og félagsins sameiginlega ákvörðun um, að eini kosturinn til þess að koma í veg fyrir stórslys væri að selja félagið í rekstri og fá þannig sem mest söluandvirði fyrir viðskiptasambönd og áþreifanlegar eignir. Enn lögðu bankastjórnar Útvegsbankans sig alla fram um að stuðla að því, að þetta tækist. Það gekk því miður ekki eftir vegna aðstæðna, sem voru þeim óviðráðanlegar og einnig stjórn félagsins að verulegu leyti. Hafskip varð gjaldþrota. Í kjölfarið hófust einhver lengstu og umfangsmestu málaferli í sögu þjóðarinnar gegn stjórnendum Hafskips hf. og einnig stjórnendum Útvegsbankans.

Þessa atburðarás og háttsemi stjórnenda Útvegsbankans nefndu dómarar Sakadóms Reykjavíkur, fimm til sex árum síðar, einfaldlega „björgunaraðgerðir“. Það hlýtur að teljast merkilegt rannsóknarefni og vekja ýmsar áleitnar spurningar, að fyrir þessa háttsemi voru stjórnendur Útvegsbankans úthrópaðir og dæmdir vanhæfir stjórnendur, m.a. á Alþingi og af sérfræðinganefnd, og ákærðir af tveimur saksóknurum fyrir stórfelld brot á hegningarlögum. Því miður hefur slík rannsókn ekki farið fram né þeim áleitnu spurningum svarað, sem vakna í þessu sambandi. Það verður heldur ekki gert í þessari umfjöllun, en vonandi varpar hún nokkru ljósi á, að Útvegsbankaþáttur Hafskipsmálsins ætti að verða lögfróðum mönnum, stjórn mála- og fjölmiðlamönnum lærdómsríkt mál, sem þeir eiga að hyggja að og rannsaka gaumgæfilega. Það hlýtur sannarlega að vera þeim víti til varnaðar.

\* \* \*



Í þessum kafla verður fjallað um nokkur meginatriði þessarar samantektar, sem svo aftur er gerð ítarlegri grein fyrir í öðrum köflum. Hugmyndin er sú, að menn geti kynnt sér sérstaklega í stuttu máli kjarna og niðurstöður samantektarinnar.

### 1) Ákærum snúið við með dómi.

Þegar mál stjórnenda Útvegsbankans kom fyrir Sakadóm Reykjavíkur, var ákæra sérstaks ríkissaksóknara, Jónatans Þórmundssonar, þar einungis til meðferðar. Hann ákærði ekki fyrrverandi stjórnendur bankans, eins og Hallvarður Einvarðsson, ríkissaksóknari gerði. Á hinn bóginn ákærði hann einvörðungu þá stjórnendur Útvegsbankans, sem störfuðu í bankanum, þegar Hafskips varð gjaldþrota. Ákæru ríkissaksóknara, Hallvarðs Einvarðssonar, var áður vísað frá dómi vegna vanhæfis hans.

Í ákæru Jónatans Þórmundssonar voru stjórnendur Útvegsbankans sakaðir um „*langvarandi, stórfellda og samfellda vanrækslu*“ í opinberu starfi að því er varðaði viðskipti bankans við Hafskip hf. Við réttarhöldin lagði hann á það áherslu í sóknarræðu sinni, að þessa háttsemi hefðu þeir sýnt „*viljandi og af ásetningi*“, sem hefði orðið til þess, „*að bankinn tapaði öllu eiginfé sínu*“. Í brotalýsingu sagði hann í sömu ræðu, að bankastjórnarnir hefðu sýnt „*1) langvarandi vanrækslu í töku trygginga 2) langvarandi vanrækslu í eftirliti með að verðmæti trygginga héldist og 3) langvarandi vanrækslu í athugun gagna*“. Hann hélt því stöðugt fram, að þessa háttsemi hefðu bankastjórnarnir sýnt „*þrátt fyrir síendurteknar aðvaranir bankaeftirlitsins*“. Sú fullyrðing hans var algjört öfugmæli, eins og síðar kemur fram í þessari samantekt og beint tjón bankans reyndist að lokum um helmingur eiginfjár hans.

Sýknudómur Sakadóms Reykjavíkur byggðist öðru fremur á eftirfarandi megin staðreyndum:

Í fyrsta lagi voru bein útlán stöðvuð til félagsins haustið 1984, eins og segir í forsendum Sakadóms, þegar sýnt var að tryggingar gætu verið tæpar. Í raun jukust bein útlán ekki til félagsins frá miðju ári 1984 til gjaldþrotadags nema sem svaraði lánnum út á aukið hlutfé á árinu 1985, en skuldabréf á hluthafa voru trygging fyrir þeim. Ákæra fékk því ekki staðist um að „*veita félaginu fjárhagslega fyrirgreiðslu þrátt fyrir tæpar tryggingar*.“

Í öðru lagi var bankastjórnunum að sjálfsgöðu ókleift að tryggja, að skipastóll félagsins félli ekki í verði á erlendum markaði. Ákæra um, að þeir hefðu ekki haft „*eftirlit með því að verðmæti trygginga héldist*“ stóðst því ekki, „*enda hafði bankinn, áður en yfir lauk, tekið veð í velflestum eignum fyrirtækisins*“, eins og segir í forsendum dómsins. Í raun var það svo, að ákærðir bankastjórnar höfðu aukið tryggingar bankans meira en sem nam fyrirgreiðslu við félagið, á örstuttum starfstíma sínum í bankanum.

Í þriðja lagi áttu bankastjórnarnir, sem önnuðust sjálfir eftirlit með viðskiptum við Hafskip, að geta treyst ársreikningum og upplýsingum frá félaginu, sem staðfestar voru af löggiltum endurskoðanda þess. Ákæra um eftirlitsleysi og „*að gera ekki sjálfstæðar athuganir á raunverulegri afkomu félagsins*“ o.fl. stóðst því heldur ekki.

Í fjórða lagi voru bankaráðsmenn, sem ekki höfðu afskipti af daglegum rekstri, sýknaðir en þeir voru ákærðir fyrir „*saknæma vanrækslu við yfirstjórn bankans og eftirlit með starfsemi hans*.“

Sakadómur vék að því, að bankastjórnarnir áttu það allir sameiginlegt að hafa gegnt störfum sínum í skamman tíma, þegar til gjaldþrots félagsins kom. Ólafur Helgason og Lárus Jónsson frá 1. júní 1984 og Axel Kristjánsson sem aðstoðarbankastjóri frá sama tíma, en forstöðumaður lögfræðideildar bankans lengur og Halldór Guðbjarnason sem bankastjóri frá því í maí 1983. Valdimar Indriðason tók við formennsku í bankaráði hinn 16. janúar 1985 og hafði því einungis gengt því starfi í rúmlega 10 mánuði, þegar Hafskip h.f. varð gjaldþrota. Í samræmi við þennan skamma starfstíma og þá atburðarás, sem áður er rakin, segir svo í forsendum Sakadóms: „*Verður ekki séð, að sú fyrirgreiðsla, sem bankastjórnarnir veittu eftir að þeir komu til starfa, hafi verið umfram það, sem nauðsynlegt mátti teljast til þess að halda félaginu gangandi og ekki kæmi til greiðslustöðvunar*.“

Segja má, að í meginatriðum hafi dómarrar Sakadóms Reykjavíkur í flestum greinum snúið ákæruatriðum við á hendur stjórnendum Útvegsbankans eða ómerkt þær með öllu. Í stað þess að þeir voru ákærðir um stórfellda vanrækslu, töldu dómarnir, að stjórnendur bankans hefðu staðið sig vel í að tryggja hag bankans og viðskiptavinar hans, Hafskips.

## 2) Margir um málatilbúnaðinn.

Athyglisvert er, að margir embættismenn áttu þátt í viðamiklum málatilbúnaði á hendur stjórnendum Útvegsbankans og tvisvar fór fram opinber rannsókn á störfum þeirra. Þar áttu meðal annarra hlut að máli, tveir borgarfégetar, þ.e. skiptaráðendur þrotabús Hafskips, þeir Ragnar H. Hall og Markús Sigurbjörnsson, nokkrir embættismenn rannsóknarlögreglu, fjórir saksóknarar, Þórður Björnsson, sem gengdi starfi ríkissaksóknara til 1. júlí 1985, Hallvarður Einvarðsson, sem tók þá við af honum og sérstakur ríkissaksóknari, Jónatan Þórmundsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Raunar tók fjórði ríkissaksóknarinn, Páll A. Pálsson, ákvörðun um að áfrýja ekki sýknudómi Sakadóms, en með þeirri ákvörðun lauk endanlega málaferlunum gegn þeim. Þórður Björnsson óskaði eftir opinberri rannsókn á störfum stjórnenda Útvegsbankans í kjölfar skýrslu frá áðurnefndum borgarfégetum hinn 7. maí 1986. Hallvarður Einvarðsson, sem áður var rannsóknarlögreglustjóri og rannsakaði Hafskipsmálið sem slíkur, gaf út ákæru á hendur sjö bankastjórum Útvegsbankans, þremur fyrrverandi bankastjórum, Ármanni Jakobssyni, Bjarna Guðbjörnssyni, Jónasi G. Rafnar og fjórum starfandi bankastjórum, Ólafi Helgasyni, Halldóri Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni og Axel Kristjánssyni, aðstoðarbankastjóra. Ríkissaksóknari ákærði ekki bankaráðið. Ákæra hans var gefin út 9. apríl 1987, tveimur dögum eftir að Útvegsbankinn var gerður að hlutafélagi. Bankastjórnarnir fjórir voru vegna ákærunnar þeir einu af starfslíði bankans, sem ekki voru endurráðnir til hins nýja hlutafélagsbanka, eins og áður kom fram.

Hæstiréttur dæmdi Hallvarð Einvarðsson vanhæfan til að sækja málið, þar sem hann er bróðir eins þáverandi bankaráðsmanna, Jóhanns Einvarðssonar. Jónatan Þórmundsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, var þá settur sérstakur ríkissaksóknari. Hann réðst í nýja opinbera rannsókn í málinu og gaf síðar, eða 11. nóvember 1988, út ákæru á hendur bankaráði og fyrrnefndum fjórum bankastjórum, þar sem þeir voru ákærðir fyrir stórfellda saknæma vanrækslu í opinberu starfi. Hvort tveggja, vanhæfi Hallvarðs Einvarðssonar og ákvörðun Jónatans Þórmundssonar um að ákæra þá bankastjóra og bankaráð, sem störfuðu, þegar Hafskip varð gjaldþrota, varð til þess að málaferlin drógust mjög á langinn. Við það jókst tjón ákærðra bankastjóra og það lengdi mjög þann erfiða tíma, sem þeir og fjölskyldur þeirra biðu þess, að ósköpunum linnu.

Það má því með sanni segja, að margir hafi komið að rannsókn á störfum stjórnenda Útvegsbankans og málatilbúnaði gegn þeim. Athygli hlýtur að vekja, að það kom ekki í veg fyrir, að „Útvegsbankaþátturinn reyndist markleysa,“<sup>6</sup> þegar dómur höfðu gengið.

## 3) Sérstaða sérfræðinganefndar Jóns Þorsteinssonar o.fl.

Fleiri komu við sögu í þessum rannsóknaratgangi gegn stjórnendum Útvegsbankans. Þar skipti miklu nefnd, sem sett var á laggir skv. lögum frá Alþingi nr. 119, 24. desember 1985. Hennar hlutverk var, skv. þeim lögum „að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbankans og Hafskips hf“. Skv. 1. grein laganna tilnefndi Hæstiréttur alla þrjá nefndarmennina. Formaður var tilnefndur Jón Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður, fyrrv. alþingismaður en aðrir nefndarmenn voru Brynjólfur I. Sigurðsson, dósent við viðskiptadeild Háskóla Íslands og Sigurður Tómasson, löggiltur endurskoðandi.

Nefndin var sett á laggir eftir harðvítugar deilur á Alþingi um hvernig standa skyldi að rannsókn Hafskipsmálsins. Stjórnarandstaðan vildi kjósa fjölmenna nefnd alþingismanna skv. 39. grein stjórnarskrárinnar, sem skyldi rannsaka málið „fyrir opnum tjöldum.“ Viðskiptaráðherra, Matthías Bjarnason, taldi hins vegar rétt, að rannsóknin færi fram eftir hefðbundnum leiðum. Eftir samþykkt þingflokks Framsóknarmanna 9. desember 1985 um „að krafa almennings í landinu væri að Hafskipsmálið yrði rannsakað í botn“<sup>6</sup> varð niðurstaðan sú, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir lagasetningu um framangreinda nefnd. Meðal þess, sem þótti ástæða til að rannsaka sérstaklega, voru meintir hagsmunaaðrekstrar Alberts Guðmundssonar, iðnaðarráðherra, en hann var um skeið bæði formaður bankaráðs Útvegsbankans og formaður stjórnar Hafskips.<sup>7</sup>

Sérfræðinganevndin fékk vinnuáðstöðu hjá bankaeftirliti Seðlabankans og aflaði upplýsinga frá því og rannsóknarlögreglu. Að eigin frumkvæði fór rannsókn nefndarinnar þannig fram, að formaðurinn talaði við einstaklinga, sem tengdust málinu, m.a. bankastjóra Útvegsbankans, en ekkert var skráð niður af þeim viðtölum og þaðan af síður staðfest hvað þar hafði farið fram.

Skýrsla nefndarinnar kom til ráðherra 12. nóvember 1986 og til umræðu á Alþingi daginn eftir. Þrátt fyrir könnunarhlutverkið, sem nefndinni var einungis falið, felldi hún þunga dóma. Hún taldi „engum vafa undirorpið, að bankastjórar Útvegsbankans beri meginábyrgð á þeim áföllum, sem bankinn varð fyrir við gjaldþrot Hafskíps hf.“<sup>68</sup> Í sóknarræðu Jónatans Þórmundssonar í réttarhöldunum í maí 1990, talaði hann um „áfellisdóm“ nefndarinnar yfir bankastjórum Útvegsbankans. Á forsíðu Þjóðviljans, 13. nóvember, var þessi áfellisdómur orðaður þannig í stríðsfyrirsögn yfir þvera forsíðuna: „Bankastjórnir hengdir.“

Nefndin tók upp kenningarnar um „tvöfalda skýrslugerð“ Hafskípsmanna, sem settar voru fram í skiptaréttinum og eyddi miklu púðri í þá hlið málsins. En einna mestu skipti, að nefndin fjallaði þannig um fyrirgreiðslu Útvegsbankans til Hafskíps, að beint lá fyrir að skilja þá umfjöllun þannig, að bankinn hefði ausið peningum í fyrirtækið í tíð starfandi bankastjóra svo hundruðum milljóna skipti. Óhætt er að fullyrða, að í skýrslunni var erfitt eða ókleift að finna þær upplýsingar, að strax haustið 1984 hafi bankastjórnir gripist til ráðstafana „og stöðvudu alla afgreiðslu lána, að því undanskildu, að tvö lán voru veitt snemma árs 1985 vegna hlutafjáraukningar“ eins og segir í forsendum sýknudóms Sakadóms.

Framsetning sérfræðinganevndarinnar varð til þess, að mikið var gert úr því í fjölmiðlum, að „banki þjóðarinnar“ hafi verið galopinn stjórnendum Hafskíps. Sjónvarpið vitnaði t.d. beint í skýrslu nefndarinnar og staðhæfði: „Skuldir Hafskíps jukust úr 542 milljónum árið 1983 í 870 milljónir áður en yfir lauk“<sup>69</sup>. Segja má, að öll umræða um fyrirgreiðslu bankans í fjölmiðlum og á Alþingi hafi tekið mið af þessari framsetningu nefndarinnar. Það álit hennar, sem hún gerði mikið úr, að rétt hefði verið að víkja starfandi bankastjórum frá meðan mál þeirra væru rannsökuð, verður að setja í það samhengi, að hún hafi talið fyrirgreiðslu starfandi bankastjóra óhæfilega eða sagnæma.

Skipun sambærilegrar nefndar og sérfræðinganevndar Jóns Þorsteinssonar o.fl. á sér ekki fordæmi í íslenskri réttarsögu. Vinnubrögð hennar og rannsóknaraðferðir voru auk þess mjög sérstæðar. Álit nefndarinnar um starfandi bankastjóra, sem var í grundvallaratriðum rangt, eins og síðar kom fram í forsendum Sakadóms Reykjavíkur, hafði á hinn bóginn vafalítið áhrif á stórryta dóma alþingismanna um störf og hæfi þeirra og almenningsálitið um Útvegsbankann. Bankastjórnir svöruðu skýrslu nefndarinnar í ítarlegri greinargerð hinn 4. desember 1986. Hún var birt í heild í Morgunblaðinu 17. janúar 1987, eins og síðar verður að vikið.

Líklegt er, að álit nefndarinnar hafi haft úrslitaáhrif á, að stjórnendur bankans voru ákærðir í tvígang. Segja má, að skýrsla hennar hafi verið eins konar undanfari ákæru og uppistaða í sóknarræðu Jónatans Þórmundssonar, sem að talsverðu leyti gekk út á að lesa upp úr henni „áfellisdóma“ um stjórnendur Útvegsbankans, en um nefndina er fjallað ítarlegar síðar í þessari samantekt.

#### **4) Frumrannsókn Útvegsbankapáttar á villigötum.**

Borgarfógetarnir, Ragnar H. Hall og Markús Sigurbjörnsson, voru skiptastjórar í þrotabúi Hafskíps. Þeir hófu frumrannsókn á málum, sem tengdust gjaldþroti félagsins. Í kjölfar þess skrifuðu þeir þáverandi ríkissaksóknara, Þórði Björnssyni, bréf hinn 7. maí 1986. Hann framsendi það rannsóknarlögreglu ríkisins. Í bréfinu er greint frá „mörgum atvikum, sem vekja grun um að forráðamenn og starfsmenn Hafskíps h.f. svo og starfsmenn Útvegsbanka Íslands hafi gerst sekir um stórfellt misferli samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19, 1940.“

Þórður Björnsson, ríkissaksóknari, fór fram á opinbera rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins á málinu í samræmi við þessa skýrslu. Athyglisvert er, að hann taldi meðal rannsóknarverkefna, hvort í gangi hafi verið „tvöföld skýrslugerð“ hjá Hafskípi og hvort að í kjölfar þeirra gagna, hafi „bankinn veitt Hafskípi hf. umtalsverða lánafyrirgreiðslu“. Þá segir einnig, að „niðurstaða ársins 1984 og rekstraráætlanir fyrir árið 1985 virðast síðan hafa verið hagnýttar til að styðja tilmæli félagsins til Útvegsbanka Íslands um áframhaldandi fyrirgreiðslu, sem orðið hafi verið við.“

Ríkissaksóknari vísaði í skýrslu borgarféagetanna, sem var byggð á athugun endurskoðandans, Valdimars Guðnasonar. Hann rannsakaði reikningsskil o.fl. frá Hafskipi fyrir þrotabúið. Það hlýtur að vekja athygli, að í raun urðu þessar niðurstöður Valdimars til þess að setja spurningarmerki við staðfestingu Helga Magnússonar, löggilts endurskoðanda Hafskips hf., á reikningsskilum og pappírurum frá félaginu. Það vekur einnig athygli í því sambandi, að Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi og dósent við Háskóla Íslands svo og Atli Hauksson, löggiltur endurskoðandi, veittu Jónatani Þórmundssyni umsögn um þessa rannsókn Valdimars Guðnasonar áður en Jónatan gaf út ákæru sína.

Þessi niðurstaða í bréfi borgarféagetanna, frá 7. maí 1986, til ríkissaksóknara um blekkingar og „tvöfalda skýrslugerð“ forráðamanna Hafskips, dró mikinn dilk á eftir sér. Hún varð veigamikil ástæða fyrir ákærum á hendur stjórnendum Hafskips um, að þeir hafi vísvitandi blekkst bankastjórn Útvegsbankans með villandi upplýsingum um afkomu og fjárhag félagsins og jafnvel blekkst eigin hluthafa. Jafnframt urðu þessi ummæli líklega upphafið að þeirri kenningu sérfræðinganevndarinnar, að ársreikningar og milliuppgjör Hafskips hafi verið villandi og röng. En þótt svo hafi verið, hefði það ekki átt „að afvegaleiða notanda.“<sup>10</sup> eins og segir í álitni nefndarinnar. Bankastjórnin hefði átt að fletta ofan af þessum villandi uppgjörum með „sjálfstæðum athugunum“ og ekki gera sér að góðu, að ársreikningar og milliuppgjör félagsins voru undirrituð af löggiltum endurskoðanda. Afdrifaríkara var þó, að hluti ákæra tveggja ríkissaksóknara, Hallvarðs Einvarðssonar og Jónatans Þórmundssonar, byggðist á þessum forsendum. Í ákæru hins fyrrnefnda voru stjórnendur Útvegsbankans sakaðir um „að hafa ekki hlutast til um úttekt á ársreikningum Hafskips hf. árin 1982, 1983 og 1984...“ en í ákæru hins síðarnefnda voru bankastjórnarnir sakaðir um „að gera ekki sjálfstæðar athuganir á raunverulegri afkomu félagsins.“

Þessar kenningar höfðu í för með sér, að mikil áhersla í rannsókn Útvegsbankaþáttar Hafskips málsins var lögð á að fá stjórnendur bankans til þess að játa þau meintu brot sín að treysta ársreikningum og milliuppgjörum, sem staðfest voru af löggiltum endurskoðanda félagsins. Það kom því ekki nægilega vel í ljós fyrr en við réttarhöld Sakadóms, að engin slík „umtalsverð fyrirgreiðsla“ var veitt á starfstíma ákærðra bankastjóra og þar með var ekkert tilefni til ákæru. Þessar upplýsingar lágu fyrir og auðvelt var að sannreyna þær, ef menn hefðu beint rannsókninni að því meginatriði eða kunnad að lesa í fyrirliggjandi upplýsingar, t.d. bréf frá bankastjórninni til ríkissaksóknara, Hallvarðs Einvarðssonar, skömmu áður en hann gaf út ákæru sína<sup>11</sup>. Ákærum á hendur stjórnendum Hafskips um blekkingar með „tvöfaldri skýrslugerð“ lauk auk heldur þannig, að þeir voru sýknaðir bæði í Sakadómi Reykjavíkur og Hæstarétti um hegningalagabrot í því efni.

Þá er vert að vekja athygli á öðru atriði í skýrslu borgarféagetanna til ríkissaksóknara. Þar segir orðrétt um ávirðingar starfsmanna Útvegsbankans: „Ástæða er til að ætla, að vinnubrögð, sem starfsmenn bankans viðhöfðu við eftirlit með verðgildi trygginga hans, hafi með engu móti samrýmst þeirri opinberu starfsskyldu þeirra að gæta hagsmuna bankastofnunar í eigu ríkisins, enda næsta víst, að með óverulegri fyrirhöfn hefði mátt afla upplýsinga um verðgildi umræddra skipa erlendis, sem stangast hefði mjög á við þær upplýsingar, sem forráðamenn Hafskips h.f. létu þeim í té. Rannsaka þarf ætlað brot starfsmanna Útvegsbankans gegn XIV. kafla hegningarlaganna hér að lútandi.“

Sérstakur ríkissaksóknari ákærði einnig stjórnendur bankans fyrir þetta meinta brot, þ.e. vanrækslu um eftirlit með því, að verðmæti trygginga héldist. Þessari illskiljanlegu ákæru er svarað beint í rökstuðningi Sakadóms Reykjavíkur fyrir sýknudómnum. Þar segir svo:

*„Dómnum þykir einsýnt, að þegar lánað hefur verið út á tiltekin veð, geti þeir, sem veittu lánið engu ráðið um það hvort frekari trygging verði sett, ef veðið rýrnar... verður því ekki séð, að hinir ákærðu bankastjórnar hafi vanrækt eftirlit með því að tryggingar héldu verðgildi sínu...“*

Þessi rannsókn á vegum skiptaréttar Hafskips var á villigötum að því er varðaði Útvegsbankaþátt málsins, eins og að framan er lýst. Hún hafði víðtæk áhrif í þá átt að beina rannsókninni á rangar brautir. Eðlilegt getur talist, að rannsókn beindist að því, hvort grunaðir stjórnendur Hafskips hefðu ástundað „tvöfalda skýrslugerð“ í blekkingarskyni. Á hinn bóginn hlaut að vera augljóst, að það gat ekki talist saknæm háttsemi af bankastjórunum, að treysta reikningsskilum og upplýsingum félagsins, sem voru staðfestar með undirskrift löggilts endurskoðanda.



## 5) Málsmeðferð ábótavant, reglur og lög brotin.

Málsmeðferð í Útvegsbankaþættinum var að öðru leyti á margan hátt afar ábótavant. Stjórnendum bankans var t.d. aldrei gefinn kostur á að andmæla áfellingisdómum í áliti sérfræðinganevndarinnar, áður en skýrsla nefndarinnar var gefin út. Þeir gerðu síðar alvarlegar athugasemdir á 60 blaðsíðum við skýrsluna. Morgunblaðið kallaði þær athugasemdir í leiðara „Málsvörn Útvegsbankans“,<sup>12</sup> en þær voru ekki ræddar á Alþingi og bankastjórnunum, sem voru opinberir starfsmenn, var aldrei gefinn kostur á „að tala máli sínu“<sup>13</sup> áður en skýrslan var gefin út, sem verður að telja, að hafi verið skylt skv. þá óskráðri reglu um stjórnarsýslurétt, sbr. 11. gr. laga nr. 38 frá 1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. nú 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í athugasemdum bankastjóranna, sem þeir gerðu eftir að skýrslan birtist í desember 1986, kom fram að hún væri eins og það var orðað „því miður á margan hátt byggð á misskilningi og ályktanir, sem þar eru dregnar, mótsagnakenndar, villandi og sumpart rangar.“<sup>14</sup> Sem dæmi má taka afar afdrifaríkar villandi upplýsingar í skýrslunni. Töflur um aukningu útlána til Hafskips í krónutölu eru settar þannig fram, að auðvelt er að skilja þær, eins og kom fram í fréttum og umræðum um skýrsluna, að útlán hafi stóraukist til félagsins í tíð starfandi bankastjóra. Staðreyndin var sú, að þau jukust ekki í raun nema sem svaraði aukningu hlutafjárins, eins og kom fram í forsendum sýknudóms Sakadóms. Bankastjórar Útvegsbankans vissu ekki hvaða gögn sérfræðinganevndin hafði undir höndum og fengu aldrei tækifæri til þess að tjá sig um þau. Líklegt verður að teljast, að það hefði skipt sköpum í því, sem á eftir fór, ef Alþingi eða stjórnvöld hefðu fylgt fyrrgreindri meginreglu stjórnarsýsluréttar um andmælarétt, sem allir opinberir starfsmenn, sem ásakaðir eru fyrir vanrækslu eða ávirðingar í störfum, eiga skýlausan rétt á.

Hið sama gerðist raunar varðandi aðra skýrslu, sem löggiltur endurskoðandi bankans lét frá sér fara dagsetta 5. nóvember 1986 og hann nefndi „Endurskoðunarskýrslu um Útvegsbanka Íslands“. Hann tók sjálfur fram, að sú skýrsla væri gerð vegna breytinga á lögum um viðskiptabanka en fjallaði alls ekki um Hafskipsmálið. Á hinn bóginn sendi forstöðumaður bankaftirlitsins, Þórður Ólafsson, skýrsluna til sérstaks ríkissaksóknara og reyndi með þeirri háttsemi að hafa áhrif á, að stjórnendur bankans yrðu ákærðir. Ítarlegum athugasemdum bankastjórnarinnar við skýrsluna, sem forstöðumaðurinn hafði í förum sínum, kom hann ekki á framfæri við rannsóknarlögreglu eða þennan sama ríkissaksóknara á sama tíma. Það var ekki fyrr en sérstakur ríkissaksóknari hafði ákært og málið var komið fyrir dóm, að athugasemdir bankastjóranna komu fram. Það gerðist fyrst eftir að ríkissaksóknari óskaði bréflaga eftir þessum athugasemdum. Réttur bankastjóranna til að tala máli sínu var því einnig þverbrotinn, að því er þessa skýrslu varðaði.

Lög og reglur voru sannarlega brotnar við málsmeðferð gegn stjórnendum Útvegsbankans. Andmælaréttur þeirra var hvað eftir annað að engu hafður, en andmæli þeirra á frumstigi hefðu getað beint athugun og rannsókn málsins á þær brautir, sem síðar gerðist, þegar málið kom fyrir Sakadóm. Vandséð er, að með slíkri málsmeðferð hefði yfirleitt nokkru sinni komið til þess, að stjórnendur bankans hefðu verið ákærðir.

## 6) Dómarar á Alþingi og í fjölmiðlum.

Á rannsóknarstigi Hafskipsmálsins voru dómar felldir nánast daglega um langa hríð af alþingismönnum og fjölmiðlamönnum gagnvart stjórnendum Hafskips og Útvegsbankans. Auk þess að samþykkja sérstaka löggjöf um sérfræðinganevnd Jóns Þorsteinssonar o.fl., kom Alþingi oft á beinan hátt að Hafskipsmálinu. Málið var þar til umræðu, a.m.k. 9 sinnum á rúmu ári, undir ýmsum dagskrárliðum. Í þeim umræðum voru haldnar yfir 100 ræður og flestar langar. Umræðurnar voru afar harðar og málflutningur þingmanna oft byggður á hreinum getgátum. Í umræðunum kom fram eins og rauður þráður, að einhverjir hlytu að bera ábyrgð á þessu bankaslysi. Þingmenn settust hver eftir annan í dómarasæti gagnvart stjórnendum Hafskips og Útvegsbankans. Dóma þeirra um fádæma vanrækslu og vanhæfi bankaráðs og bankastjóra Útvegsbankans, þar sem hvað eftir annað var krafist brottrekstrar þeirra, er að finna í Alþingistíðindum. Ýmis ummæli í þessum umræðum hljóta að vera viðkomandi þingmönnum umhugsunarefni í ljósi sýknudóms Sakadóms Reykjavíkur, en kunnugt er, að þingmenn eru í störfum sínum fyrst og fremst bundnir af stjórnarskránni og samvisku sinni.

Fjölmiðlar fóru hamförum og gengu vægast sagt ósæmilega langt í gagnrýni sinni á stjórnendum Hafskips og Útvegsbankans án þess að geta byggt á haldbærum heimildum og settu málið oftast fram í sögusagnastíl. Helgarpósturinn reið á vaðið með grein sinni, sem hann nefndi: „Er Hafskip að sökkva?“. Greinin birtist 6. júní 1985, daginn fyrir aðalfund Hafskips fyrir árið 1984. Helgarpósturinn hélt með sínu lagi forystu í fjöl-

miðlafárinu þar til yfir lauk, en á hæla hans fylgdu Þjóðviljinn, Alþýðublaðið, Sjórnvarpið og fleiri fjölmiðlar. Morgunblaðið hélt í flestu fast við ábyrgar fréttafrásagnir af málinu, sbr. umsögn í Reykjavíkurbréfi 8. júlí 1990 eftir uppkvaðningu dóms Sakadóms Reykjavíkur.

Fjölmiðlar ásamt mörgum þingmönnum kynntu undir þá mógsefjun, sem gegnsýrði þjóðfélagið svo árum skipti vegna Hafskips/Útvegsbankamálsins svo líkja má við það, sem gerðist í Geirfinnsmálinu. Það er lýsandi dæmi um ástandið í þessum efnun, að fyrstu fréttir, sem bankastjórar Útvegsbankans fengu af ákæru Hallvarðs Einvarðssonar, voru hróp blaðasala, sem voru að selja Helgarpóstinn á Lækjartorgi 9. apríl 1987; „Bankastjórar Útvegsbankans ákærðir!“ Í ljós kom svo að myndir voru birtar á forsiðu af þeim bankastjórum, sem ákærðir voru og fjallað um efni ákærunnar efnislega í blaðinu. Ekkert heyrðist í yfirvöldum vegna þessa mannréttindabrots.

Hin illskeytta umræða á Alþingi og í fjölmiðlum á árinu 1985 áður en Hafskip varð gjaldþrota hafði óumdeilanlega þau áhrif, að hún rýrði traust félagsins bæði innanlands og utan, gerði forystumönnum þess nánast ókleift að stjórna því með eðlilegum hætti, jók á tap þess og kom beinlínis í veg fyrir, að hægt var að selja fyrirtækið í rekstri, sem stjórnendur þess og Útvegsbankans voru sammála um að væru einu færri björgunaraðgerðirnar haustið 1985. Þessi neikvæða umræða hafði út af fyrir sig í för með sér tilfinnanlegt tjón fyrir bankann og fleiri kröfuhafa í bú félagsins. Auk þessa veiktu harðvítugar umræður á Alþingi bankann mjög eftir gjaldþrot Hafskips. Alþingismenn, sem sumir hverjir nefndu sig „eigendur“ bankans fyrir hönd almennings í landinu, urðu þess valdandi, að sparifjareigendur vantroystu bankanum. Innlán í hann drógust mjög saman í kjölfarið og í raun kom þessi neikvæða umræða í veg fyrir, að bankastjórnarnir gætu stjórnað Útvegsbankanum sem trúverðugri fjármálastofnun. Það má því með sannri segja, að þar hjuggu þeir, sem hlífa skyldu.

Sleggjudómar fjölmiðla og alþingismanna á rannsóknarstigi Hafskipsmálsins höfðu ótvírætt jafnvel úrslitaáhrif á, að um málið skapaðist ótrúleg mógsefjun í þjóðfélaginu og það fór í þann óheillafarveg, sem raun bar vitni.

## 7) Sérstæður þáttur og atbeini bankaeftirlitsins.

Þáttur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands var mjög sérstæður í málinu. Það gerði hvorki heildarúttekt á málefnum Útvegsbankans né viðskiptum hans við Hafskip frá árinu 1978 þar til á síðari hluta árs 1985. Á því ári sendi það þrjár svartar skýrslur um taphættu bankans til bankaráðs og viðskiptaráðherra. Á sama tíma stóðu yfir tilraunir til þess að selja félagið í rekstri. Niðurstöður þessara skýrslna láku út og auðvelduðu að sjálfsögðu ekki þá viðleitni. Í mótsögn við þessar staðreyndir hélt sérstakur saksóknari, Jónatan Þórmundsson, því fram, að bankastjórnarnir hefðu sýnt af sér stórfellda og samfellda vanrækslu í starfi, „þrátt fyrir siendurteknar aðvaranir bankaeftirlitsins“.

Háttsemi forstöðumanns bankaeftirlitsins, Þórðar Ólafssonar, var ennfremur kapituli út af fyrir sig. Hann gerði augljósa tilraun til þess að hafa áhrif á starf sérstaks ríkissaksóknara þannig, að hann ákærði starfandi bankastjóra á ný, eftir að Hallvarður Einvarðsson var dæmdur vanhæfur. Í því skyni notaði hann skýrslu endurskoðanda bankans, Inga R. Jóhannssonar, eins og áður hefur komið fram. Sú skýrsla kom Hafskips-



Forsiða Helgarpóstsins 9. apríl 1987. Birtar voru myndir af ákærðum bankastjórum Útvegsbankans á forsiðunni og fjallað ítarlega um ákæru Hallvarðs Einvarðssonar í blaðinu. Ákæru höfðu ekki verið birtar viðkomandi og starfandi bankastjórar heyrðu fyrst í hrópum blaðasala á Lækjartorgi, að þeir hefðu verið ákærðir. Ekkert heyrðist frá dómsmálayfirvöldum í landinu vegna þessa "leka" og grófs mannréttindabrots. Ákæran var gefin út tveimur dögum eftir stofnun hlutafélagsbanka, sem tók við af Útvegsbankanum og nýtt bankaráð stóð frammi fyrir því að taka afstöðu til endurráðningar bankastjóranna í samræmi við stefnu Matthíasar Bjarnasonar, sem fór þá með bankamál í ríkisstjórninni.



málinu ekkert við, eins og síðar sannaðist við réttarhöldin. Þórður Ólafsson túlkaði þessa skýrslu og alhæfði í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Í skýrslunni er fjallað um skipulag og eftirlit í bankanum mörg ár aftur í tímann og önnur erfið útlánamál en lán til Hafskips. Þórður Ólafsson sagði í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni fjórum dögum áður en sérstakur ríkissaksóknari gaf út ákæru sína: „Það skipulags og eftirlitsleysi... sem getið er um í skýrslu Inga R. Jóhannssonar er án nokkurs vafa ein af meginástæðunum fyrir þróun viðskipta bankans við Hafskip hf, sem síðar leiddi til gjaldþrots Hafskips og endurreisnar bankans.“<sup>15</sup> Forstöðumaðurinn lét hins vegar undir höfuð leggjast að koma andsvörum bankastjóranna við skýrslunni til rannsóknaraðila á sama tíma, sem er beinlínis brot á reglugerð um bankaeftirlitið og á augljóslega ekki að eiga sér stað af hálfu slíks eftirlitsaðila. Að líkindum hefur bankastjórn Seðlabankans, sem bar ábyrgð á bankaeftirlitinu, ekki haft vitneskju um þessa háttsemi forstöðumannsins á sínum tíma. Ef svo hefur verið, hefur hann að auki farið á bak við þá, sem báru í raun ábyrgð á þessu alvarlega háttarlagi.

Forstöðumaðurinn lauk síðan afskiptum sínum af Útvegsbankaþætti Hafskipsmálsins með því að víta nánast, f.h. bankaeftirlitsins, bankaráð Útvegsbankans fyrir að lýsa trausti á bankastjórana<sup>16</sup> eftir birtingu ákæru ríkissaksóknara á hendur þeim og fallast ekki á afsögn þeirra.

### 8) Hatröm flokkspólitík.

Flokkspólitík setti fljótt mark sitt á Hafskips/Útvegsbankamálið og kom því í einstaklega hatraman persónulegan farveg svo vonandi finnast fá dæmi um slíkt í sögu þjóðarinnar í framtíðinni. Það er hárrétt, sem kom fram í umræðum á Alþingi 12. desember 1985, hjá Ólafi P. Þórðarsyni alþingismanni, þegar hann sagði orðrétt: „Ég vil vekja athygli á því, að málflutningur Alþýðubandalagsins undir forystu Ólafs Ragnars Grímssonar í þessu máli hefur verið á þann veg, að búið væri að sanna það af fjöldanum, að Albert Guðmundsson, hæstvirtur iðnaðarráðherra væri sekur.“ Við einstaklega hatramar árásir á Albert var þó ekki látið sitja. Ólafur Ragnar Grímsson, sem þá var varaþingmaður Alþýðubandalagsins, sagði m.a. við útvarpsumræðu á Alþingi 12. desember 1985: „Hafskipsmálið er sagan um blómann úr forystusveit Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og víðar um land, ráðherra, þingmenn, bankastjóra, formenn flokksfélaga, framkvæmdastjóra flokksins og forystumenn kjördæmasambanda, sem allir tóku höndum saman innan vébanda Hafskips.“ Svavar Gestsson, þingmaður Alþýðubandalagsins, sagði í grein í Þjóðviljanum 18. nóvember 1986, sem hann nefndi: „Martröð, sem kostar þjóðina milljarða króna. Niðurstaða: Þegar allt um þrýtur á bankinn veð í hinu sterka afli. Og hvert er hið sterka afl? Það eru bankaráðsmenn Sjálfstæðisflokksins, ráðherrarnir Sjálfstæðisflokksins, bankastjórn Sjálfstæðisflokksins, fjölmiðlar Sjálfstæðisflokksins í heild.“ Allir fyrrnefndir menn voru sakaðir um misnotkun á valdi sínu í því skyni að þjóna sérhagsmunum eða flokkspólitískum hagsmunum.

Auðvitað hefur tíminn leitt í ljós hversu ábyrgðarlaus þessi málflutningur var. Líklega er honum best lýst með orðum Halldórs Guðmundssonar, sem kenndur hefur verið við auglýsingafyrirtækið Hvíta húsið og verður ekki sakaður um sérstaka þjónkun við Sjálfstæðisflokkinn. Hann lét hafa eftir sér í viðtali við Morgunblaðið 23. maí 1999: „Þessi pólitísku ómerkilegheit veturinn 1985/86 verkuðu á mig eins og lost og það má segja, að ég hafi lamast í pólitískum skilningi. Mér var gjörsamlega óskiljanlegt hversu langt var seilst til að koma höggi á pólitíska andstæðinga og reyndar líka samherja eins og Guðmund Jaka. Síðar þegar öllum var ljóst, að Ólafur Ragnar og Svavar höfðu farið offari, bitu þeir höfuðið af skömminni með því að koma á flot þeirri samsæriskenningu, að ákveðin öfl innan Sjálfstæðisflokksins og Eimskip hefðu skipulagt atlöguna!“

### 9) Milljarður í „Hafskipsskatt.“

Ólafur Ragnar Grímsson átti frumkvæðið að því að búa til ótrúlega ófreskju úr Hafskipsmálinu og þætti Útvegsbankans í því. Hann hóf umræðu á Alþingi utan dagskrár 10. desember 1985 orðrétt þannig: „Hr. forseti,



Í grein í Þjóðviljanum, sem ber ofangreinda fyrrsögn, skrifaði Svavar Gestsson, alþingismaður, um niðurstöður sérfræðinganefndar Jóns Þorsteinssonar o.fl. Honum sem öðrum alþingismönnum kom ekki til hugar að leita álits á skýrslunni hjá opinberum starfsmönnum, bankastjórnunum, sem stjórnðu „banka í eigu þjóðarinnar“ í umboði þingkjörins bankaráðs. Fyrrsögnin sýnir glögggt öfgarnar í umræðunni.

*Hafskipsmálið er stærsta gjaldþrotamál í sögu íslenska lýðveldisins. Fjölmarginir forustumenn Sjálfstæðisflokksins, stærsta flokks þjóðarinnar, ráðherrar, þingmenn, formenn stórra flokksfélaga, fyrrv. framkvæmdastjórar flokksins og formenn kjördæmissambanda eru flæktir í málið á margvíslegan hátt. Annar stærsti banki þjóðarinnar, eign almennings í landinu, tapar hundruðum milljóna kr. sem lagðar verða á fólkíð í landinu í formi skattlagningar, og það sem meira er, að framtíð bankans virðist í stórfelldri hættu. Fólkíð í landinu verður eftir þeim upplýsingum sem þegar hafa fram komið, látið reiða fram sérstakan skatt, Hafskipsskatt, sem gæti numið 10 þús. kr. á hverja fjölskyldu í landinu. Ég mun hins vegar hér á eftir leiða rök að því að staða Útvegsbankans sé í reynd enn verri en fram hefur komið nú þegar, þannig að ætti almenningur í landinu að reiða fram allt það fjármagn sem þyrfti til að styrkja stöðu bankans á ný, myndi þessi Hafskipsskattur á hverja fjölskyldu í landinu þurfa að nema um 20 þúsund krónum.“*

Í þessari frægu ræðu bjó þingmaðurinn til þá kenningu, að milljarð króna þyrfti að leggja til bankans frá almenningi. Margir þingmenn tóku undir þessi stóryrði og einn þeirra nefndi raunar milljarða. Þessi milljarðstala varð lífseig og birtist í mörgum myndum. Í blaði, sem heitir Nordisk Kontakt og flutti fréttir af ýmsum norrænum atburðum, var þannig sagt frá umræðunni um skýrslu sérfræðinganevndarinnar: „En miljard tabt, Stor debatt i Alltinget om granskingskommisjonens rapport om forholdet mellom Fiskeribanken og Hafskip.“<sup>17</sup> Jónatan Þórmundsson hélt því fram í sóknarræðu sinni í maí 1990, að svo stórfellt væri tjón bankans vegna gjaldþrots Hafskips hf., að „bankinn hefði tapað öllu eigin fé sínu“. Svo heilög var fyrrnefnd milljarðstala orðin í umræðunni, að hann sagði, að ríkisendurskoðun teldi tap bankans 380 milljónir, en það samsvaraði einum milljarði að núvirði! Þetta er þeim mun athyglisverðara fyrir þá sök, að þessi núvirðisreikningur var alls ekki réttur. Kannski hefur þingmönnum og fjölmiðlum verið nokkur vorkunn í þessu efni í hita leiksins, því sjálft bankaefirtirlit Seðlabankans gaf viðskiptaráðherra þær upplýsingar í nóvember 1986, að tjón bankans myndi nema 600 milljónum króna, sem ráðherrann vitnaði svo til í þingræðu.<sup>18</sup>



Ólafur Ragnar Grímsson, varaþingmaður Alþýðubandalagsins, í utandagskrárumræðu um Hafskipsmálið á Alþingi í desember 1985.

Þessi kenning Ólafs Ragnars um Hafskipsskattinn var auðvitað pólitísk sápukúla. Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra sagði um þennan málflutning í umræðum á Alþingi<sup>19</sup>: „Því hefur verið haldið fram í þessum umræðum og umræðum síðustu daga um þetta efni, að gjaldþrot Hafskips kalli á nýja skattlagningu. Þetta er rangt. Það verða engir skattar lagðir á af þessum sökum. Við höfum mætt margs konar erfiðleikum í þjóðarbúskapnum. Fjárfestingarlánasjóðir hafa verið að tapa miklu fjármagni. Togarar hafa verið seldir á uppboði og fjárfestingarsjóðir hafa tapað hundruðum milljóna kr. Það talar enginn um pólitíska spillingu í þeim efnum og það talar enginn um sjóða eða togaraskattlagningu af þeim sökum“.

### **10) Beint tap bankans um það bil 250 milljónir króna.**

Niðurstaðan varð sú, þegar úthlutað hafði verið til kröfuhafa úr þrotabúi Hafskips, að tap bankans nam um það bil fjórðungi af Hafskipsmilljarðinum eða nálægt 250 m. kr. á verðlagi ársins 1985, þegar fyrirtækið varð gjaldþrota. Útvegsbankinn gerði kröfur í þrotabúið sem námu 835 m. kr. en fékk úthlutað af höfuðstóli 584,5 m. kr. auk verulegra vaxta. Ein meginskýringin á miklum endurgreiðslum til bankans og annarra kröfuhafa var sú, að á lokasprettinum tókst bankastjórninni að semja við Eimskip um að félagið gerði bindandi tilboð til þrotabúsins í mikinn hluta eigna Hafskips. Eignir búsins urðu alls um 720 m. kr. að höfuðstóli auk 240 m. kr. vaxtatekna. Fyrrnefndur samningur stuðlaði mjög að því að auka andvirði eigna búsins. Gestur Jónsson

hrl. sagði um þessa sölu, sem alfarið var til komin vegna atbeina stjórnenda Útvegsbankans: „*Meginhluti eigna Hafskips var seldur sem heild til Eimskipafélags Íslands eftir gjaldþrotið... og frá sjónarhóli þrotabúsins væri ekki vafi á því að um góða sölu hafi verið að ræða...*“<sup>20</sup>

### **11) Tap bankans hverfandi, ef tekist hefði að selja Hafskip hf. í rekstri.**

Líklegt er, að Útvegsbankinn hefði orðið fyrir litlu sem engu tjóni, ef tekist hefði að selja Hafskip í rekstri og koma fjármunum og viðskiptasamböndum þess í eðlilegt verð. Þess má geta að haustið 1985 töldu forráðamenn Eimskips að viðskiptasamböndin væru 8 millj. bandaríkjadala virði eða 335 m. kr. á þáverandi gengi. Aðrar eignir hefðu auk þess selst á mun hærra verði á meðan félagið var í rekstri en eftir gjaldþrotið. Óhætt er að fullyrða, að umræða fjölmiðla, alþingismanna, umfjöllun bankaeftirlitsins og fleiri, torveldaði þetta og kom jafnvel í veg fyrir, að sú viðleitni stjórnenda Útvegsbankans og Hafskips að selja þessar eignir áður en til gjaldþrots kom, bæri árangur. Við gjaldþrotið rýrnaði verðgildi eignanna mikið, eins og gefur að skilja. Þetta sýnir á hvers konar villigötum menn voru í allri umfjöllun um þetta mál og ekki síst um Útvegsbankaþátt þess.

### **12) Var Hafskip í raun gjaldþrota?**

Margir hafa velt því fyrir sér hvort Hafskip hafi í raun verið gjaldþrota. Á það er að líta, hvernig fjármálum fyrirtækisins var komið í desember 1985. Félagið hafði sannarlega tapað a.m.k. 100 m. kr. árið 1984 á verðlagi þess árs, eigið féð var neikvætt og fallandi verð var á skipum þess, sem voru fremur gömul. Á árinu 1985 var hlutaféð aukið um 80 m. kr. en sú fjárhæð og gott betur tapaðist á 4 mánuðum. Í heild tapaði félagið a.m.k. 200 m. kr. á 8 mánuðum ársins 1985 og er þá ekki tekið tillit til þeirrar gagnrýni á reikninga félagsins, sem komu fram í málaferlunum, þar sem því var haldið fram, að tapið hafi verið mun meira í raun. Áform voru ekki til staðar um aukið hlutafé og eignir voru meira en fullveðsettar. Rekstraráætlanir félagsins næstu misseri, eftir endurskoðun starfsmanna hagdeildar Útvegsbankans, gáfu ekki tilefni til annars en taprekstrar. Hvaðan átti félaginu að koma fjármagn til áframhaldandi rekstrar? Þetta eru staðreyndir málsins. Á það verður þó að leggja áherslu, að ástæður þessa mikla taprekstrar á örskömmum tíma og ört versnandi efnahags félagsins voru stjórnendum þess á margan hátt óviðráðanlegar, eins og hér kemur víða fram og er rökstutt.

Hvers vegna voru stjórnendur Útvegsbankans ákærðir? Sú spurning hlýtur að vakna, þegar hafðar eru í huga forsendur Sakadóms Reykjavíkur fyrir sýknu þeirra og ýmsar fyrrnefndar staðreyndir málsins.

Sérstaklega verður að geta þess í því sambandi, sem er grundvallaratriði, að ríkissaksóknarinn, Hallvarður Einvarðsson, hafði bréflaga óskað eftir upplýsingum um fyrirgreiðslu til Hafskips miðað við 30. ágúst 1984, 31. janúar 1985 og 30. nóvember 1985. Þessari fyrirspurn svaraði bankastjórn Útvegsbankans með bréfi og fylgigögnum 23. mars 1987 þar sem niðurstaðan er þessi:

„Á þessu tímabili var fyrirtækinu veitt lán að upphæð um 79 millj. króna vegna hlutafjárútkningar. Að öðru leyti skýrist hækkun beinna útlána til félagsins fyrst og fremst af gengisbreytingum, skuldbreytingum vaxta og greiddum ábyrgðum, sem féllu á bankann...“<sup>21</sup>.

Ríkissaksóknari þurfti því ekki að byggja á misvísandi skýrslu sérfræðinganeftardarinnar um fyrirgreiðslu til Hafskips, þegar hann tók ákvörðun sína. Samt ákærði hann bankastjórana með fyrrgreindum afleiðingum tveimur vikum eftir að hann fékk þessar upplýsingar, menn, sem honum hefði þá átt að vera fullvel ljóst, að voru á þessum tíma að vinna „*björgunarstarf í þágu bankans og félagsins*“, eins og háttsemi þeirra var lýst í rökstuðningi sýknudómsins.

Hvers vegna voru stjórnendur Útvegsbankans ákærðir í Hafskipsmálinu? Auðvitað skiptir svar við þeirri spurningunni ekki miklu fyrir þá, sem voru saklausir dæmdir til brottvísunar úr starfi og eins konar útlegðar í samfélaginu í mörg ár. En spurningin er mikilvæg engu að síður vegna umræðna um hugmyndir manna almennt um íslenskt réttarfar.

Rétt er að hafa eftirfarandi í huga, ef svara á spurningunni:

- 1) Enginn opinber starfsmaður í ábyrgðarmiklum stjórnunarstörfum hafði áður verið ákærður fyrir saknæma háttsemi vegna taps opinberra sjóða eða ríkisbanka á margfalt meiri fjármunum.

- 2) Enginn opinber starfsmaður í ábyrgðarmiklu stjórnunarstarfi hafði áður verið sakaður um brot á hegningarlögum og langvarandi vanrækslu og hirðuleysi í starfi, fyrir að taka mark á reikningsskilum hlutfélags, sem löggiltur endurskoðandi hafði staðfest með undirskrift sinni.
- 3) Enginn opinber starfsmaður í ábyrgðarmiklu stjórnunarstarfi hafði áður þurft að þola ákæru, sem þýddi tafarlaus brottvísun úr starfi og þar með þunga refsingu án þess að sekt eða sakleysi hans væri sannað. Enginn starfsmaður hins opinbera hafði þurft að þola, að réttarreglan „enginn er sekur fyrir en sekt er sönnuð“ væri látin lönd og leið.
- 4) Enginn opinber starfsmaður í ábyrgðarmiklu stjórnunarstarfi, sem hafði látið ríkissaksóknara í té umbeðnar upplýsingar, sem hefðu átt að skipta sköpum um ákvörðun hans, hafði þurft að sæta því, að þær upplýsingar væri hafðar að engu.

Í gögnum málsins kom skýrt fram, að starfandi bankastjórar höfðu á stuttum starfstíma sínum ekki aukið bein útlán til Hafskips eða veitt umtalsverða lánaþingreiðslu til félagsins nema vegna hlutafjárútkningarinnar. Slík þingreiðsla var ekki veitt, hvorki á grundvelli tvöfaldrar skýrslugerðar eða annarra gagna. Tryggingar bankans fyrir skuldbindingum Hafskips jukust á starfstíma þeirra, ef eitthvað var. Þeir tóku veð í skuldaþréfum hluthafa fyrir þeim lánum, sem veitt voru vegna hlutafjárútkningar og tóku áður en yfir lauk „veð í velflestum eignum félagsins“ eins og segir í forsendum Sakadóms.

Hvers vegna voru þá stjórnendur Útvegsbankans ákærðir í Hafskipsmálinu? Ef þær staðreyndir eru hafðar í huga, sem að framan greinir, liggur svarið ekki í augum uppi, a.m.k ekki fyrir þá, sem eru fáfróðir í lögum, nema múgsefjun eða múgæsing hafi haft áhrif á ákærvaldið. Engin efni eru til að taka afstöðu til slíkra ásakana í þessari umfjöllun. Á hinn bóginn lýsir það auðvitað ekki mikilli þekkingu á eðli bankastarfsemi, að sérstakur ríkissaksóknari ákærði stjórnendur Útvegsbankans fyrir svo orðrétt sé vitnað í ákæruskjal „að vanrækja að verðmæti trygginga héldist“, en verðmætin fólust í veðum í flutningaskipum. Kunnugt er, að veð þeirra sveiflast óviðráðanlega á heimsmarkaði. Ákvörðun hans um að gera Endurskoðunarskýrslu um Útvegsbankann, sem kom málinu ekkert við, og skýrslu sérfræðinganevndarinnar, sem hann hlaut að vita hvernig var unnin, að þungamiðju í nýrri ákæru á hendur stjórnendum Útvegsbankans, styður ekki, að fylgt hafi verið reglu um vönduð vinnubrögð ákærvaldsins í höndum hans. Hins vegar verður svarið við þeirri spurningu, hvers vegna stjórnendur Útvegsbankans voru ákærðir í Hafskipsmálinu, að liggja á milli hluta í þessari samantekt, því sá, sem hana ritar, treystir sér einfaldlega ekki til að svara henni.



## 2. Sýknudómur í júlí 1990. Björgunarmenn ákærðir.

Í forsendum sýknudóms Sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp yfir stjórnendum Útvegsbankans 5. júlí 1990, kemur skýrt og ótvírætt fram, að ákærur í tvígang á hendur þeim voru frá upphafi fráleitir og ástæðulausar með öllu. Dómurinn er merkilegur, og ef til vill einsdæmi, vegna þess að í mörgum tilfellum eru bankastjórnarnir ekki aðeins sýknaðir svo sem venja er í dómsmálum. Á það er beinlínis bent, að þeir hafi verið í störfum sínum að vernda hagsmuni bankans og viðskiptavinarins, stundað „björgunaraðgerðir“ í stað þess að sýna af sér stórfellda, ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í störfum sínum.

Um ætluð brot þeirra í opinberu starfi kom orðrétt fram í ákæru Jónatans Þórmundssonar, prófessors:

„Ákærðu Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni og Axel Kristjánssyni er gefið að sök að hafa í störfum sínum hjá Útvegsbanka Íslands gerst sekir um brot í opinberu starfi, þrír fyrstnefndu með því að hafa óhlýðnast fyrirmælum bankaráðs, en ákærði Axel fyrirmælum bankastjórnar, og allir ákærðu með stórfelldri og ítrekaðri vanrækslu og hirðuleysi að því er tók til viðskipta bankans við Hafskip h.f., m.a. með langvarandi vanrækslu um öflun fullnægjandi trygginga fyrir lánum og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu til félagsins og um eftirlit með því, að verðmæti trygginganna héldist, og ennfremur með því að vanrækja athugun þeirra gagna, sem tengdust fyrirgreiðslu Útvegsbankans í þágu Hafskips h.f., svo sem nánar verður rakið í ákærunum VIII, 2 til VIII 4, á því tímabili, er að neðan greinir um hvern hinna ákærðu, og allt til 6. desember 1985, er bú Hafskips h.f. var tekið til gjaldþrotaskipta, en þau leiddu af sér stórfellt fjártjón fyrir Útvegsbankann, sem þegar var orðið kr. 422.000.000,00 samkvæmt ársreikningi bankans 1985. Ákærði Halldór var bankastjóri frá því í maí 1983, ákærðu Lárus og Ólafur voru bankastjórar frá 1. júní 1984 og ákærði Axel var forstöðumaður lögfræðideildar og frá 1. júní 1984 aðstoðarbankastjóri, en honum var frá ársbyrjun 1978 falið að sinna sérstaklega viðskiptum Hafskips h.f. og Útvegsbankans.“

Í forsendum sýknudóms Sakadóms segir svo m.a.:

„Ákærðu vissu, að félagið var rekið með hagnaði á árunum 1982 og 1983. Um mitt sumar 1984 fengu þeir vitneskju um 6 millj. króna tap og í október s.á. var þeim ljóst, að skuldbindingar bankans vegna félagsins voru orðnar meiri en sem námu tryggingum bankans eða 17,3 milljónir. Þá þegar gripu þeir til ráðstafana og stöðvuðu alla afgreiðslu nýrra lána, að því undanskildu, að tvö lán voru veitt snemma árs 1985 vegna hlutafjáraukningar.“

Þá segir einnig í forsendum dómsins:

„Að því er tekur til hinna þriggja ákærðu bankastjóra er til þess að líta, að þegar þeir komu til starfa í bankanum, stóðu þeir frammi fyrir erfiðri fjárhagsstöðu Hafskips h.f., sem til var komin fyrst og fremst vegna þeirrar fyrirgreiðslu, sem bankinn hafði þegar veitt félaginu í tíð fyrri bankastjóra. Verður ekki séð, að sú fyrirgreiðsla, sem bankastjórnarnir veittu eftir að þeir komu til starfa, hafi verið umfram það, sem ákærðu bankastjórar stóðu frammi fyrir vandamálum vegna vanskila Hafskips hf., sem til voru komin m.a. vegna missis herflutninga, verkfalls, taxtahruns, gengisfellingar og taps á T.A flutningum (skýring: Atlantshafssiglingum). Versnaði staða félagsins af þessum sökum að mun án þess að hinir ákærðu bankastjórar gætu rönd við reist. Þykir fyrirgreiðsla bankans á síðustu mánuðum starfsemi félagsins hafa fyrst og fremst beinst að því að reyna að tryggja áframhaldandi rekstur þess yfir sérstakt erfiðleikatímabil í þeirri von, að hagur þess vænkadist og það gæti stadið við skuldbindingar við bankann.“

Í framhaldi af áðursögðu segir einnig í forsendum sýknudómsins: „Hinn kosturinn var sá að stöðva þegar frekari fyrirgreiðsla við félagið en það hefði fyrirsjáanlega leitt til stöðvunar á rekstri þess og þá með þeim afleiðingum, að fyrirtækið hefði orðið gjaldþrota.“

Kjarninn í forsendum sýknudómsins má segja að sé þessi eins og áður er vitnað til: „Hinir ákærðu bankastjórar vissu vel að félagið var á barmi gjaldþrots. Það er mat dómsins að aðgerðir þeirra, sem ákært er fyrir í máli þessu hafi verið björgunaraðgerðir, sem voru ekki síður í þágu bankans en félagsins.“

Auk þess að segja það berum orðum, að fráleitt sé að ákæra björgunarmenn fyrir stórfellda ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi er hér vikið að viðurkenndum sjónarmiðum í bankastarfsemi. Frekari fyrirgreiðsla til viðskiptavinar, sem á í erfiðleikum, getur átt rétt á sér til þess að tryggja hag banka eða lánastofnunar, þótt

tekin sé jafnvel áhætta um að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Engin slík eða önnur venjuleg bankaleg sjónarmið virðast hafa hvarflað að rannsóknarmönnum eða saksóknurum í þessu máli.

Í sérstökum kafla ákærunnar er tiltekin vanræksla ákærðu skilgreind nánar. Þar segir að þeir hafi „vanrækt athugun ársreikninga, milliuppgjöra, rekstrar– og greiðsluáætlana Hafskips h.f. auk annarra gagna“ og síðan segir: „en vanræksla ákærðu fólst m.a. í því að gera ekki sjálfstæðar athuganir á raunverulegri afkomu félagsins og forsendum þeirra áætlana sem Hafskip h.f. lagði fyrir bankann, m.a. um Atlantshafssiglingar félagsins og gæta ekki að áhrifum mismunandi reikningskilaaðferða, sérstaklega varðandi reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.“

Að þessu er vikið í forsendum sýknudómsins:

„Milliuppgjörið pr. 31. ágúst 1984 og ársreikngurinn fyrir árið 1984 voru árituð af endurskoðanda félagsins og önnur reikningskil félagsins unnin af honum. Höfðu ákærðu enga ástæðu til þess að tortryggja þau gögn, sem þeim bárust frá félaginu og ekki verður séð, að þeir hafi haft tilefni til að kanna sérstaklega reikningskilaaðferðir, sem notaðar voru eða athuga sjálfstætt raunverulega afkomu félagsins og þær áætlanir sem þeim bárust.“

Hér er einfaldlega á það bent, að framangreind gögn voru undirrituð af löggiltum endurskoðanda Hafskips, Helga Magnússyni. Það er til marks um vinnubrögð tveggja saksóknara í málinu að byggja veigamikilið atriði ákæru á því, að opinberir starfsmenn hafi sýnt stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu með því að taka mark á reikningskilum hlutafélags, sem löggiltur endurskoðandi staðfesti með undirskrift sinni.

Um skort á eftirliti einkum hagdeildar bankans og athugun gagna, sem bankanum bárust frá Hafskip, en bankastjórnir höfðu lagt áherslu á, að þetta verkefni hefði verið, vegna alvarleika málsins, í þeirra eigin höndum, segir svo í forsendum dómsins: „Halldór Ágúst og Lárus eru viðskiptafræðingar. Þá hafði ákærði Halldór bæði unnið í bankaeftirlitinu og verið bankaútibússtjóri í Vestmannaeyjum svo og verið eftirlitsmaður útibúa áður en hann varð bankastjóri. Loks hafði ákærði Ólafur unnið í áratugi við bankastörf. Ákærði Ingi Randver taldi, að ákærðu Halldór Ágúst, Lárus og Ólafur hafi vegna menntunar og reynslu verið betur til þess fallnir en hagdeild bankans að meta rekstur og stöðu Hafskips h.f. af þeim göngum, sem félagið sendi bankanum á árunum 1983–85.“

Um vanrækslu vegna trygginga á útlánum bankans til Hafskips er nánar fjallað í sérstökum kafla ákærunnar. Þar segir m.a.:

„Ákærðu Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni og Ólafi Helgasyni er gefið að sök að hafa á starfstíma sínum sem bankastjórar vanrækt eftirlit með því að tryggingar þær, sem Útvegsbankinn hafði fyrir skuldbindingum sínum vegna Hafskips h.f. héldu verðgildi sínu eða hefðu yfirleitt það verðgildi, sem þær voru skráðar fyrir, og að gerðar væru fullnægjandi ráðstafanir til þess, að ávallt væru fullnægjandi tryggingar fyrir þessum skuldbindingum... þá er ákærðu gefið að sök að hafa, til viðbótar því að leggja nafnverð tryggingaréttindanna eitt til grundvallar, veitt Hafskip h.f. fjárhagslega fyrirgreiðslu, eftir að fram var komið yfirlit um skuldbindingar og tryggingar vegna Hafskips h.f. hinn 10. október 1984, er sýndi að skuldbindingarnar voru kr.17.326.000 hærri en tryggingum nam. Ákærðu héldu áfram að veita félaginu fjárhagslega fyrirgreiðslu, þrátt fyrir síversnandi stöðu trygginga að þessu leyti...“

Það hlýtur að vera fleirum en bankamönnum illskiljanlegt, hvernig hægt er að ákæra menn fyrir þá stórfelldu vanrækslu, að þeir hafi ekki haft eftirlit með því, að tryggingar héldu verðgildi sínu. Tryggingar fyrir útlánum Hafskips voru fyrst og fremst veð í flutningaskipum, en á þeim er sérstakt heimsmarkaðsverð, sem breytist eftir kunnum lögmálum, án þess að nokkur opinber eða óopinber starfsmaður fái þar rönd við reist. Hér er því um að ræða glöggd dæmi um það, hve ákæra Jónatans Þórmundssonar á hendur stjórnendum bankans var fráleit og staðfesting á því, að ákæruvaldið hafi illa hirt um að kynna sér eðli lánastarfsemi og veðtöku fyrir lánum. Það má heita daglegt brauð í viðskiptalífinu, a.m.k. við gjaldþrot fyrirtækja, að veð, sem tekið hefur verið fyrir tilteknu láni, dugar ekki til fullnustu þess, þegar rekstur hefur gengið illa og reynir á veðið við gjaldþrot.

Að þessu ákæruatriði er vikið í góðlátlegum tón í forsendum dómara, en þar segir:

„Dómnum þykir einsýnt, að þegar lánað hefur verið út á tiltekin veð, geti þeir, sem veittu lánið engu ráðið um



það, hvort frekari trygging verði sett, ef veðið rýrnar áður en lánið er greitt. Verði um vanskil að ræða stendur lánveitandi frammi fyrir því að ganga að viðkomandi veði eða að skuldbreyta, en getur ekki knúið ógjaldfæran skuldara til þess að setja frekari tryggingar en fyrir hendi eru. Verður því ekki séð, að hinir ákærðu bankastjórar hafi vanrækt eftirlit með því að tryggingar héldu verðgildi sínu eða hefðu yfirleitt það verðgildi, sem þær voru skráðar fyrir.“ Og einnig segir svo í forsendum dómara Sakadóms: „Það er ljóst að allt frá stofnun Hafskips h.f. 1958 og fram til gjaldþrots félagsins átti félagið oft í verulegum fjárhagsferfiðleikum. Ekki er annað vitað en, að yfirleitt hafi í upphafi hvernar fyrirgreiðslu verið tekin næg veð fyrir þeim skuldbindingum, sem verið var að stofna til. Hitt er ljóst, að veðhæfni ýmissa veðbandlaga rýrnaði eftir að fyrirgreiðsla var veitt og má þar til nefna verðmæti skipa félagsins. Hins vegar verður ekki séð, að ákærðu gætu neinu breytt þar um eða knúið félagið til þess að veita viðbótarveð vegna verðfalls skipanna, enda hafði bankinn, áður en yfir lauk, tekið veð í velflestum eignum fyrirtækisins.“

Axel Kristjánsson var m.a. ákærður fyrir að óhlýðnast bankastjórninni. Um það segir orðrétt í ákæruskjalinu: „að láta undir höfuð leggjast að rækja starfsskyldur sínar samkvæmt þeim fyrirmælum, sem honum voru gefin af bankastjórn Útvegsbanka Íslands í ársbyrjun 1978 um að fylgjast með rekstri Hafskips h.f. og hafa eftirlit með því, að nægar tryggingar væru ætíð fyrir skuldbindingum félagsins gagnvart bankanum...“ Niðurstaðan í forsendum dómsins yfir Axel er þessi: „Af því sem rakið hefur verið um störf ákærða Axels, þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að hann hafi óhlýðnast bankastjórninni.“

Þá var Inga Randverí Jóhannssyni, löggiltum endurskoðanda bankans, gefið að sök „að hafa látið undir höfuð leggjast í störfum sínum sem kjörinn endurskoðandi Útvegsbanka Íslands og jafnframt sem löggiltur endurskoðandi, allt frá árinu 1981 og þar til bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta, 6. desember 1985, að rækja eftirlitsskyldu sína vegna viðskipta bankans við Hafskip hf., sérstaklega að því er varðaði tryggingar vegna skuldbindinga bankans gagnvart félaginu og hafa ekki komið á framfæri við stjórnendur Útvegsbankans aðfinnslum og ábendingum um þær misfellur, sem honum var kunnugt um í þessum viðskiptum, en ársreikninga bankans frá og með árinu 1981 hefur ákærði áritað sem löggiltur endurskoðandi.“

Í rökstuðningi Sakadóms segir m.a. um ákæru á hendur Inga R. Jóhannssyni: „Leitt er í ljós, að ákærði yfirfór gögn bankans við endurskoðun sína, þ.á.m. milliuppgjör og ársreikninga frá Hafskipi hf., sem höfðu verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Mátti ákærði byggja á því, að þeir væru réttir og sýndu rétta mynd af fjárhag félagsins enda þurfti ákærði ekki að kanna sérstaklega verk annars löggilts endurskoðanda án sérstaks tilefnis, sbr. og það, sem hefur verið rakið um starfsskyldur hans. Með hliðsjón af því, sem hér er rakið, ber að sýkna Inga Randver.“

Niðurstaðan í heild um ákærurnar á hendur bankastjórunum öllum er svohljóðandi: „Þegar allt er virt, sem rakið var ber að sýkna ákærðu Halldór Ágúst, Lárus, Ólafur og Axel af því sem þeim er gefið að sök...“

Sérstakur saksóknari, Jónatan Þórmundsson, prófessor, ákærði þá sem sátu í bankaráði Útvegsbankans, þegar Hafskip varð gjaldþrota, þ.e. þá Valdimar Indriðason, fyrrverandi alþingismaður, Arnbjörn Kristinsson, bókaútgefandi, Garðar Sigurðsson, fyrrverandi alþingismaður, Kristmann Karlsson, framkvæmdastjóra og Jóhann Einvarðsson, alþingismaður<sup>22</sup>. Þeim var m.a. gefið að sök að hafa sem bankaráðsmenn sýnt af sér saknæma vanrækslu við yfirstjórn bankans og við eftirlit með starfsemi hans og þannig látið hjá líða að fylgjast með skuldbindingum og tryggingum vegna viðskipta bankans við Hafskip.

Í rökstuðningi dóms Sakadóms segir: „Þegar framanritað er virt, verður ekki talið, að bankaráðið hafi vanrækt að fjalla um viðskipti Hafskips h.f. á þann hátt, sem ætlast var til af því miðað við lagaskyldur þess og starfshætti, en það hafði ekki afskipti af daglegum rekstri bankans.“ Bankaráðsmenn voru þannig sýknaðir með dómi Sakadóms og allur málarekstur gagnvart stjórnendum Útvegsbankans ómerktur með öllu.

Þess skal að lokum getið hér, að 14. nóvember 1988 hafði yfirsakadómari falið sakadómurinum Haraldi Henryssyni, Pétri Guðgeirssyni og Arngrími Ísberg meðferð málsins. Haraldur hlaut skömmu síðar skipun sem dómari við Hæstarétt og Pétur Guðgeirsson ákvað með leyfi Hæstaréttar að víkja sæti vegna ættar-

tengsla. Sakadóm Reykjavíkur, sem kvað upp sýknudóminn 5. júlí 1990, skipuðu Sverrir Einarsson, dómsforseti, Ingibjörg Benediktsdóttir og Arngrímur Ísberg.

Verjendur ákærðu voru sem hér segir: Hákon Árnason hrl. var verjandi Ólafs Helgasonar, Helgi V. Jónsson hrl. verjandi Halldórs Guðbjarnasonar, Benedikt Blöndal hrl. var í fyrstu verjandi Lárusar Jónssonar, en Andri Árnason hrl. tók við þegar Benedikt var skipaður hæstaréttardómari. Þorsteinn Júlíusson hrl. var verjandi Axels Kristjánssonar, Brynjólfur Kjartansson hrl. verjandi Inga R. Jóhannssonar, Sveinn Snorrason hrl. verjandi Valdimars Indriðasonar, Garðars Sigurðssonar, Kristmanns Karlssonar og Jóhanns Einvarðssonar, Hjörtur Torfason hrl. var einnig verjandi Jóhanns Einvarðssonar og Örn Höskuldsson hrl. var verjandi Arnbjörns Kristinssonar.

# Mögur uppskera ákærvalds í Hafskipsmálinu

– refsímál vegna Útvegsbankans féll um sjálf sig

Miðað við dóm Sakadóms Reykjavíkur í júlí í fyrra og nýgenginn dóm Hæstaréttar er ljóst að mikill hluti málishöfðunar í hinu viðamikla Hafskipsmáli átti ekki við rök að styðjast – í rúmlega fimm ára sögu refsímáls vegna skipafélagsins sem oft var nefnt í sömu andrá og gjaldþrot aldarinnar. Fjórir menn voru þó sakfelldir að talsverðum hluta þeirra ákæratriða sem áfrýjað var til Hæstaréttar.

Af hundruðum upphaflegra ákæratriða var aðeins sakfelldur í litlum hluta þeirra í héraði. Hvert atriði vó þó mjög misjafnlega mikið. Sautján menn voru upphaflega ákærðir, fjórir voru sekir fundnir, þar af þrjú fyrir hegningarlögbrot en einn fyrir brot á svokölluðum sérögum. Tíu forsvarsmenn Útvegsbankans voru sóttir til saka. Þeir voru allir sýknaðir og ekki var áfrýjað í máli þeirra. Ekki minna en þrjú saksóknarar ákærðu í málinu, tugir rannsóknar- og greiðumanna unnu við það, tugir



Jónatan Þórmundsson var einn þriggja saksóknara í Hafskipsmálinu á þeim 5 árum sem málishöfðun stóð yfir. Hallvarður Einvarðsson hafði áður verið úrskurðaður vanhæfur í því máli vegna tengsla sinna við einn sakborn-inganna, bróður sinn, sem sat í bankaráði Útvegsbankans. Þegar dómur Sakadóms lá fyrir í fyrrasumar sagði Jónatan af sér. Páll Arnór Pálsson var þá skipaður í hans stað. Áfrýjaði hann aðeins hluta af málinu til Hæstaréttar

upphaflegra sakargifta. Þau atriði ákærunnar sem sautjánmenningar voru sýknaðir af þóttu ýmist ekki sönnuð eða óaðfinnanleg.

Forsvarsmenn Hafskips voru allir sýknaðir af ákærum um blekkingar gagnvart Útvegsbankanum, stjórn Hafskips og hluthöfum.

Í dómi Sakadóms sagði meðal annars að Hafskipsmenn hafi lagt fram upplýsingar um stöðu félagsins og horfur í góðri trú og ekki hafi verið sannað að þeir hafi vitað betur á þeim tíma.

Brátt fyrir þungar ásakanir um bókhaldsreiðu og slæmar reikningskilavenjur tók Sakadómur ekki undir þær sakargiftir. Það gerði Hæstiréttur á hinn bóginn þegar málið fór þangað og voru þeir Björgólfur og Ragnar sakfelldir að hluta fyrir þá þætti. Páll Bragi var sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn lögum um reikningsskil – ekki gegn hegningarlögum. Hann var hins vegar sakfelldur fyrir skjalafals vegna 6

Frétt í DV eftir dóm Hæstaréttar í Hafskipsmálinu. Þar var eingöngu fjallað um ákæru á hendur stjórnenda Hafskips. Í undirfyrirsögn segir: „Útvegsbankaþátturinn reyndist markleysa.“

### 3. Lögskipuð sérfræðinganefnd um könnun á „óeðlilegum viðskiptaháttum“ Útvegsbankans við Hafskip.

Illvígur deildur urðu á Alþingi um, hvernig standa ætti að rannsókn á Hafskipsmálinu og „bankaslysinu“, eins og tjón Útvegsbankans vegna gjaldþrotsins var stundum nefnt þar í umræðum. Alþýðubandalagið, undir forystu Ólafs Ragnars Grímssonar, varaþingmanns, lagði til að fjórtán manna þingnefnd yrði sett á laggir, (sjö úr neðri- og sjö úr efri deild) í samræmi við ákvæði 39. greinar stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka málið og „fyrirtækjanetið allt héraendis og erlendis“, sem tengdist Hafskip. Þetta átti að gerast í heyranda hljóði fyrir opnum tjöldum. Af hálfu Alþýðuflokksins og Bandalags jafnaðarmanna var flutt til laga, undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var byggð á ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar, en hún átti ekki að hafa í för með sér alveg jafn mikið sjónarspil. Um þá tillögu fóru fram stóryrtar útvarpsumræður á Alþingi 12. desember 1985, um viku eftir gjaldþrot Hafskips. Stjórnarandstaðan lagði á það höfuðáherslu, að rannsóknin þyrfti að ná til atriða eins og afskipta Alberts Guðmundssonar, iðnaðarráðherra, af málefnum Hafskips og Útvegsbankans, en hann var bæði formaður stjórnar Hafskips og formaður bankaráðs Útvegsbankans um tíma. Rannsókn skiptaréttar og rannsóknarlögreglu, ef því væri að skipta, myndi ekki leiða í ljós hvað slíkur hagsmunaárekstur hefði haft í för með sér.

Matthías Bjarnason, viðskiptaráðherra, taldi rétt, að frumrannsókn málsins yrði í höndum þess aðila, sem rannsakar slík mál skv. lögum, þ.e. skiptaréttar Reykjavíkur, en hann skipuðu þá borgarfélagarnir Ragnar H. Hall og Markús Sigurbjörnsson. Ráðherrann flutti m.a. frumvarp f.h. ríkisstjórnarinnar, sem varð að lögum og auðveldaði skiptaréttinum rannsókn slíkra gjaldþrotamála og gerði valdsvið skiptaráðenda viðtækara en áður var. Ef sú frumrannsókn leiddi í ljós grunsemdir um brot á hegningarlögum, tæki ákærvaldið málið í sínar hendur. Þessa afstöðu Matthíasar staðfestir Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra, í III. bindi ævisögu sinnar. Þar segir hann orðrét: „Matthías Bjarnason fór með forræði málsins sem yfirmaður bankamála. Hann lagðist í fyrstu gegn því að fram færi önnur rannsókn en sú sem yrði í höndum skiptastjóra þrotabúsins.“ Steingrímur segist á hinn bóginn hafa talið „ríkisstjórnarinnar vegna... nauðsynlegt að þáttur Alberts í málinu yrði upplýstur sérstaklega.“ Þá segir hann, að á „þingflokksfundi (Framsóknarflokksins), sem haldinn var 9. desember 1985 lögðu þingmenn áherslu á, að Hafskipsmálið yrði rannsakað í botn. Það væri krafa fólksins í landinu.“<sup>23</sup>

Hinn 10. desember gaf ríkisstjórnin út fréttatilkynningu í hádegisfréttum, um að hún hefði gert sérstaka samþykkt um morguninn um rannsókn á Hafskipsmálinu og viðskiptaráðherra gerði m.a. grein fyrir þessari samþykkt í ítarlegri ræðu, sem hann flutti síðar um daginn í umræðum utan dagskrár á Alþingi. Í samþykktinni kom m.a. eftirfarandi fram:

„Föstudaginn 6. desember s.l. var Hafskip hf. tekið til gjaldþrotaskipta skv. gjaldþrotalögum nr. 6/1978. Fer skiptaráðandinn í Reykjavík nú með forræði gjaldþrotabúsins jafnframt því hlutverki sínu að rannsaka hvort einhver lögbrot tengist gjaldþroti fyrirtækisins og ástæðum þess. Með hliðsjón af þessu er ljóst að rannsókn á hugsanlegu refsiverðu athæfi í tengslum við þetta gjaldþrot er nú þegar í þeim farvegi sem lög gera ráð fyrir“. Þá er vikið að því í þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar, að Albert Guðmundsson, iðnaðarráðherra, hafi óskað eftir sérstakri rannsókn ríkissaksóknara á ásökunum, sem beinst hafa að honum í málinu. Síðan segir í samþykktinni: „Til viðbótar þessu telur ríkisstjórnin þörf á að könnuð verði sérstaklega þau atriði er lúta að viðskiptalegum þáttum málsins sem ekki eru til athugunar sem refsiverð háttsemi af hálfu ofangreindra rannsóknaraðila. Í því skyni ákveður ríkisstjórnin að setja á fót nefnd þriggja sérfróðra manna sem að höfðu samráði við skiptaráðanda hafi það hlutverk að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hefur verið að ræða í samskiptum Útvegsbankans og Hafskips hf. á undanförunum árum. Bankaefirlit Seðlabankans verður nefndinni til aðstoðar um upplýsingaöflun sem þörf er á. Ríkisstjórnin mun leita lagaheimildar til að fela Hæstarétti að tilnefna þessa nefnd.“

Niðurstaða þessa varð sú, að ríkisstjórnin ákvað að setja á laggirnar nefnd „sérfróðra manna“ til þess „að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.“ Lög um nefndina voru samþykkt á Alþingi 24. desember 1985, sem sýnir þann þrýsting, sem var á málinu og hvernig ríkjandi andrúmsloft var. Fáheyrt er, að Alþingi samþykki lög á þessum degi. Hæstiréttur



tilnefndi Jón Þorsteinsson, fyrrv. alþingismað og hæstaréttarlögmann formann og einnig tilnefndi hann þá Brynjólf I. Sigurðsson, dósent í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og Sigurð Tómasson, löggiltan endurskoðanda í nefndina.

Nokkur umræða varð um skipan nefndarinnar, m.a. vegna athugasemda bankastjórnar Útvegsbankans, þar sem bent var á, að „enginn þessara manna hafi sérstaka þekkingu eða reynslu í bankamálum, hvorki úr viðskiptabanka né Seðlabanka.“ Í leiðara Morgunblaðsins 20. janúar 1987<sup>24</sup> segir orðrét: „Þessi gagnrýni á tilnefningu Hæstaréttar skv. samþykkt Alþingis er í einu orði sagt óviðeigandi, engin rök hafa verið færð fram er styðja vantraust á þekkingu og dómgreind nefndarmanna...“ Vegna þessara ummæla sendi bankastjórnin frá sér yfirlýsingu. Þar var einfaldlega bent á, að venja sé hér á landi að kveðja til meðdómendur með sérkunnáttu til að dæma í málum, þar sem slíkrar þekkingar er þörf. Kjarni gagnrýni bankastjórnarinnar við skipun í nefndina var þessi: „Við tilnefningu í þessa nefnd hafa dómarmen Hæstaréttar hins vegar sjálfsagt tekið mið af þeirri staðreynd, að nefndinni var ekki ætlað að kveða upp dóma.“

Í ræðu Matthíasar Bjarnasonar, viðskiptaráðherra kom fram, eins og segir í 2. grein laga um nefndina, að henni væri ætlað að kanna „hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips h.f. eða í viðskiptum Hafskips h.f. við aðra aðila.“ Ráðherra sagði orðrét: „Við könnun sína skal nefndin m.a. athuga... Könnun nefndarinnar skal þó ekki einungis bundin við óeðlilega viðskiptahætti heldur skal hún enn fremur beinast að öðrum viðskiptalegum þáttum málsins, sem henni þykir þurfa athugunar við, þó ekki þeim atriðum, sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt.“ Í þessum ummælum ráðherra kom skýrt fram svo og í lögunum sjálfum, að nefndinni var falið að kanna tiltekin atriði varðandi framangreind viðskipti en jafn ljóst er, að henni var ekki fengið neitt dómvald eða það hlutverk að starfa að undirbúningi ákæru á hendur starfsmönnum Útvegsbankans.

Nefndin fór á hins vegar langt út fyrir umboð sitt og settist í dómarasæti. Hún felldi þungan og ótvíræðan áfellsdóm um störf bankastjórnanna, eins og saksóknari komst að orði í réttarhöldunum. Þá er sérstaklega athyglisvert, að skýrsla nefndarinnar, sem er 110 blaðsíður í A5 broti, var notuð sem uppistaða í sóknarræðu Jónatans Þórmundssonar fyrir Sakadómi Reykjavíkur gegn stjórnendum bankans, þegar málflytningur fór þar fram í maí 1990. Svo langt gekk nefndin út fyrir umboð sitt, að hún vítti<sup>25</sup> Alþingi fyrir að kjósa sömu menn í bankaráð Útvegsbankans 21. desember 1985, sem þar höfðu gegnt þeim störfum áður en Hafskip varð gjaldþrota. Í skýrslunni er þetta orðað svo „Með því að endurkjósa fjóra af fimm bankaráðsmönnum Útvegsbankans sýndi Alþingi lítinn áhuga á því að beita starfsábyrgð á því stigi málsins...“ Þar er átt við að Alþingi hefði ekki haft áhuga á því að víkja starfandi bankastjórum frá störfum meðan mál þeirra væri rannsakað. Um þetta sagði viðskiptaráðherra, Matthías Bjarnason, í ræðu á Alþingi um skýrsluna 13. nóvember 1986: „Ég vil líka minna á að nefndin fer nokkuð út fyrir starfssvið sitt þegar hún tekur sig til að dæma Alþingi fyrir kjör á mönnum í bankaráð Útvegsbankans en það kjör fór hér fram, ef ég man rétt 21. des. 1985.“

Skýrsla nefndarinnar kom út 12. nóvember 1986 og var rædd á Alþingi daginn eftir. Skemmst er frá því að segja, að nefndin kemst að þeirri meginniðurstöðu, eftir athugun á viðskiptum Útvegsbankans við Hafskip á 10 ára tímabili, að það sé „engum vafa undirorpið, að bankastjórn Útvegsbankans bera meginábyrgð á þeim áföllum, sem bankinn varð fyrir við gjaldþrot Hafskips, enda þótt bankastjórnir eigi sér líka nokkrar málsbætur.“ Eitt dagblaðanna, Þjóðviljinn, orðaði niðurstöðurnar svo í stríðsfyrirsögn: „Bankastjórnir hengdir.“ Undir þennan sleggjudóm nefndarinnar tóku margir þingmenn með missmekklegu orðalagi við umræðu um skýrsluna og jafnframt þá skoðun nefndarinnar, að „eðlilegt hefði verið að nýkjörið bankaráð, sem tók til starfa í ársbyrjun 1986, hefði vikið öllum bankastjórum Útvegsbankans úr starfi um stundarsakir meðan rannsóknaraðilar væru að störfum.“<sup>26</sup>



Forsíða Þjóðviljans 13. nóvember 1986. Lýsingin sýnir dómhörku sérfræðinganeftarinnar, sem átti aðeins að kanna „óeðlilega viðskiptahætti“ Útvegsbankans og Hafskips.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um nefndina segir svo orðrétt: „Sérstakur þáttur í rannsókn þessa máls lýtur að ásökunum, sem beinst hafa að iðnaðarráðherra (Albert Guðmundssyni) nýverið í þá veru, að hann hafi misnotað aðstöðu sína sem formaður bankaráðs Útvegsbankans til að greiða fyrir viðskiptum Hafskips hf.“ Þessa meintu misnotkun Alberts á aðstöðu sinni höfðu stjórnarandstæðingar gagnrýnt ótæpilega. Nefndin var því ekki síst sett á laggir til þess að mæta þessari gagnrýni, enda hafði Albert óskað eftir sérstakri rannsókn á því, hvort um slíka misnotkun hefði verið að ræða af hans hálfu. Það kom því mjög á óvart, að nefndin rannsakaði þessa meintu hagsmunaaðreksstra Alberts heldur yfirborðslega. Albert var, eins og Alþýðublaðið orðaði það 18. nóvember 1986, „hvítskúraður í sérstökum kafla“ skýrslunnar. Blaðið segir þannig frá niðurstöðu hennar: „Nefndin er sett á laggir til þess að geta náð til hluta eins og þáttar Alberts Guðmundssonar. Vissulega bjuggust menn við að niðurstaða skýrslunnar yrði akkúrat þveröfug við það sem hún varð.“

Í skriflegu svari, sem viðskiptaráðherra veitti vegna fyrirspurnar nokkurra þingmanna skömmu eftir gjaldþrot Hafskips kom fram, að „skuldbindingar Hafskips gagnvart Útvegsbankanum námu 18,2 millj. króna 15. jan 1980 og 288,6 millj. króna 2. júní 1983. Miðað við lánskjaravísitölu er hér um þreföldun að ræða.“<sup>27</sup> Ráðherrann er hér í raun að skýra frá því, að fyrirgreiðsla bankans hafi þrefaldast á sambærilegu verðlagi á því tímabili sem Albert „sat beggja vegna borðsins“, eins og saksóknari tók til orða, bæði sem formaður stjórnar Hafskips og formaður bankaráðs Útvegsbankans. Sérfræðinganefndin hvítskúraði Albert Guðmundsson fyrir þá fyrirgreiðslu en hengdi starfandi bankastjóra á árunum 1984 og 85 fyrir að stöðva fyrirgreiðslu til félagsins haustið 1984 og veita síðan um 80 m. kr. vel tryggt lán á árinu 1985 til þess að hjálpa félaginu, þegar það jók hlutfé sitt umtalsvert í því skyni að mæta miklum erfiðleikum og koma sér út úr þeim. Sérfræðinganefndin var því ekki sjálfri sér samkvæm í áfellingdómum sínum.

Það má með sannni segja, að þessar niðurstöður sérfræðinganefndarinnar hafi komið algjörlega á óvart, ekki síst vegna þess, að nefndin hafði í höndum ítarlega og glögga skýrslu, sem Ólafur Helgason, bankastjóri, samdi um viðskipti bankans við Hafskip á 10 ára tímabili, þar sem framangreindar upplýsingar komu skýrt fram um stöðvun á beinum útlánum til félagsins eftir að í ljós kom, að tryggingar voru orðnar tæpar fyrir lánum, sem áður höfðu verið veitt.

## 4. Athugasemdir bankastjórnar Útvegsbankans við skýrslu sérfræðinganevndarinnar.

Engum dylst, sem kynnir sér forsendur Sakadóms Reykjavíkur fyrir sýknudómi yfir stjórnendum Útvegsbankans og kynnir sér jafnframt áfellingisdóma sérfræðinganevndarinnar, að þeir dómur voru alvarleg mistök.

Mestu skiptir, að nefndin virðist ekki hafa gert sér neina grein fyrir, að stjórnendur bankans „stöðvuðu (í október 1984) alla fyrirgreiðslu nýrra lána, að því undanskildu, að tvö lán voru veitt snemma árs 1985 vegna hlutafjárútkningar“, eins og segir í forsendum dómara Sakadóms Reykjavíkur. Ef nefndinni hefði verið þetta ljóst, er einsýnt, að engar forsendur voru fyrir því að álykta sem svo að draga bæri starfandi stjórnendur bankans til svonefndrar „starfsábyrgðar“ og telja rétt að víkja þeim úr starfi á meðan rannsókn færi fram á störfum þeirra. Þá hefði legið ljóst fyrir, að þeir veittu ekki verulega fyrirgreiðslu til Hafskips, jafnvel ekki á grundvelli misvísandi gagna, heldur þvert á móti. Þeir neituðu aukinni fyrirgreiðslu haustið 1984 og veittu einungis bein lán, sem hluthafar sjálfir settu tryggingar fyrir, til þess að gera tilraun til, að komast út úr þeim vanda, sem umsvifamikið fyrirtæki stóð frammi fyrir og sem hafði verið í viðskiptum við bankann í 27 ár. Þá var gjaldföllum afborgunum og vöxtum skuldbreytt og viðskiptavíxlar keyptir af félaginu til þess að það yrði ekki greiðsluþrota haustið 1984. Fyrir þær björgunaraðgerðir einar er ólíklegt, að nefndin hefði komist að þeirri niðurstöðu að víkja bæri stjórnendum bankans úr starfi.

Í stað þess að rannsaka, hvernig raunverulegum viðskiptum bankans og Hafskips var háttað í tíð starfandi bankastjóra, setti nefndin fram „upplýsingar“ um lánveitingar til félagsins, eins og vikið verður að síðar þannig, að staðhæft var í fréttum Ríkissjónvarpsins um skýrsluna: „Skuldir Hafskips jukust úr 542 milljónum árið 1983 í 870 milljónir áður en yfir lauk.“<sup>28</sup> Auðvitað fólst engin fyrirgreiðsla til Hafskips í því, að erlend lán til félagsins hækkuðu í íslenskum krónum um fast að 200 m. kr. á þessum tíma. Engu að síður setti nefndin fram „upplýsingar sínar“ um aukningu skuldbindinga félagsins við bankann með þeim hætti, að menn skyldu þær yfirleitt eins og fréttamaður Sjónvarpsins gerði. Þetta sama gerðist raunar í allri umræðu um skýrsluna. Spurning er, hvort nefndarmenn hafi gert sér grein fyrir þessu sjálfir?

Bankastjórn Útvegsbankans gerði alvarlegar og ítarlegar athugasemdir við skýrslu sérfræðinganevndarinnar skömmu eftir að hún kom út. Þar voru megin niðurstöður hennar hraktar og rökstutt, að skýrslan væri ótrúlegur samsetningur, full af mótsögnum og staðleysum. Þessar athugasemdir birtust í heild í Morgunblaðinu 17. janúar 1987 og verða ekki tíundaðar hér nema að litlu leyti. Því miður var ekki sá sjálfsgæði réttur bankastjóranna virtur, að þeim yrði gert kleift að tala máli sínu til andsvara áður en skýrslan var birt og athugasemdir þeirra voru aldrei ræddar á Alþingi. Bankastjórnir vissu ekki hvaða gögn sérfræðinganevndin hafði í höndum og fengu aldrei tækifæri til þess að tjá sig um þau. Stjórnendur bankans þurftu, m.a. vegna skýrslunnar að þola ákærur tveggja ríkissaksóknara og það var fyrst við réttarhöld þremur og hálfu ári eftir að skýrslan kom út, sem Sakadómur Reykjavíkur sýknaði í raun bankastjórn Útvegsbankans af áfellingisdómum skýrsluhöfunda. Allan þennan tíma olli hún ómældum skaða. Það er athyglisvert og segir ef til vill meira en mörg orð um þessa skýrslu þeirra Jóns, Brynjólfs og Sigurðar, að dómur Sakadóms minntust ekki einu orði á hana eða niðurstöður hennar í forsendum sýknudómsins, enda þótt Jónatan Þórmundsson, hafi lesið upp úr henni langa kafla í sóknarræðu sinni, gert orð skýrsluhöfunda að sínum og skýrslan verið lögð fram sem dómsskjal. Dómurarnir hunsuðu hana algjörlega.

Í framhaldi af áður nefndum áfellingisdómi um störf bankastjórnarinnar hnykkti sérfræðinganevndin á með því að setja fram þá skoðun, „að eðlilegt hefði verið að nýkjórið bankaráð, sem tók til starfa í ársbyrjun 1986, hefði vikið öllum bankastjórum Útvegsbankans úr starfi um stundarsakir á meðan rannsóknaraðilar væru að störfum.“<sup>29</sup> Fyrir þessu færði nefndin svofelld rök: „Það er góð og gild regla þegar mál af þessu tagi koma upp að víkja ráðamönnum frá meðan rannsókn stendur yfir því það er ekki viðeigandi, að maður gegni starfi sínu á meðan afleiðingarnar af verkum hans og hugsanleg mistök eru í rannsókn.“ Í pallborðsumræðum<sup>30</sup> í Ríkissjónvarpinu benti Jón Þorsteinsson, formaður nefndarinnar á, að gert væri ráð fyrir slíkri meðferð mála í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954. Rétt er að leggja á það áherslu, að í þessum lögum er afar skýr regla, ef víkja á mönnum úr starfi um stundarsakir, að viðkomandi hafi



andmælarétt áður en til slíks kemur. Um þetta segir í 11. gr. laganna: „Jafnan skal starfsmanni er víkja skal úr stöðu veittur kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur“. Fullyrða má, að hefði þessi andmælaréttur verið virtur, eða nefndin einfaldlega haldið sig við verkefni sitt og rætt betur við starfandi bankastjóra bankans, þá hefði vísast aldrei komið til þess, að hún hefði þurft að taka afstöðu til slíkra áfellingisáhrifa gagnvart þeim eins og hún gerði.

Nefndin víkur því að bankaráði Útvegsbankans, að það hafi haft skýrt fordæmi í því að víkja bankastjórunum úr starfi. Þetta hafi gerst í Alþýðubankamálinu árið 1975. Um þetta segir orðrétt í skýrslunni: „Þegar málið kom upp tóku bankaráðsmenn Alþýðubankans ákvörðun um að víkja báðum bankastjórunum frá um stundarsakir meðan rannsókn stæði yfir. Áttu þeir ekki afturkvæmt að bankanum... Enginn bankaráðsmaður gaf kost á sér til endurkjörs“<sup>31</sup> Að þessari „hliðstæðu“ er vikið í athugasemdum bankastjórnarinnar við skýrslu nefndarinnar, en Halldór Guðbjarnason gerði þetta einnig að umræðuefni í áður nefndum þætti Sjónvarpsins. Hann sagði: „Alþýðubankamálið er á engan hátt sambærilegt þessu máli vegna þess, að það voru sömu bankastjórar, sem tóku Ferðaskrifstofuna Sunnu í viðskipti við Alþýðubankann og þeir sem sátu þar í bankanum, þegar ferðaskrifstofan varð gjaldþrota og nærri tröllreið Alþýðubankanum. Hér eru allt aðrir bankastjórar, sem koma inn í lok þessa Hafskipsmáls, heldur en þeir, sem tóku þessi viðskipti inn í bankann eða fjölluðu um þau árum saman.“

Í tilefni af því álit nefndarinnar, að rétt hefði verið að víkja stjórnendum bankans úr starfi voru viðtöl í Ríkissjónvarpinu 13. nóvember 1986 við Valdimar Indriðason, formann bankaráðsins og Matthías Bjarnason, viðskiptaráðherra.<sup>32</sup> Valdimar var spurður um þetta álit nefndarinnar. Hann svaraði orðrétt þannig: „Ég er ekki sammála höfundum skýrslunnar, í þessum efnum. Ég taldi það rangt að vísa bankastjórunum frá á þessu stigi málsins. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að þeir bankastjórar, sem eru núna, þetta eru menn, sem hafa verið skamman tíma, frá 1983 og 1984, menn, sem eru að koma inn í þetta mál, þegar þetta er raunverulega að komast í veruleg hámæli má segja og það eru menn, sem þurfa að vera inn í málinu áfram og ég tel enga ástæðu til að láta þá fara“. Fréttamaður spyr þá: „Hvað um bankaráðið?“. „Ég er ekki dómbær á sjálfan mig, en ég sé enga ástæðu til að bankaráðið segi af sér.“

Við sama tækifæri svaraði Matthías Bjarnason, viðskiptaráðherra, hliðstæðum spurningum fréttamannsins um bankastjórana: „Ég sé ekki neina ástæðu til þess að þeir menn, sem núna eru bankastjórar og hafa verið stutt, sá sem styst hefur verið, hefur verið frá seinni hluta árs 1984, þeir séu bara látnir víkja úr starfi umsvifa-laust.“

Í skýrslu sérfræðinganeftarinnar eru mistök bankastjórnarinnar talin orðrétt sem hér segir.

„1) Að gæta þess ekki að hafa nægar tryggingar fyrir skuldbindingum Hafskips. 2) Að fylgjast ekki nægilega vel með rekstri og fjárhag Hafskips, einkum eftir 1981. 3) Að gera ekki ráðstafanir til að knýja fram gjaldþrot eða sölu á eignum fyrirtækisins löngu fyrr en raun varð á. 4) Að gjalda ekki varhug við Atlantshafsiglingunum sem hófust haustið 1984.“<sup>33</sup>

Um 1. lið þessara ásakana er eins og áður segir fjallað beinlínis í rökstuðningi fyrir sýknudómi Sakadóms. Þar er einfaldlega bent á, að bein fyrirgreiðsla við félagið hafi verið stöðvuð í október 1984, þegar ljóst var að tryggingar voru orðnar tæpar.

Um 2. liðinn er það að segja, að í skýrslu nefndarinnar er mikið lagt upp úr því að sýna fram á, að eftirliti með viðskiptum Hafskips hafi verið ábótavant, hagdeild bankans hafi ekki fjallað um þau á tilteknu tímabili, ársreikningar og milliuppgjör, sem undirrituð voru og staðfest af löggiltum endurskoðanda, hafi gefið ranga mynd af afkomu og eiginfjárstöðu félagsins. Í forsendum sýknudóms Sakadóms kemur skýrt fram, að bankastjórnarnir sjálfir hafi persónulega haft þetta eftirlit með höndum á þessu tímabili og þeir hafi, að mati löggiltis endurskoðanda bankans, ekki verið síður bærir til þess sakir menntunar sinnar og reynslu en hagdeildin.

Skýrt er tekið fram í forsendum Sakadóms, að lesendur reikninga fyrirtækja, sem undirritaðir eru af löggiltum endurskoðendum, eigi að geta treyst þeim, enda er vandséð hvernig önnur framkvæmd getur staðist.

Í þessu sambandi má benda á, að dómarrar Sakadóms komast svo að orði, þegar þeir fjalla um ákæru á hendur Inga R. Jóhannssyni, endurskoðanda bankans, en hann hafði kannað reikninga Hafskips „*Mátti ákærði byggja á því að þeir væru réttir og sýndu rétta mynd af fjárhag félagsins, enda þurfti ákærði ekki að kanna sérstaklega verk annars löggilts endurskoðanda án sérstaks tilefnis.*“

Þegar álit sérfræðinganeftardarinnar er skoðað, vekur það sérstaka eftirtekt, hvernig nefndin fer háðulegum orðum um „málsbætur bankastjóranna.“<sup>34</sup> Þeir hafi einfaldlega treyst stjórnendum Hafskips, eins og segir orðrétt: „Bankastjórar Útvegsbankans hafa uppi þær skýringar á þessu bankaslysi, að þeir hafi einfaldlega treyst Hafskipi. Þeir treystu því að ársreikningar félagsins, undirritaðir af löggiltum endurskoðanda þess, væru öruggir. Þeir treystu upplýsingum frá Hafskip um verðmæti eigna félagsins. Þeir treystu því, að Hafskip fengi varnarliðsflutningana aftur. Þeir treystu fyrirætlunum Hafskips um Atlantshafsflutningana. Þeir treystu á styrk hluthafanna í fyrirtækinu og fjármálareynslu stjórnarmanna þess. Svo kom í ljós að Hafskip brást þessu trausti og því fór sem fór“

Þessi tilvitnun lýsir strákslegum stíl, sem víðar kemur fram í skýrslunni og segir kannski mest um vinnubrögð nefndarinnar og þá dæmalausu rannsóknaraðferð, sem hún beitti. Þessar tilvitnuðu skoðanir bankastjóranna eru ekki staðfestar, frekar en annar framburður, sem nefndin telur sig byggja á. Við bankastjórana var einungis rætt einu sinni sameiginlega og ekki skrifað orð niður eftir þeim, hvað þá að þeir hafi staðfest framburð sinn. Aftur á móti kemur vel fram í þessum ummælum, að nefndin hefur á engan hátt reynt að gera sér grein fyrir hvernig tengslum stjórnenda banka og viðskiptamanna er alla jafnan háttáð. Einna helst er svo að skilja, að vantraust og tortryggni eigi að sjálfsgöngu að ríkja í slíkum viðskiptum. Ef svo væri ættu bankastjórar yfirleitt að líta á viðskiptamenn sína, sem oft taka eðli máls samkvæmt áhættu, eins og stórhættulega „gangstera“ og láta hvern löggiltan endurskoðanda eftir annan rannsaka allar upplýsingar frá þeim. Athyglisvert er, að Jónatan Þórmundsson vitnaði sérstaklega í og tók undir þetta órökstudda orðflúr nefndarinnar í sóknarræðu sinni. Honum til málsbóta má segja, að margir alþingismenn tóku í sama streng í umræðum á Alþingi um skýrsluna, 13. nóv. 1986 og einum fannst þetta „góð umfjöllun á mannamáli!“, eins og hann orðaði það.<sup>35</sup>

Um 3. og 4. lið ásakana nefndarinnar, að bankastjórnin hefði átt að knýja fram gjaldþrot Hafskips fyrr, er ljóst, að það hefði auðvitað kostað sitt og taphætta bankans verið veruleg í því tilvik. Einu sinni enn má minna á, að bein útlán til félagsins voru stöðvuð haustið 1984. Eftir þreifingar um sölu á fyrirtækinu til Eimskips, sem fóru út um þúfur, ákváðu stjórnendur félagsins að efna til hlutfjárútboðs að upphæð 80 m. kr., sem að núvirði (ársins 2003) nema um 350 milljónum. Hluthafar greiddu þessa fjárhæð með skuldabréfum, sem bankinn tók sem handveð gegn láni, sem hann veitti félaginu. Þetta var gert á grundvelli áætlana um hagstæða afkomu af Atlantshafssiglingum félagsins. Það voru því eigendur félagsins, sem tóku áhættu sem þessu nam, vegna þessa nýja þáttar í rekstri fyrirtækisins. Ætlun bankans var að endurmeta og yfirfara útkomu rekstrarins, þegar reynslutölur lægju fyrir, sem síðar var gert. Sú reynsla var því miður óhagstæð og þá var enn tekin ákvörðun um, að bankinn lánaði ekki meira til félagsins og samkomulag var um það milli stjórnenda hans og félagsins að eina úrræðið til þess að forðast stórslys væri að selja það í fullum rekstri. Því miður tókst það ekki, m.a. vegna mikils fjölmiðlafárs og óvæginna opinberrar umræðu, sem þeir þingmenn, sem hæst létu á Alþingi haustið 1985, bera ásamt fjölmiðlum ábyrgð á.

Að síðustu skal hér tilfært dæmi, sem sýnir glögglega hvernig vinnubrögðum sérfræðinganeftardarinnar var háttáð, hvernig hún í raun blekkti í stað þess að upplýsa. Þegar hún fjallaði um þróun viðskipta Útvegsbankans og Hafskips<sup>36</sup> var tölum þannig stillt upp, að lesandi skýrslunnar fær auðveldlega þann skilning, að peningum hafi verið ausið úr bankanum í Hafskip, ekki síst frá miðju ári 1984 þar til félagið varð gjaldþrota. Engin greining er gerð á orsökum fyrir hækkun lánanna í krónutölu í allri umfjöllun nefndarinnar. Lán í erlendri mynt voru obbinn af skuldbindingum félagsins við bankann og þau hækkuðu að sjálfsgöngu í krónutölu við tíðar og miklar gengisfellingar, þótt fyrirgreiðsla ykist auðvitað ekkert af þeim sökum.

Á töflu nr.1 á bls. 15 í skýrslu nefndarinnar eru upplýsingar um þróun skuldbindinga Hafskips við Útvegsbankann. Í skýringum við töfluna segir orðrétt: „Allar fjárhæðir í þessari töflu eru í milljónum króna á verðlagi 1. október 1986 og eru þær framreiknaðar eftir lánskjaravísitölu og eru því sambærilegar“:

Ár	Velta	Bókfært eigið fé	Hagn./ – tap	Skuldb. við ÚÍ
1974	439	–11	8	152
1975	406	–23	–40	145
1976	413	–48	–66	170
1977	440	–88	–88	200
1978	527	–59	–13	211
1979	669	92	84	202
1980	836	62	–24	288
1981	1.064	100	29	315
1982	1.333	42	16	467
1983	1.309	24	49	<b>542</b> leturbr. hér
1984	1.592	–157	–161	<b>762</b> “
1985	2.507			<b>870</b> “

Það er erfitt að lesa út úr þessum „upplýsingum“, að þegar í október 1984 hafi bankastjórar Útvegsbankans „gripið til ráðstafana og stöðvuðu alla afgreiðslu nýrra lána, að því undanskildu, að tvö lán voru veitt snemma árs 1985 vegna hlutafjáraukningar“, eins og fram kemur í forsendum Sakadóms Reykjavíkur. Nær liggur að álykta sem svo, að ausið hafi verið fé í Hafskip, eins og raunar var haldið fram í síbýlju í allri umræðunni á Alþingi og fjölmiðlum.

Eins og fram kemur í athugasemdum bankastjóranna við skýrsluna skýrist hækkun skuldbindinga félagsins við bankann frá miðju ári 1984 fram til desember 1985 (úr 269.9 m. kr. í 653.3 m. kr.) á eftirgreindan hátt:<sup>37</sup> (Ath. eftirfarandi tölur eru á verðlagi hvers árs og því ekki sambærilegar við ofangreinda töflu):

	Samtals	
<b>Hækkun lána í krónutölu</b> . . . . .	<b>383.4 m.kr</b>	
Þar af hækkun erl. lán v/ gengisbr. . . . .	186.4 m.kr.	
Þar af vöxtum og kostn. skuldbreytt . . . . .	47.5 "	
<b>Þar af gjaldfallnar ábyrgðir:</b>		
a) sem stofnað var til fyrir 31.12.83 . . . . .	43.1 "	
b) sem stofnað var til eftir þann tíma . . . . .	9.1 "	
Þar af skuldbr. innlends láns . . . . .	16.0 "	302.1 m.kr.
<b>Lán veitt vegna hlutafjáraukningar</b> . . . . .		<b>78.9 m.kr.</b>
Önnur hækkun beinna lána . . . . .		2.4 m.kr.
<b>Hækkun skv. sundurliðun</b> . . . . .		<b>383.4 m.kr.</b>

Á þessu yfirliti sést, eins og kemur skýrt fram í forsendum Sakadóms Reykjavíkur, að nánast eina beina hækkun útlána til Hafskips á þessu tímabili stafar af því, að ákveðið var að veita félaginu fyrirgreiðslu á móti hlutafjáraukningu eigenda. Þetta kom einnig glöggt fram í svarbréfi bankastjórnarinnar til Hallvarðs Einvarðssonar 23. mars 1986, áður en hann gaf út ákæru sína og skýrslu Ólafs Helgasonar til sérfræðinganevndarinnar.

Því miður hellti skýrsla sérfræðinganna Jóns, Brynjólfs og Sigurðar olíu á þann eld, sem logaði í þjóðfélaginu vegna þessa máls. Þótt þeim áfellingdómum, sem kveðnir voru upp í skýrslunni, hafi verið kirfilega hnekkð í sýknudómi Sakadóms Reykjavíkur, er rétt að hafa það hugfast, að álit þessarar nefndar olli ómældum skaða áður en dómurinn féll. Vafalítið er, að stjórnendur bankans voru öðru fremur ákærðir vegna fáheyrðra vinnubragða nefndarinnar með þeim afleiðingum, sem það hafði fyrir „banka í eigu þjóðarinnar,“ stjórnendur hans og fjölskyldur þeirra.

## 5. Umræður á Alþingi um Útvegsbankann og skýrslu sérfræðinganevndarinnar.

Mörg stóryrði féllu á Alþingi um Útvegsbankann og stjórnendur hans á meðan Hafskipsfárið heltók þjóðina og málið var oft á dagskrá þingsins. Það er ekki ofmælt, að sú umræða hafði gagnvirk áhrif á þá múgsefjun, sem ríkti, eins og Morgunblaðið nefndi ástandið. Margir þingmenn kröfðust tafarlausrar brottvísunar bankastjórana. Af mýmörgum dæmum má nefna, að *Jóhanna Sigurðardóttir*,<sup>38</sup> sagði m.a. í umræðum utan dagskrár í nóvember 1985, áður en til gjaldþrots Hafskips kom: „Það er mín skoðun að þeir sem ábyrgð bera á því að skuldbinda bankann með þessum hætti sem haldið hefur verið fram þannig að fyrir liggur mikið fjárhagslegt tap hjá bankanum, sé það rétt, hafi gerst sekir um vítaverða vanrækslu og mistök í starfi. Þeir eru þá ekki starfi sínu vaxnir og ber að leysa þá frá störfum“. Þetta sagði þingmaðurinn áður en hún hafði nokkrar haldbærar upplýsingar um stöðu málsins. Hún óskaði síðar eftir útvarpsumræðu, sem fram fór eins og áður getur hinn 12. desember, nokkrum dögum eftir gjaldþrot Hafskips. Þar sagði hún, svo mynd sé gefin af innihaldi og stíl umræðunnar: „Það er ekkert einkamál forráðamanna Hafskips þegar ríkisbanki hefur dælt fjármagni inn í rekstur félagsins langt umfram veð og tryggingar hvort soun eða misferli hafi átt sér stað með þá fjármuni. Spurningin er því þessi: Hagnast forráðamenn Hafskips á öllu ævintýrinu meðan þjóðin stendur uppi með reikninginn? Okkur kemur það við ef einn hótélreikningur forráðamanna Hafskips samsvarar fernum árslaunum láglaunafólks í dagvinnu sem lifa þarf af kaupþöxtum“. *Guðrún Helga-dóttir*, alþingismaður, sagði við sömu umræðu: „Gjaldþrotamál Hafskips er skólabókardæmi um vanhæfni allra viðkomandi aðila, bankastjóra, bankaráðsmanna, endurskoðenda, að ekki sé talað um hina glötuðu snillinga sem Hafskipum stjórnuðu. Ekkert af þessu fólki hefur gripssvit á meðferð peningamála né rekstri fyrirtækja og þegar í óefni er komið hlífir hver aðilinn öðrum í niðurlægingu sinni og smán.“

Hafskipsmálið var í níunda sinn á dagskrá Alþingis eftir að skýrsla sérfræðinganevndarinnar barst viðskiptaráðherra 13. nóvember 1986. Þingmenn settu sig enn og aftur í dómarsæti við þá umræðu án þess að hafa nokkrar forsendur til þess nema skýrsluna sjálfa, og virðist alls ekki hafa látið sér til hugar koma, að rétt væri, að þeir opinberu starfsmenn, sem dæmdir voru í skýrslunni, fengju að tjá sig um hana. Þess verður að geta og taka skýrt fram, að alþingismenn höfðu þá ekki þær grundvallarupplýsingar, sem Sakadómur Reykjavíkur byggði sýknudóm sinn á síðar. Í skýrslunni kom alls ekki fram, að beinar lánveitingar til félagsins voru stöðvaðar í október 1984 og lánveitingar jukust ekki í tíð starfandi bankastjóra nema í tengslum við hlutafjár aukninguna 1985. Í skýrslunni var ekki minnst á ábyrgð Helga Magnússonar, löggilts endurskoðanda, vegna áritunar hans á ársreikninga og milliuppgjör félagsins né það tekið til greina, að eftirlit með viðskiptunum við félagið var í höndum bankastjórnarinnar sjálfar.

Viðskiptaráðherra, Matthías Bjarnason og Ólafur P. Þórðarson, alþingismaður, hvöttu til þess, að alþingismenn settu sig ekki í dómarsæti og bentu á, að það væri hlutverk dómstóla í landinu. Það leiðir hugann að því, að kannski er tilurð þessarar nefndar og eftirmáli hennar skólabókardæmi um hversu mikilvægt það er, að ríkisvaldið sé þrískipt og að menn virði þá þrískiptingu meira en gert hefur verið fram til þessa.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð gein fyrir þessari umræðu á Alþingi um Hafskipsmálið og sérstaklega um Útvegsbankaþátt þess, til þess að varpa ljósi á það, hvernig ein slík umræða fór fram á þinginu. Fróðlegt er að bera saman eftirfarandi ummæli ýmissa þingmanna á Alþingi við rökstuðning og niðurstöður Sakadóms Reykjavíkur.

*Matthías Bjarnason*, viðskiptaráðherra, hóf umræðuna. Hann sagði m.a. að þetta væri eitt mesta gjaldþrotamál í sögu íslenska lýðveldisins og byggði þá umsögn m.a. á upplýsingum bankaeftirlitsins. Í því sambandi sagði hann að „talið væri ósennilegt að heildartap ýmissa aðila af gjaldþrotinu væri undir 1 milljarði króna. Þar af áætlað bankaeftirlitið að einn ríkisbankanna, Útvegsbanki Íslands, tapi um 600 millj. króna“ Hann sagðist „vera andvígur þeirri skoðun nefndarinnar að það hefði átt að víkja núverandi bankastjórum Útvegsbankans frá starfi. Það hefur ekkert komið fram sem hefur sannað að það hafi átt að víkja þeim frá starfi.“ Ennfremur sagði hann: „Ég vil líka minna á að nefndin fer nokkuð út fyrir starfssvið sitt þegar hún tekur sig til að dæma Alþingi fyrir kjör á mönnum í bankaráð Útvegsbankans...“ Ráðherra sagði m.a., út af ásök-

unum í skýrslu nefndarinnar: „Ég tel að það eigi engan mann að dæma fyrir fram. Það verði að bíða eftir dómsvaldinu í þeim efnunum. Það á heldur ekki að sýkna neinn fyrir fram“. Ráðherrann lýsti niðurstöðum skýrslunnar og dró að sjálfsgöðu ekkert undan, en hann sagði m.a. „Því má bæta hér við til fróðleiks að verðlækkanir og jafnvel verðhrun á skipum átti sinn þátt í því að a.m.k. tvö stór norsk skipafélög, Augustson og Ringsten, urðu gjaldþrota og fengu jafnvel heimsþekktir bankar, eins og City Bank og Hambros banki, talsvert mikla skelli þótt þessir bankar hafi mikla reynslu í alþjóðaviðskiptum og hafi miklu sérfræðingaliði á að skipa.“

Svavar Gestsson sagði m.a. „Mér sýnist að þetta Útvegsbankamál og þessi skýrsla hljóti að setja bankamálin í heild á dagskrá Alþingis og stjórnmalaflokkanna“. Hann vék að því, að líklega gæti verið um að ræða vandamál í öðrum bönkum um tryggingar. Um skýrsluna sagði hann, að hún væri „allskýr“ og „skrifuð á mannamáli sem ekki er algengt um opinberar skýrslur.“ Hann gerði mikið úr spurningunni um hverjir ættu að bera ábyrgð vegna málsins. „Getur verið að hagdeildin hafi ekki verið spurð um stöðu þessa fyrir-tækis í fjögur ár?“ Orðrétt sagði hann einnig: „Niðurstaðan er sú, að það er hin flokkspólítíska einokun Sjálfstæðisflokksins á þessu máli, öllum endum þess, sem ræður úrslitum og ber að skoða sérstaklega.“ Svo nefndi hann „að í skýrslunni er þáttur sem nefnist Alberts þáttur Guðmundssonar, þar er átt við hæstv. iðnaðarráðherra, minnir á kaflafyrirsagnir í Íslendingasögum um Sneglu–Halla þátt og fleiri. Þar er Alþingi gagnrýnt sérstaklega fyrir að hafa kosið hæstv. iðnaðarráðherra (Albert) í bankaráð Útvegsbankans.“ Og um þennan þátt skýrslunnar sagði hann: „En ég get ekki sagt að mér finnst þessi kafla um Alberts þátt Guðmundssonar, sterkasti hluti skýrslunnar“. Þá spyr Svavar: „Átti að reka þessa bankastjóra, sem nú starfa við Útvegsbankann? Ég ætla mér ekki að kveða upp neinn dóm í þeim efnunum...“ Hann sagði einnig um hluta-fjárukningu o.fl. „Það er því alveg ljóst að þeir bankastjórar sem eru nú tóku fljótlega til hendinni.“ Síðar í ræðunni tók Svavar upp orð nefndarinnar um traust bankastjóranna á Hafskipsmönnunum. Hann sagði m.a.: „Þeir treystu því að ársreikningar félagsins, undirritaðir af löggiltum endurskoðanda þess væru öruggir. Þeir treystu því og það er bersýnilega gagnrýni vert að treysta því. Ég vil þá spyrja í framhaldi af þessu: Hvað er með þessa stétt sem heitir löggiltir endurskoðendur? Er ekki ástæða til þess að athuga aðeins starfsreglur þeirra og siðareglur?“ Þá sagði Svavar einnig: „Á bls. 82 er komið aðeins inn á bankaeftirlitið. Mér finnst bankaeftirlitið hafa sloppið of vel í umræðum um þetta mál. Ég tel að bankaeftirlitið hefði átt að geta komið upplýsingum um þessa hluti á framfæri við stjórnvöld mikið fyrr og ég segi ekki það hefði átt að geta það heldur bar því skylda til þess.“

Guðmundur Einarsson gerði mikið úr auglýsingu bankans, sem beint var að sparifjáreigendum í harðri samkeppni banka og sparisjóða. Athygli þeirra var vakin á því, að innlán þeirra væru örugg í ríkisbanka, þrátt fyrir erfiðleika, sem hann glímdi við. Hann túlkaði þessa auglýsingu á sinn hátt og sagði, að í auglýsingunni væri bent á að í ríkisbanka væri áhættan engin, en nú segðu menn: „Í ríkisbanka er ábyrgðin engin.“ Skýrsla nefndarinnar er „náttúrulega ævintýrulegt plagg.“ Þá sagði hann: „Ef við spyrjum okkur hvaða lærdóm eigi að draga og hvort við viljum læra eitthvað af þessari skýrslu, sem við gætum hugsanlega haft not af víðar en bara í Útvegsbankanum eigum við að spyrja: Höfum við t.d. næga tryggingu fyrir því að hliðstæðir hlutir gerist ekki í öðrum ríkisbönkum?“ Þá las hann eftirfarandi upp úr skýrslunni: „Hin mikla fyrirgreiðsla sem Hafskip hlaut í Útvegsbankanum var því að hluta til af pólitískum rótum runnin, þar sem bankastjórunum var ætlað að þjóna kerfinu.“ Og einnig „Þær ákvarðanir bankastjóra Útvegsbankans að halda sífellt áfram lánveitingum til Hafskips í stað þess að stöðva þær þegar við átti kunna að eiga rót sína að rekja til þess að bankastjórnarnir hafi ekki treyst sér til að standa gegn þeim pólitíska þrýstingi úr ýmsum áttum, sem þeir áttu von á að beitt yrði til björgunar fyrirtækinu og rekstri þess.“ Auk þess las hann m.a. beint úr skýrslunni: „Pólitískt ríkisbankakerfi ýtir undir þau viðhorf bankastjórnenda að meta ekki allar lánafyrirgreiðslur út frá hreinum peningalegum sjónarmiðum.“

Albert Guðmundsson, iðnaðarráðherra, sagði m.a., að hann hefði verið formaður bankaráðs Útvegsbankans í umboði þeirrar ríkisstjórnar, sem Svavar Gestsson hefði verið ráðherra í. Hann sagði orðrétt í því sambandi. „Ég var ekki beðinn um það af Sjálfstæðisflokknum né heldur valinn af Sjálfstæðisflokknum í bankaráð Útvegsbankans. Eftir að hafa hafnað ósk ríkisstjórnarinnar tvisvar eða þrisvar sinnum var ég boðaður á fund forsætisráðherra (Gunnars Thoroddsen).<sup>39</sup> Þar voru staddir fulltrúar frá Framsóknarflokki og frá Alþýðubandalagi. Á þeim fundi gekk ég að því boði, skulum við segja, með þeim fyrirvara að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekkert á móti því, að gerast bankaráðsformaður Útvegsbankans. Sem sagt ég var



fulltrúi þeirrar ríkisstjórnar, sem háttvirtur þingmaður Svavar Gestsson og aðrir hans flokksbræður og hans flokkur sat í og stóð að.“ Albert lagði í máli sínu mikla áherslu á, að hann hefði sem formaður bankaráðs aldrei beitt neinum þrýstingi til að lána Hafskipi peninga.

*Sigríður Dúna Kristmundsdóttir* sagði að skýrsla þessi væri „stórfróðleg og makalaus lesning“ og einnig „ævintýraleg.“ Hún sagði að helstu niðurstöður þessarar hörmulegu skýrslu væru að „hreint tap þjóðarinnar vegna viðskipta Útvegsbankans og Hafskips væru 600 millj. króna.“ Þá sagði hún m.a. „Bankastjórnin nýtti sér ekki einu sinni þá sérfræðilegu þekkingu, sem til staðar var innan hagdeildar bankans til að fylgjast með fjárhag Hafskips“ og sagði síðan, að „auðvitað hefðu bankastjórar Útvegsbankans og einnig bankaráð hans, svo ekki sé minnst á aðra sem málinu tengjast, átt að víkja tímabundið frá störfum meðan á rannsókn þessa máls stóð. Það dugar lítt að segja, að bankastjórnir hafi verið tiltölulega nýráðnir að bankanum og bankaráðið nýlega komið til starfa og setja það fram sem rök fyrir því að þeim sé málið lítið skylt.“ Hún sagði einnig: „Reyndar er málflutningur háttvirtis þingmanns Valdimars Indriðasonar, formanns bankaráðs Útvegsbankans í þessu máli með töluverðum ólíkindum. Í Morgunblaðinu í dag má lesa það eftir honum haft að opinberir aðilar sem málinu tengjast hafi allir saman unnið vel, bæði bankaráðið undir hans forustu og jafnt núverandi sem fyrrverandi bankastjórar Útvegsbanka Íslands. Samt stöndum við hér með stærsta gjaldþrotamáli í sögu íslenska lýðveldisins í höndunum.“

*Jón Baldvin Hannibalsson* rifjaði upp, að fyrr í haust<sup>40</sup> hefði hann og fleiri þingmenn. Alþýðuflokksins gert málið að umtalsefni á Alþingi. Þá sagði hann að kjarni þessa máls birtist í einni málsgrein skýrslu nefndarinnar á bls. 67: „Þegar lítið er til þess að Útvegsbankinn varð fyrir það miklu tapi við gjaldþrot Hafskips að allt eigið fé bankans glataðist er eðlilegt að viðbrögð „kerfisins“ séu skoðuð nánar. Þar sem stjórnendur bankans sitja áfram, þrátt fyrir áfall bankans, þá er eðlilegt, að spurt sé hvort ríkisbankakerfið sé þannig upp byggt, að enginn beri ábyrgð á því, sem gerst hefur.“ Þá sagði Jón Baldvin: „Þetta sýnist mér kjarni málsins. Það er sama hvernig við orðum þessar spurningar, hverjir bera ábyrgð á óförunum, hverjir bera ábyrgð á því, að rúmlega milljarður af fé skattgreiðenda að lokum er fokin út í veður og vind. Er það Alþingi, sem sætir nokkurri gagnrýni í þessari skýrslu? Eru það hin pólitískt kjörnu bankaráð? Eru það hinir pólitískt kjörnu bankastjórar? Er það bankaeftirlitið? Er það yfirstjórn Seðlabankans, sem hefur húsbóndavald yfir bankaeftirliti? Er það viðskiptaráðherra? Er það ríkisstjórn? Eða er það hið sameinaða pólitíska kerfi, sem haldið hefur verndarhendi sinni yfir þeirri skipan bankamála, sem er dálítið einkennandi fyrir stjórn efnahagsmála í þessu landi og óvenjulegt ef við lítum til samanburðar til grannþjóða okkar annarra á Vesturlöndum? Hver ber ábyrgð?“

*Kristín Ástgeirsdóttir* sagði m.a.: „Niðurstöður skýrslunnar eru þær helstar að Útvegsbankinn hafi fylgst ákaflega illa með málefnum Hafskips, stærsta viðskiptavinar síns. Lánveitingar urðu miklu meiri en eðlilegt gat talist, tryggingar skorti, stjórnendur bankans treystu blint á upplýsingar Hafskips og þeir aðilar sem áttu að sinna eftirliti sváfu á verðinum. Meginniðurstaðan er svo auðvitað sú að stjórnendur bankans hafi verið og séu í raun óhæfir til þeirra starfa sem þeir hafa valist til.“ Síðar sagði hún: „Niðurstaða mín eftir þennan lestur er sú að því miður sitji og hafi setið í stjórn Útvegsbankans menn sem ekki eru starfi sínu vaxnir. Og hvers vegna skyldi það vera? Mín skoðun er sú að um sé að kenna þeirri staðreynd að bankastjórar og bankaráðsmenn eru valdir pólitískt.“

*Ólafur Þ. Þórðarson* gerði að umræðuefni hvernig bankaráð væru valin og var gagnrýninn á þá umræðu og dóma, sem ríkisbankakerfið hefði hlotið í sambandi við þetta mál. Hann sagði m.a.: „Ég tel að það sé ekki verkefni Alþingis að annast dómstörf og ég tel að það hljóti að verða að koma í ljós, það hefur ekki enn verið neitt endanlegt í þeim efnum, hvort þetta mál er búið eða hvort ríkissaksóknari á eftir að höfða mál á hendur einhverjum mönnum vegna þessa gjaldþrots.“ Ólafur sagði einnig: „Alþingi Íslendinga ræður litlu um rekstrargrundvöll fyrir alþjóðlegum siglingum og Útvegsbankinn ekki heldur.“

*Valdimar Indriðason*, þáverandi formaður bankaráðsins, fór yfir aðgerðir, m.a. björgunaraðgerðir eins og dómarrar Sakadóms nefndu það, sem bankastjórnin stóð í árið 1985, en hann tók við formennsku í bankaráðinu 16. janúar það ár. Hann mótmælti ummælum þingmanna um aðgerðarleysi stjórnenda bankans. Hann lagði áherslu á, að stjórnendur hans hefðu aldrei verið beittir pólitískum þrýstingi í starfsemi bankans.



*Steingrímur J. Sigfússon* gerði þátt bankaeftirlitsins sérstaklega að umræðuefni og sagðist taka undir með skýrsluhöfundum um, að það hefði ekki brugðist skyldu sinni, en vildi auka sjálfstæði þess, eins og fram hefði komið í umfjöllun um nýja löggjöf um Seðlabanka Íslands.

*Matthías Bjarnason*, viðskiptaráðherra, fjallaði í síðari ræðu sinni um nýja bankalöggjöf, eðli bankareksturs og lýsti furðu sinni á því, að þingmenn ættu alls staðar að vera óalandi og óferjandi (átti við bankaráðsmennina). Hann sagði m.a. „Ég hugsa að það sé hvergi talað í öðrum hópi jafn svívirðilega hver til annars og á hinu háa Alþingi.“ Hann rifjaði upp áföll, sem orðið hefðu í íslensku efnahagslífi fyrr og síðar og útlánatöp Fiskveiðasjóðs, Bygðasjóðs o.fl. opinberra sjóða. Hann talaði líka um dómhörku, menn vildu bara reka og reka, þótt engar sannanir lægju fyrir. Hann lauk máli sínu þannig: „Við skulum ekki dæma menn fyrir fram, hvorki sýkna né seka. Þeir verða að bíða eftir því að fá eðlilega umfjöllun dómstóla, ef það er talið að þeir hafi ekki staðið við sínar skyldur og ábyrgð. Þá verðum við að hafa biðlund eftir dómstólum en rasa ekki um ráð fram í gagnrýni okkar og dómum.“

*Kjartan Jóhannsson* sagði m.a. um stjórnendur Útvegsbankans. „Stóðu þeir sig eða stóðu þeir sig ekki? Skv. þessari skýrslu, sem hér liggur fyrir er niðurstaðan sú, að þeir hafi ekki staðið sig.“ Síðan vék hann að því að þetta sé ekki endanlegur dómur og Alþingis væri að ákveða hvort þetta álit, sé rétt eða ekki. „Það vill nefnilega þannig til að við erum í sæti atvinnurekandans. Við erum með menn í vinnu. Það er eðlilegt og sjálfsagt og reyndar skylda Alþingis, tel ég, að dæma frammistöðu þeirra sem það hefur í vinnu, dæma frammistöðu þeirra sem það hefur trúað til mikilla verka.“

Hér vantar augljóslega þá ályktun, að sjálfsagt sé, að Alþingi óski eftir andmælum starfsmanna sinna við skýrslunni í samræmi við góða stjórnsýsluhætti og fyrirmæli í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En svo uppteknir voru menn í hita leiksins af því að draga menn til ábyrgðar og hengja fyrir meint tap á milljarði af fjármunum skattborgaranna, að alþingismönnum virtust slík réttlætissjónarmið ekki hugstæð. Það er einnig athyglisvert í þessu sambandi, að eftir að Sakadómur dæmdi frammistöðu stjórnenda Útvegsbankans og taldi þá hafa staðið í björgunaraðgerðum í „banka þjóðarinnar“, var aldrei á þann dóm minnst á Alþingi, né fjallað um fyrri „áfellisdóma“ sérfræðinganefndarinnar og einstakra alþingismanna. Sú „skylda Alþingis“ gleymdist.

Eins og áður kom fram svöruðu bankastjórnarnir þessari skýrslu ítarlega um mánuði eftir að hún barst þeim í hendur. Þau andsvör voru ekki rædd á Alþingi, en þau voru birt í heild í Morgunblaðinu 17. janúar 1987 og um þau var fjallað í leiðara blaðsins 20. janúar, sem bar yfirskriftina „Málsvörn Útvegsbankans“. Þar segir m.a.: „Þegar athugasemdir bankastjórnar Útvegsbankans eru lesnar ber að sjálfsögðu að hafa það í huga, að hún er ekki hlutlaus aðili málsins. Hún er sá aðili, sem sætir harðri gagnrýni í skýrslunni og athugasemdirnar eru málsvörn hennar. Þetta er ekki sagt til að draga úr gildi athugasemdanna, því þótt í þeim séu tíunduð ýmis atriði, er virðast léttvæg gagnrýnisefni eru þar einnig að finna málefnalega ádeilu, sem ekki verður með neinni sanngirni horft fram hjá.“

Því miður varð þetta þó niðurstaðan. Það var horft fram hjá þessum svörum stjórnenda bankans í hinni pólitísku umræðu. Það stóð hins vegar ekki á því, að skýrsla sérfræðinganefndarinnar væri rædd á Alþingi um leið og hún kom út og að margir þingmenn tækju undir og hnykktu á áfellisdómum, sem þar komu fram. „Stjórnendur bankans hafi verið og séu í raun óhæfir til þeirra starfa sem þeir hafa valist til“, eins og Kristín Ástgeirsdóttir komst að orði. Margir aðrir þingmenn gáfu stjórnendum bankans falleinkun með skömm, en spurningin er sú, hvaða einkunn hæfir ummælum þeirra margra, eftir að réttir dómáramar felldu þann dóm síðar, að bankastjórnarnir hefðu staðið sig vel „í björgunaraðgerðum, sem voru ekki síður í þágu bankans en félagsins.“

Að lokum er rétt að undirstrika, þegar fjallað er um þessa síðustu megin umræðu Alþingis um Hafskipsmálið, að þingmenn kepptust hver um annan þveran að nota sem sterkust orð til að fordæma ríkisbankakerfið og töldu, að þar væri að finna orsök þess, að Útvegsbankinn tapaði útlánnum vegna gjaldþrots Hafskips.

Morgunblaðið fjallaði um þessa umræðu í leiðara 15. nóvember 1986 undir fyrirsögninni: „Dómur yfir ríkisbankakerfinu“ og benti á, að flestir þingmenn fordæmdu pólitísk afskipti af bankakerfinu og töldu að undirrót „ófara Útvegsbankans“ hafi verið að finna í því, að bankaráðsmenn og bankastjórar væru skipaðir pólitískt.

Þetta er vafalaust athyglisverður dómur hjá Morgunblaðinu og ekki síður hjá ýmsum þeim þingmönnum stjórnmalaflokka, sem barist hafa fyrir ríkisreknu bankakerfi í áratugi. Óhætt er þó að fullyrða, að stjórnendur einkabanka í nágrennalöndum okkar hefðu líklega fengið öflugri og meiri stuðning ríkisvaldsins en Útvegsbankinn, sem var þó „í eigu þjóðarinnar“, ef þeir hefðu lent í hringið eins og Hafskipsmálinu. Þessari ályktun til staðfestingar má benda á, að stærstu bankar Noregs, Den Norske Bank og Christiania Bank, lentu í miklum erfiðleikum á árunum 1986 til 1990 vegna vanskila lánþega. Í kjölfarið ákváðu norsk stórfyrirtæki Uni, Storebrand, Norsk Hydro og Statoil „að dæla 900 millj. norskra króna (átta milljörðum ísl. króna á þáverandi verðlagi)“ í þessa banka, eins og komist var að orði í frétt Morgunblaðsins 4. júlí 1991, sem höfð er eftir Financial Times. Í fréttinni segir: „Þetta er í fyrsta skipti sem norsk fyrirtæki veita bönkum neyðaraðstoð. Hins vegar hefur ríkið hvað eftir annað komið til hjálpar.“

## 6. Þáttur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Afskiptaleyssi bankaeftirlits Seðlabankans um margra ára skeið af málefnum Útvegsbankans er athyglisvert í ljósi þess, sem haldið var fram í málinu á árunum 1985 og 1986 og við undirbúning að málaferlum gegn stjórnendum Útvegsbankans. Þetta afskiptaleyssi var algjört, sérstaklega á þeim tíma, sem Albert Guðmundsson var bæði stjórnarformaður Hafskips hf. og formaður bankaráðs Útvegsbankans. Á hinn bóginn sendi bankaeftirlitið, eftir áralangt afskiptaleyssi, nánast á viku fresti síðari hluta árs 1985 svartar skýrslur um stöðu trygginga bankans fyrir útlánum til Hafskips, þegar slík vinnubrögð voru frekar til óþurftar en hitt. Einnig hlýtur fáheyrd framkoma forstöðumanns bankaftirlitsins í garð stjórnenda bankans að vekja sérstaka athygli.

Staðreynd er, að bankaftirlitið gerði ekki heildarúttekt á starfsemi eða útlánum Útvegsbankans í tæp 7 ár (5 ár skv. annarri túlkun), þ.e. frá því heildarúttekt bankaftirlitsins var gerð árið 1978 og þar til bankaftirlitið athugaði sérstaklega útlán til stærstu lánþega Útvegsbankans í júní 1985 eftir að bankastjórn Útvegsbankans ræddi útlánamál Hafskips við bankastjóra Seðlabankans.

Bankaftirlitið gerði enga slíka heildarúttekt á málefnum Útvegsbankans, eða viðskiptum hans við Hafskip, þegar Albert Guðmundsson var formaður stjórnar félagsins frá 11. maí 1979 til 10. júní 1983 og samtímis formaður bankaráðs Útvegsbankans frá 1. janúar 1981 til 2. júní 1983, en þá varð hann fjármálaráðherra.

Bankaftirlitið fékk yfirlit yfir skuldastöðu Hafskips við bankann í mars 1980, en sá ekki ástæðu til athugasemda. Seðlabankinn og bankaftirlitið fengu upplýsingar um stöðu félagsins við bankann haustið 1984 og enn sá bankaftirlitið ekki ástæðu til að hafast að. Það sendi hins vegar frá sér svartar matsskýrslur um taphættu bankans síðla árs 1985, þegar allt var um seinan að þær kæmu að einhverju gagni og samningar við Eimskip um sölu á Hafskipi í rekstri stóðu sem hæst. Í nóvember 1986 lét það viðskiptaráðherra í té þær röngu upplýsingar, að tap bankans yrði um 600 m. kr.

Forstöðumaður bankaftirlitsins, Þórður Ólafsson, gekk afar langt í að ýta undir að bankastjórar Útvegsbankans yrðu ákærðir af Jónatani Þórmundssyni. Jónatan hafði óskað eftir gögnum frá bankaftirlitinu, sem tengdust gjaldþroti Hafskips, með bréfi 3. des. 1987. Þórður sendi honum þá m.a. Endurskoðunarskýrslu um Útvegsbankann, sem Ingi R. Jóhannsson samdi í tilefni af nýjum lögum um viðskiptabanka. Skýrslan fjallaði ekkert um Hafskipsmálið, en forstöðumaðurinn lét þó sem svo væri og túlkaði hana í yfirheyrslu lögreglu á afar neikvæðan hátt fyrir stjórnendur bankans. Á sama tíma lét hann undir höfuð leggja að koma á framfæri svörum bankastjórnanna við þessari skýrslu endurskoðandans, sem hann hafði undir höndum. Sú skýrsla hefði útskýrt málið fyrir hinum sérstaka saksóknara og að skýrslan ætti ekkert skylt við Hafskipsmálið.

Rétt er að leggja á það sérstaka áherslu, að bankaftirlit Seðlabankans lét sérfræðinganevnd þeirra Jóns Þorsteinssonar, Brynjólfs I. Sigurðssonar og Sigurðar Tómassonar í té skrifstofuadstöðu og upplýsingar, enda má glögg merkja skyldleika í skýrslugerð þessara aðila og umfjöllun um Útvegsbankaþátt Hafskipsmálsins. Þegar þetta er haft í huga, skýrist ef til vill tvískinnungur og mótsagnir í umsögn sérfræðinganevndarinnar um bankaftirlitið. Í skýrslu nefndarinnar er vakin athygli á því, í ljósi fyrri viðskipta Hafskips og Útvegsbankans, að það komi á óvart að „engin afskipti skuli höfð af viðskiptum bankans og félagsins á tímabilinu frá mars 1980 til júlí 1985, einkum og sér í lagi þar sem bankaftirlitinu var kunnugt um þá áhættu, sem bankinn tók í þessum viðskiptum.“ Ennfremur segir í skýrslunni: „Sérstaklega má benda á, að haustið 1984 fékk Seðlabankinn vitneskju um mikla greiðsluferfiðleika Hafskips vegna áhrifa þeirra á stöðu Útvegsbankans. Þessi vitneskja átti að gefa Seðlabankanum tilefni til að láta bankaftirlitið kanna stöðu Útvegsbankans og Hafskips. Ef bankaftirlitið hefði þá látið til skarar skriða hefði að öllum líkindum mátt draga úr þeim áföllum er síðar komu fram.“<sup>41</sup>

Sérfræðinganevndin leyfir sér hér að snúpra bankastjórn Seðlabankans og um leið bankaftirlitið sjálf, en í beinu framhaldi af þeim ásökunum kemur hins vegar brotlegur innanhússdómur nefndarinnar um bankaftirlitið. Þar segir orðrétt: „Þegar á heildina er litið hefur bankaftirlitið sýnt bæði skarpskyggni og

vandvirkni í þeim athugunum sem það hefur gert, og hvað eftir annað varað sterklega við þróun mála í samskiptum Hafskips og Útvegsbankans.“

Rétt er að geta greinar, sem Jóhannes Nordal, þáverandi bankastjóri Seðlabankans, skrifaði í Morgunblaðið 14. desember 1985, skömmu eftir gjaldþrot Hafskips. Þar vikur hann að því, að reglulegar viðræður hafi átt sér stað milli bankastjórnar Útvegsbankans og Seðlabankans um lausafjárstöðu hins fyrrnefnda, sem var þá slæm. Bankastjórn Seðlabankans skipuðu þá, auk Jóhannesar, Davíð Ólafsson og Tómas Árnason. Í greininni segir Jóhannes orðrétt: „Seinni hluta ársins 1982 og á árinu 1983 fór staða Útvegsbankans hins vegar aftur ört versnandi og voru orsakirnar þá fyrst og fremst versnandi afkoma sjávarútvegsins. Á þessu tímabili og allt fram til ársins 1984 komu hins vegar vandamál Hafskips lítið inn í myndina í þeim viðræðum, sem fóru reglulega fram milli bankastjórnna Seðlabankans og Útvegsbankans vegna lausafjárstöðu hins síðarnefnda. Það var ekki fyrr en haustið 1984, sem nýir greiðsluferfiðleikar Hafskips komu til umræðu vegna áhrifa þeirra á stöðu Útvegsbankans. Kom þá fram af hálfu bankastjórnar Útvegsbankans sú skoðun, að nauðsynlegt væri að grípa til öflugra ráðstafana til þess að leysa þann vanda og var Seðlabankanum kunnugt um tilraunir til þess að koma á samningum milli Hafskips og Eimskipafélags Íslands. Ekkert varð hins vegar úr þeim ráðagerðum að sinni og á fundi með Seðlabankanum í febrúar sl. skýrði bankastjórn Útvegsbankans frá því, að ákveðin hefði verið hlutafjárútkning og aukin umsvif í starfsemi Hafskips, sem vonir stæðu til að bæta mundi rekstrarstöðu fyrirtækisins á árinu 1985. Skömmu eftir miðjan júní (1985) átti ég síðan viðræður við einn af bankastjórum Útvegsbankans um málefni Hafskips. Kom þar fram, að bankastjórinn hefði áhyggjur af málinu, en biði nánari upplýsinga um rekstrarafkomu félagsins fyrstu mánuði ársins. Jafnframt fékk ég í hendur yfirlit um skuldir Hafskips við Útvegsbankann, sem miðaðist við 3. júní ásamt yfirliti yfir tryggingar þær, sem bankinn hafði frá félaginu.“ Í þessari grein seðlabankastjórnar kemur skýrt fram, að yfirstjórn bankaeftirlitsins, sem var bankastjórn Seðlabankans, fékk upplýsingar um sérstaka erfiðleika Hafskips um leið og þeir komu í ljós í Útvegsbankanum og fylgdist með þeim bæði árin 1984 og 1985.

Í skýrslu, sem viðskiptaráðherra, Matthías Bjarnason, lagði fyrir Alþingi 22. apríl, að ósk þingmanna, um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans er yfirlit yfir þessi afskipti, en þar segir orðrétt á bls. 2:

„Á grundvelli 10. gr. laga nr. 10/1961 hefur bankaeftirlit Seðlabankans athugað starfsemi hjá Útvegsbanka Íslands og einstakra útibúa bankans sem hér greinir á tímabilinu 1975–1985:

Mars	1975	Heildarúttekt á fjárhagslegri stöðu bankans, þ.e. aðalbanka og allra útibúa. Úttektin átti rætur að rekja til sérstakra athugana á útibúum bankans í Keflavík og Vestmannaeyjum í október til desember 1974.
Sept.	1975	Útibú bankans á Seyðisfirði.
Febr.	1976	Útibú bankans á Ísafirði.
Maí	1977	Útibú bankans í Vestmannaeyjum.
Júní	1977	Útibú bankans á Siglufirði.
Nóv.	1978	Heildarendurskoðun á stöðu bankans, þ.e. aðalbanka og útibúa.
Nóv.	1979	Útibú bankans á Seyðisfirði.
Nóv.	1979	Útibú bankans í Keflavík.
Febr.	1980	Útibú bankans á Akureyri.
Maí	1983	Útibú bankans á Siglufirði.
Júní	1985	Sérstök athugun á stærstu lánþegum bankans.“

Hér kemur skýrt fram að engin heildarúttekt var gerð á málefnum Útvegsbankans frá því í nóvember 1978 þar til eftirlitið athugaði sérstaklega útlán til stærstu lánþega bankans í júní 1985. Á blaðsíðu 15 í sömu skýrslu er á hinn bóginn fullyrt orðrétt: „Á árunum 1981–1984 var af hálfu bankaeftirlitsins ekki gerð heildarúttekt á útlánastofni eða rekstri Útvegsbankans.“ Hér fer eitthvað á milli mála, þótt ekki sé fastara að orði kveðið. Skýlt er að geta þess, að einnig kemur fram í skýrslunni, að Seðlabankinn hafi gert úttekt á fjármálum bankans árið 1980, en sú athugun varðaði alls ekki viðskipti Hafskips og bankans. Í því sambandi er rétt að benda á ummæli í skýrslu sérfræðinganeftardarinnar en þar segir svo: „Bankaeftirlitið hefur á liðnum árum haft mikil afskipti af málefnum Útvegsbankans og gert heildarúttektir á stöðu bankans auk þess sem úttekt hefur verið gerð á fjárhagsstöðu og viðskiptum einstakra aðila við bankann. Þannig var gerð grein fyrir viðskiptum Hafskips við bankann í heildarúttekt á bankanum í mars 1975 og í nóvember 1978 og auk þess



var sérstök athugun gerð á viðskiptum félagsins við bankann í nóv/okt. 1977. Auk þess fékk bankaeftirlitið í hendur yfirlit frá Útvegsbankanum í marsmánuði 1980 yfir skuldastöðu Hafskips, en sá ekki ástæðu til að kanna það mál frekar.<sup>42</sup> Afskiptaleysi bankaeftirlitsins af viðskiptum bankans við Hafskip frá árinu 1978 liggur því ljóst fyrir.

Á þessu langa tímabili afskiptaleysis bankaeftirlitsins var Albert Guðmundsson um árabíl formaður bankaráðs Útvegsbankans og stjórnar Hafskips og því er ljóst, að bankaeftirlitinu og Seðlabankanum hefur ekki þótt ástæða til þess að tortryggja, að hann gengdi þessum störfum báðum megin við borðið, eins og það var orðað m.a. af Jónatani Þórmundssyni. Þetta langa afskiptaleysistímabil bankaeftirlitsins hlýtur að koma á óvart, ekki síst vegna þess, að í sóknarræðu Jónatans var margendurtekið, að stjórnendur bankans hefðu gerst sekir um stórfellda vanrækslu „þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir bankaeftirlitsins.“ eins og hann komst svo furðulega að orði. Það eru að sjálfsgöðu hrein öfugmæli.

Eins og sérfræðinganefndin vék sérstaklega að í skýrslu sinni, sá bankaeftirlitið, sem var undir yfirstjórn bankastjórnar Seðlabankans, ekki ástæðu til að skoða viðskipti Útvegsbankans og Hafskips haustið 1984, þegar bankastjórn Seðlabankans fékk vitneskju um áhyggjur bankastjóra Útvegsbankans af málum félagsins. En eftir mitt ár 1985, eða frá því síðast í júlí og fram í lok október, gerði bankaeftirlitið ítrekaðar athuganir á tryggingastöðu bankans við félagið. Niðurstaðan fór versnandi, þegar á leið fyrst og fremst vegna lækkunar á markaðsverði skipa félagsins. Þannig var taphætta bankans metin 168–264 m. kr. skv. skýrslu bankaeftirlitsins 27. júlí, en 9. september 352 til 428 m. kr. Munurinn skýrðist á því að við fyrra matið var verðmæti skipanna áætlað tæpar 208 m. kr. en í síðara matinu um 100 m. kr. Enn ein athugun eftirlitsins í lok október var talin benda jafnvel til meiri taphættu.

Auðvitað komu þessar þrjár skýrslur bankaeftirlitsins allt of seint til þess að þær gætu orðið að gagni við lausn málsins, þ.e. gætu stuðlað að því að selja eignir og viðskiptavild félagsins í rekstri, eins og forráðamenn bankans og Hafskips höfðu ákveðið sameiginlega á fundi 17. júlí 1985 að væri eina færa leiðin. Upplýsingar úr þessum skýrslum um, að mat á verðmæti skipa Hafskips hafi minnkað verulega á skömmum tíma, komu fram beint og óbeint í fjölmiðlum og í umræðum á Alþingi. Það er því alveg ljóst að þessar síðbúnu svörtu skýrslur bankaeftirlitsins stuðluðu ekki að því, að sú björgunarleið tækist, sem menn unnu að haustið 1985.

Rétt er að minna á hlutverk bankaeftirlits Seðlabanka Íslands skv. lögum og reglugerðum. Um það efni segir svo í skýrslu sérfræðinganefndarinnar:<sup>43</sup> „Samkvæmt 10. grein laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands hefur bankinn með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga. Þessi starfsemi Seðlabankans nefndist bankaeftirlit. Hlutverk þess er skv. tilgreindu lagaákvæði að fylgjast með að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum“. Síðan er frá því greint að með nýrri reglugerð fyrir Seðlabankann nr. 809/1981 hafi því verið breytt, að bankaeftirlitinu sé skylt að koma í hverja innlánsstofnun eigi sjaldnar en annað hvert ár, en ný ákvæði hafi þá verið sett í staðinn, sem hljóða svo: „Telji bankaeftirlitið að innlánsstofnun hafi brotið í bága við lög og reglur, eða efnahagur og rekstur stofnunar sé með öðrum hætti óheilbrigður skal eftirlitið koma athugasemdum eða ábendingum á framfæri við stjórnendur og endurskoðendur stofnunarinnar. Bankaeftirlitið leggur skýrslu um eftirlit sitt fyrir bankastjórn Seðlabankans, þar sem m.a. sé getið um athugasemdir eða ábendingar, sem framkvæmd eftirlitsins kann að hafa gefið tilefni til og um svör stjórnenda hlutaðeigandi stofnunar.“

Þessar skyldur bankaeftirlitsins, að því beri að leggja skýrslur um eftirlit sitt fyrir bankastjórn Seðlabankans og svör stjórnenda viðkomandi stofnunar vegna þess eftirlits eru athyglisverðar m.a. í ljósi sérstakrar háttsemi forstöðumanns þess, Þórðar Ólafssonar. Framferði hans skal nú lýst í stuttu máli:

Ingi R. Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi Útvegsbankans, gaf út sérstaka skýrslu 5. nóvember 1986, sem hann nefndi Endurskoðunarskýrslu um Útvegsbanka Íslands. Þessi skýrsla Inga var gerð í tilefni af nýjum lögum um viðskiptabanka nr. 86/1985. Þar er fundið að innra eftirliti í bankanum og fjallað um upphæð útlána bankans til 10 nafngreindra fyrirtækja, sem áttu í erfiðleikum og taphætta gat stafað af fyrir bankann. Bankastjórnarnir svöruðu skýrslunni lið fyrir lið.

Jónatan Þórmundsson, sérstakur ríkissaksóknari, skrifaði bankaeftirlitinu 3. desember 1987 bréf og bað það um gögn, „sem tengjast gjaldþroti Hafskips“, eins og það var orðað. Forstöðumaðurinn, Þórður Ólafsson, svaraði erindinu samdægurs og sendi honum áður nefnda endurskoðunarskýrslu Inga R. án nokkurrar skýringar. Einnig sendi hann 16 skjöl frá árunum 1977/79, eitt skjal frá bankanum, sem varðaði árið 1980 og tvö frá árinu 1985, sem fjölluðu um athuganir bankaeftirlitsins á því ári eftir að gjaldþrot Hafskips vofði yfir og skýrslu viðskiptaráðherra til Alþingis um afskipti bankaeftirlitsins, sem rædd var á þingi 22. apríl 1986, og lá þar frammi.

Með þessu var endurskoðunarskýrsla Inga R. Jóhannssonar um Útvegsbanka Íslands, sem fjallaði alls ekki um Hafskipsmálið en tilgreindi nákvæmlega útlán til 10 annarra viðskiptamanna bankans, lögð fram í opinberu dómsmáli. Þetta samrýmdist ekki 25. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, sem hljóðar svo: „Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn banka eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptaaðila bankans, málefni bankans sjálfs, svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt.“ Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986, sem bankaeftirlitið starfaði eftir, er hliðstæð grein. Í bréfi bankastjórnar Seðlabankans frá 25. apríl 1990 til verjenda ákærðra bankastjóra kemur fram, að forstöðumaður bankaeftirlitsins, Þórður Ólafsson, tók sjálfur ákvörðun um að senda áður nefnda endurskoðunarskýrslu til Jónatans Þórmundssonar og upplýsa hann um útlán Útvegsbankans til 10 tiltekinna lánþega annarra en Hafskips.

Fjórum dögum áður en Jónatan gaf út ákæru sína í Hafskipsmálinu var Þórður Ólafsson kallaður fyrir sem vitni hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Forstöðumaðurinn var í raun einungis spurður um eitt atriði við þessa vitnaleiðslu, um mat hans á fyrrnefndri skýrslu Inga R. Jóhannssonar. Vitnið var spurt: „Að hvaða leyti eiga athugasemdir þær sem fram koma í Endurskoðunarskýrslu Inga R. Jóhannssonar dags. 5. nóv. 1986 við um viðskipti bankans við Hafskip hf.“ Þessari spurningu svaraði vitnið þannig: „Það skipulags og eftirlitsleysi hjá Útvegsbanka Íslands sem getið er um í skýrslu Inga R. Jóhannssonar er án nokkurs vafa ein af meginástæðum fyrir þróun viðskipta bankans og Hafskips hf. sem síðar leiddi til gjaldþrots Hafskips og endurreisnar bankans.“

Höfundur skýrslunnar, Ingi R. Jóhannsson, var spurður fyrir Sakadómi Reykjavíkur um þetta mat Þórðar Ólafssonar, forstöðumanns bankaeftirlitsins. Áður nefndur vitnisburður hans hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn upp og Ingi spurður: „*Telur þú að þetta sé rétt?*“ Svar Inga var: „Nei mér finnst þetta nú vera staðhæfing. Þetta er staðhæfing á einhverju sem pilturinn veit ekki um.“<sup>44</sup>

Í réttarhöldum kom fram og var ítrekað staðfest, m.a. af Inga sjálfum, að endurskoðunarskýrslan fjallaði ekki um Hafskip og kom dómsmálinu alls ekkert við, eins og liggur í augum uppi, ef efni skýrslunnar er skoðað. Skýrslu Inga hafði bankastjórn Útvegsbankans svarað ítarlega lið fyrir lið með 25 blaðsíðna greinargerð skömmu eftir að hún barst henni og m.a. sent bankaeftirlitinu, vegna þess að skýrsla Inga hafði borist því. Þetta svar bankastjórnarinnar sendi forstöðumaðurinn ekki til saksóknara með skýrslunni, enda hefði hann þá átt erfitt um vik að rangtúlka og alhæfa efni hennar, eins og hann gerði. Hann viðurkenndi við réttarhöldin í Sakadómi, að honum væri vel kunnugt um að bankastjórnin sjálf annaðist eftirlit með viðskiptunum við Hafskip. Sú fullyrðing hans um skipulags og eftirlitsleysi, sem fjallað væri um í skýrslu Inga væri megin skýringin á þróun viðskipta bankans við Hafskip, fékk því ekki staðist og var sett fram gegn betri vitund hans. Engum vafa er undirorpið, að forstöðumanninum hlaut að vera ljóst, að þessi framburður myndi vega þungt, þegar Jónatan Þórmundsson tæki ákvörðun um framhald málsins, þ.e. hvort hann gæfi út ákæru á hendur bankastjórnunum eða ekki.

Fyrir Sakadómi byggði saksóknari í fyrri hluta sóknarræðu sinnar mjög á mati bankaeftirlitsins á fyrrnefndri skýrslu Inga R. Jóhannssonar. Í því sambandi vitnaði hann til ummæla forstöðumannsins í bréfi frá 7. nóv. 1986 til bankastjórnar Seðlabankans, sem fylgdi með skýrslu Inga R. Þar segir hann m.a. „Af skýrslu endurskoðandans má ráða að athugasemdir hans séu nú fyrst settar fram með þessum hætti vegna nýrra laga. Þau

gagnrýnisatriði sem þar greinir hafa hins vegar verið til staðar um árabíl og færa má rök fyrir því að hefðu stjórnendur bankans tekið tillit til ábendinga bankaeftirlitsins fyrir og síðar og framkvæmt þær úrbætur í rekstri bankans sem það hefur lagt til, **væri staða bankans önnur í dag.**“ (leturbr. hér).

Fyrir liggur skjalfest, að forstöðumaðurinn, Þórður Ólafsson, lagði ekki fram athugasemdir bankastjóranna við skýrslu Inga R., þegar hann lét rannsóknarlögreglu hana í té. Halldór Guðbjarnason, bankastjóri, spurðist fyrir um þessa svarskýrslu við réttarhöldin í Sakadómi og þá kom í ljós að hún var ekki til í málskjöllum. Fulltrúi saksóknara skrifaði bankaeftirliti Seðlabankans hinn 16. mars 1990 og óskaði upplýsinga um, hvort bankastjórnin hefði gert athugasemdir við skýrslu Inga. Í bréfi bankaeftirlitsins til Jónatans Þórmundssonar 29. mars 1990 segir svo: „Athugasemdir bankastjórnar Útvegsbanka Íslands í tilefni af endurskoðunarskýrslu Inga R. Jóhannssonar frá 5. nóvember 1986, bárust bankaeftirlitinu 12. desember 1986. Skýrsla bankastjórnarinnar er dagsett 4. desember 1986 og ber yfirskriftina: Athugasemdir vegna Endurskoðunarskýrslu um Útvegsbanka Íslands frá 5. nóvember 1986. Skýrslan fylgir hér í ljósriti ásamt fylgiskjöllum. Virðingarfyllst, Seðlabanki Íslands, bankaeftirlit, Þórður Ólafsson (sign), Ragnar Hafliðason (sign).“

Það getur ekki legið ljósar fyrir, að með þessari háttsemi braut forstöðumaður bankaeftirlitsins, Þórður Ólafsson, ákvæði reglugerðar um Seðlabankann, þar sem honum er gert skylt að láta svör stjórnenda hlutaðeigandi stofnunar, sem bankaeftirlitið gerir athugasemdir við, fylgja athugasemdum þess til bankastjórnar Seðlabankans auk þess sem það hlýtur að vekja athygli hvernig hann gekk á svig við lög bankanna um þagnarskyldu gagnvart 10 lánþegum Útvegsbankans, þegar hann sendi saksóknara skýrslu, sem fjallaði um útlán til þeirra, en ekki Hafskips.

Að endingu verður ekki skilið við afrekaskrá bankaeftirlits Seðlabankans að því er varðar Útvegsbankaþátt Hafskipsmálsins, að ekki verði gerð grein fyrir vítum í bréfi, sem það sendi bankaráði Útvegsbankans hinn 15. apríl 1987.

Þegar Hallvarður Einvarðsson, ríkissaksóknari, gaf út ákæru á 7 bankastjóra Útvegsbankans og þar á meðal þá fjórmennina Ólaf Helgason, Halldór Guðbjarnason, Lárus Jónsson og Axel Kristjánsson, sögðu þeir samstundis af sér störfum. Bankaráðið fjallaði um afsógnina og féllst ekki á hana. Í kjölfarið barst Valdimari Indriðasyni, formanni bankaráðs, þá eftirfarandi bréf frá bankaeftirlitinu:

Seðlabanki Íslands  
Bankaeftirlit

Rvík, 15. apríl 1987

Bankaráð Útvegsbanka Íslands,  
hr. form. Valdimar Indriðason, alþm.,  
Útvegsbanka Íslands.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands vill, með tilvísun til 3.mgr. sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands, gera athugasemd við afgreiðslu bankaráðs Útvegsbanka Íslands á lausnarbeiðni allra starfandi aðalbankastjóra og eins aðstoðarbankastjóra Útvegsbankans, sem tekin var fyrir á fundi bankaráðsins hinn 10. apríl sl.

Lausnarbeiðni ofangreindra aðila var send bankaráðinu í kjölfar ákæru ríkissaksóknara á hendur þeim vegna meintra brota á nánar tilgreindum ákvæðum alm. hegningarlaga nr. 19/1940 svo og laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands. Í ákæru er þeim gefið að sök að hafa gerst sekir um stórfellda vanrækslu og hirðuleysi í rekslu starfa sinna við Útvegsbanka Íslands að því er tekur til viðskipta bankans við Hafskip H/F.

Bankaráðið hafnaði lausnarbeiðninni með svofelldri bókun:

„Bankaráðið ber fullt traust til bankastjórnarinnar, þrátt fyrir framkomna ákæru, enda er það mat bankaráðsins að núverandi bankastjórn hafi gert sitt ítrasta til að tryggja hag Útvegsbanka Íslands. Bankaráðið er því sammála um að fallast ekki á lausnarbeiðnina.“ (Leturbreyting hér).

Af þessu tilefni vill bankaeftirlitið að fram komi, að það telur, að bankaráðinu hafi borið að fallast á lausnarbeiðni bankastjórnanna. Hins vegar mun bankaeftirlitið ekki aðhafast frekar í málinu með tilliti til þess, hve stutt er þangað til bankinn verður lagður niður og þá um leið umboð bankaráðs og bankastjórnar.

Afrit af bréfi þessu er sent viðskiptaráðherra með tilvísun til 5. mgr. 17. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands.

Virðingarfyllt,  
Seðlabanki Íslands  
Bankaeftirlit

Þórður Ólafsson (sign) Ragnar Hafliðason (sign).

Bankaráðið komst á þessum tíma greinilega að hliðstæðri niðurstöðu um björgunarstörf bankastjórnanna og Sakadómur síðar, líklega vegna þekkingar sinnar á málinu.



## 7. Fyrri björgunaraðgerðir árið 1984 og í ársbyrjun 1985.

Sumarið 1984 voru þeir Ólafur Helgason og Lárus Jónsson ráðnir bankastjórar Útvegsbankans, nánar tiltekið hinn 1. júní 1984 og Axel Kristjánsson var ráðinn aðstoðarbankastjóri frá sama tíma. Halldór Guðbjarnason hafði starfað sem bankastjóri frá því í maí 1983. Guðmundur Karlsson, alþingismaður, var formaður bankaráðsins á þessum tíma.

Einmitt um þessar mundir áttu margir viðskiptamenn Útvegsbankans í miklum fjárhagsvanda. Ástæðan var m.a. miklir erfiðleikar útgerðar og fiskvinnslu og verulegur samdráttur í atvinnulífinu, sem lýsti sér í versnandi lausafjárstöðu og sívaxandi vanskilum í bankanum. Gengisáhætta bankans var mikil á þessum tíma. Ýmis teikn voru á lofti um að til tíðinda myndi draga í gengismálum, þegar líða tæki á árið. Augljóst forgangsverkefni í stjórnun bankans fram á haustið var því að draga úr gengisáhættu í efnahag hans. Þá var einnig stjórn peningamála í landinu gjörbreytt í ágúst 1984, þegar ákvarðanir um vexti og gjaldskrár viðskiptabanka og sparisjóða, sem áður voru teknar í Seðlabankanum, fluttust til stjórnenda einstakra viðskiptabanka og sparisjóða. Svonefndu afurðalánakerfi var einnig breytt á sama tíma. Um áratugaskeið fjármagnaði Seðlabankinn að verulegu leyti útlán bankanna vegna framleiðslu útflutningsatvinnuveganna. Í lok maí var ákveðið að draga úr þessu og síðar var því hætt. Viðskiptabönkum og sparisjóðum, sem höfðu annast þessi lán, var heimilað að taka erlend lán í staðinn og endurlána útflutningsfyrirtækjum fyrir allt að 75% af skilaverði afurða. Þetta hafði í för með sér að ábyrgð fjármögnunar og þar með ákvörðun um vaxtakjör viðskiptamanna bankanna færðist frá Seðlabankanum yfir til viðskiptabankanna. Hér var nær einvörðungu um að ræða Útvegsbankann og Landsbankann. Þeir önnuðust á þessum tíma öll gjaldeyrisviðskipti bankanna.

Að mörgu var því að hyggja í stjórn Útvegsbankans sumarmánuðina árið 1984. Reikningar Hafskips fyrir árið 1983 bárust bankanum um það leyti, sem Ólafur, Lárus og Axel voru ráðnir. Þeir voru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda félagsins. Reikningarnir báru ekki með sér mikil tíðindi. Þeir sýndu 22.1 m. kr. hagnað, eigið fé var lítið eða bókfært 13.4 m. kr. og skip talin 49.5 m. kr. meira virði en þau voru bókfærð á. Þegar líða tók að hausti, komu í ljós erfiðleikar hjá félaginu og segja má, að upp úr því hafi fyrri björgunaraðgerðir stjórnenda bankans og félagsins byrjað.

Á ýmsu hafði gengið í viðskiptum Útvegsbankans og Hafskips á 27 ára ferli félagsins, en talsverðar ráðstafanir voru gerðar til þess að hressa reksturinn við árin 1979 og 1980. Milliuppgjör fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 1984, sem barst um mánaðamótin júlí/ágúst, undirritað af löggiltum endurskoðanda, sýndi að reksturinn var í jafnvægi, tap var 6.2 m. kr. Hvorki ársreikningar eða þetta fyrsta milliuppgjör ársins 1984 báru með sér, að félagið ætti í miklum rekstrarerfiðleikum.

Hinn 3. október 1984 barst bréf frá stjórnendum Hafskips, þar sem óskað var eftir láni að upphæð 500.000 bandaríkjadala vegna fyrirhugaðra Atlantshafssiglinga félagsins. Þá hafði verið í athugun í tvö ár að taka upp beinar siglingar milli Evrópu og Bandaríkjanna með eða án viðkomu á Íslandi. Í bréfinu er rífaður upp aðdragandi málsins og að gerðir hafi verið samningar um að hefja siglingar tveggja skipa. „Allar samningaumleitanir og samningar hafa það að leiðarljósi, að unnt verði að draga í land með skömmum fyrirvara, ef forsendur fyrir rekstrinum kynnu að breytast“ segir í bréfinu.

Hinn 10. október lagði Axel Kristjánsson fram á bankastjórnarfundum yfirlit yfir skuldbindingar og tryggingar Hafskips. Þar kom fram að 17,3 m. kr. skorti á að beinar tryggingar nægðu fyrir skuldbindingum félagsins. Þetta yfirlit var tilgreint í ákæru.

Daginn eftir var haldinn fundur bankastjórnar með forráðamönnum Hafskips, Ragnari Kjartanssyni og Páli Braga Kristjónssyni. Af þeirra hálfu var lögð áhersla á, að þeir áformuðu að hefja svonefndar Trans Atlantic eða Atlantshafssiglingar frá Evrópu til Bandaríkjanna. Allar áætlanir, leiga á skipum, gámum ofl. væru miðaðar við, að hægt væri að draga í land með stuttum fyrirvara, ef áætlanir stæðust ekki. Á fundinum kom fram, að lausafjárstaða félagsins hefði versnað um 50–60 millj. á árinu. Ragnar sagði frá tveggja ára þreifingum við Eimskip um samstarf eða sameiningu, sem gæti þýtt 15–20% lægri farmgjöld. Bankastjórnin gerði á fundinum ljósa afstöðu sína um, að bankinn gæti ekki orðið við óskum um aukna fyrirgreiðslu

við félagið. Á hinn bóginn hvatti hún mjög til þess, að þessar viðræður milli forsvarsmanna félaganna yrðu teknar upp að nýju og vildi fyrir sitt leyti greiða fyrir því að þær bæru árangur.

Um þessa afstöðu segir svo í forsendum dóms Sakadóms Reykjavíkur: „Í október (1984) var þeim (bankastjórunum) ljóst að skuldbindingar bankans vegna félagsins voru orðnar meiri en sem námu tryggingum bankans eða 17,3 milljónir. Þá þegar gripu þeir til ráðstafana og stöðvuðu alla afgreiðslu nýrra lána að því undanskildu að tvö lán voru veitt snemma árs 1985 vegna hlutafjáraukningar.“

Í skýrslu Ragnars Kjartanssonar um Hafskipsmálið kemur fram, að hann hafi rætt við Lárus Jónsson hinn 18. október. Þar segist Ragnar á ný hafa farið yfir stöðu mála í viðskiptum Hafskips og Útvegsbankans, „svo dökkt væri ástandið framundan og Útvegsbankinn búinn að setja félaginu svo þröngar skorður (sbr. fund 11.10) að grípa þyrfti til allra tiltækra ráða. Því myndi hann beita sér fyrir viðræðum við forráðamenn Eimskips um hugsanlegt samráð eða samruna.“

Hinn 30. október barst milliuppgjör fyrir fyrstu átta mánuði ársins, undirritað af löggiltum endurskoðanda félagsins. Þetta uppgjör gaf ekki til kynna nein stórtíðindi í rekstrinum. Rekstrartap var bókfært þessa fyrstu 8 mánuði 5.8 m. kr. Greiðsluerfiðleikar voru talsverðir, eins og fram kom á fundi með stjórnendum þess. Þeir voru fyrst og fremst taldir stafa af því, að félagið hafði misst flutninga fyrir varnarliðið í maí, en þeir flutningar voru afar hagstæðir fyrir félagið og farmgjöld fyrir þá voru yfirleitt greidd fyrirfram. Missir þeirra hafði því mikil áhrif á lausafjárstöðuna og afkomuna um leið. Einnig gætti áhrifa almenns samdráttar í þjóðfélaginu, sem hafði í för með sér greiðsluerfiðleika hjá viðskiptavinum félagsins og síðar fjögurra vikna verkfall BSRB um haustið 1984. Gengisfelling undir lok ársins hafði einnig mikil áhrif á reksturinn yfir árið.

Málatilbúnaður á hendur stjórnendum Hafskips og bankans síðar var að talsverðu leyti byggður á því, að þetta milliuppgjör og ársreikningarnir fyrir árið 1984 hafi sýnt mun betri mynd en var í raunveruleikanum. Í gangi hafi verið „tvöföld skýrslugerð“ hjá félaginu, sem ætlunin hafi verið að nota til að blekkja stjórnendur bankans. Svo mikil áhersla var lögð á þennan þátt „rannsóknarinnar“, að rannsóknarlögregla ríkisins sendi bankastjórunum bréf þar sem beðið var um viðbrögð þeirra við því, ef eiginfjárstaða fyrirtækisins hefði verið 200–250 millj. krónum lakari en reikningar sýndu 31.12. 1984.

Á fundi bankastjórnar með Ragnari Kjartanssyni 17. desember var fjallað um óskir félagsins um lánveitingu, sem nam 2 milljónir dollara. Fyrri afstaða bankastjórnarinnar var ítrekuð. Ragnar talaði þá um viðræður við Eimskip og að ekki væri réttlæt看legt að halda rekstri félagsins áfram að óbreyttu. Fram kom hjá honum, að hann vildi opna á ný viðræður við Eimskip og bankinn þyrfti að skapa svigrúm til þess. Hann lagði fram lista um brýna fyrirgreiðslu fram að áramótum í því skyni.

Í málsskjöllum í réttarhöldum kom fram, að 20. desember hafi verið haldinn stjórnarfundur hjá Hafskipi. Þar hafi Ragnar skýrt frá því, að tap félagsins á árinu yrði 60 m. kr. og að hann hafi einnig talið, að flutningaskip hafi fallið í verði nálægt 50% á tveimur til þremur árum.

Á fundi Ragnars og bankastjórnarinnar 21. desember skýrði hann frá því, að stjórn Hafskips vildi fara þá leið að auka hlutafé og hagræða. Til þess hefði sérstök nefnd verið skipuð. Bókfært hlutafé væri nú um 15 m. kr., sem dreifðist á 400 hluthafa. Áætlanir um Atlantshafssiglingar væru jákvæð og svartssýnisþá sýndi 3.3 milljón dollara hagnað.

Á fundi með bankastjórn 8. janúar 1985, þar sem voru Ragnar Kjartansson, Björgólfur Guðmundsson og Páll Bragi Kristjónsson var skýrt frá tillögum stjórnarnefndar, en í henni voru Sveinn Eyjólfsson, Páll Jónsson og Ólafur B. Ólafsson. Aðalatriði tillagna hennar voru: 1) „sanera“ eða endurskipuleggja reksturinn, selja tvö óhagkvæm, elstu skipin Laxá og Langá. 2) styrkja framkvæmd Atlantshafssiglinga með hlutafjárútboði að upphæð 80 m. kr. Þeir tóku fram að þeir væru sannfærðir um, að þetta hlutafjárútboð tækist og loforð yrðu gefin í formi verðtryggðra skuldabréfa. Þau yrðu lögð fram sem handveð í bankanum gegn fyrirgreiðslu. Á þessum fundi var enn ítrekað, að svonefnt Rainbow mál yrði leyst innan tveggja mánaða, þ.e. að íslensk skipafélög myndu á ný annast flutninga fyrir varnarliðið.

Hinn 29. janúar barst bréf með áætlun um afkomu ársins 1984 og rekstraráætlun fyrir árið 1985. Þar kom fram, að tap á rekstrinum árið 1984 yrði talsvert eða 50–60 m. kr. Hagnaður af Atlantshafssiglingum var þá talinn verða 20 m. kr. Hagnaður af þeim rekstri var áætlaður 146 m. kr. á árinu 1985.

Á fundi bankastjórnar og Hafskipsmanna 31. janúar, þar sem Ragnar og Páll Bragi voru viðstaddir, sagði Ragnar orðrét: „Meiri bjartsýni gætir nú en áður, tapið á árinu 1984 er áætlað 50–60 m. kr. Ég neita því ekki að við vorum hræddir um að það yrði meira. Upplýsingar um Atlantshafssiglingar eru alltaf að berast og allar í jákvæða átt og allt bendir til að markmiðið um 80 m. kr. aukið hlutafé muni nást.“ Páll Bragi sagði orðrét: „Greiðslustaða félagsins hrundi þegar við misstum fyrirframgreiðslu farmgjalda fyrir varnarliðið og vanskil hrönnuðust upp.“ Þessa daga stóð yfir verkfall sjómanna á skipunum en haustið 1984 var verkfall BSRB. Báðar þessar vinnustöðvanir höfðu mikil áhrif á rekstur fyrirtækisins. Á þessum fundi kom fram að niðurstaða ætti að fást í mars um flutningamál fyrir varnarliðið. „Það bætir rekstrarstöðuna um 100 m. kr., þar sem allur fastakostnaður er fyrir hendi vegna Atlantshafsflutninganna.“ sagði Páll. Hluthafafundur var haldinn í Hafskipi 9. febrúar. Samþykkt var 80 m. kr. hlutafjárútböð. Í skýrslu stjórnar er hagnaður af Atlantshafssiglingum talinn 24 m. kr. eða 10% af veltu á árinu 1984.

Þar með var staðfest ákvörðun, sem raunverulega var tekin um áramótin og segja má að hafi verið síðari björgunaraðgerðirnar til viðreisnar féluginu. Fyrst var gerð tilraun til að selja félagið eða sameinast Eimskip, en síðar þegar sú tilraun bar ekki árangur kom framangreind hlutafjárukning til og fyrirgreiðsla bankans í kjölfar hennar.

Seðlabankinn og bankaeftirlitið fylgdust með þessum tilraunum Útvegsbankans frá byrjun eins og staðfest var í tilvitnaðri grein Jóhannesar Nordal, seðlabankastjóra í Morgunblaðinu 14. desember 1985. Seðlabankinn og bankaeftirlitið fylgdust einnig með því, þegar upp úr þessum viðræðum slitnaði og ákveðið var að auka hlutafé félagsins. Í skýrslu viðskiptaráðherra til Alþingis um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans segir: „Á fundi með Seðlabankanum í febrúar s.l. skýrði bankastjórn Útvegsbankans frá því að ákveðin hefði verið hlutafjárukning og aukin umsvif í starfsemi Hafskips sem vonir stæðu til að bæta mundi rekstrarstöðu fyrirtækisins á árinu 1985.“

Bankastjórninni barst 11. febrúar yfirlit um tryggingar Hafskips. Þar kom fram að skuldbindingar væru 509.456 þús. kr. og tryggingar 486.103 þús. kr. Þetta yfirlit var tilgreint í ákæru.

Fundur var haldinn í bankastjórn 14. febrúar. Þar voru einnig viðstaddir Ragnar, Páll Bragi og Björgólfur frá Hafskipi. Frá því var skýrt, að mikil samstaða hafi verið á hluthafafundinum og rætt um fyrirgreiðslu vegna hlutafjárukningar. Forráðamenn Hafskips hafi verið daginn áður á fundi utanríkisráðherra, Geirs Hallgrímssonar. Eftir þann fund töldu þeir sig fullvissa um, að flutningamál vegna varnarliðsins leystust alveg á næstunni.

Haldinn var fundur í bankaráði hinn 1. mars. Þar greindi Axel frá skuldamálum við Hafskip. Hann lagði einnig fram tryggingaryfirlit. Þar kom fram, að tryggingar væru taldar samtals 490 m. kr. en að viðbættum 80 m. kr. aukningu hlutafjár 570 milljónir Skuldbindingar væru 586.6 m. kr. Um þessa stöðu segir Ólafur Helgason í skýrslu til sérfræðinganeftardarinnar: „Um svipað leyti ræddi ég við endurskoðanda bankans um stærstu skuldara bankans. Var það samdóma álit okkar að þrátt fyrir lélega eiginfjárstöðu Hafskips hf. væri fjöldi hluthafa og viðskiptavild fyrirtækisins trygging fyrir því að hægt væri að tryggja sölu fyrirtækisins eða áframhaldandi rekstur án verulegrar taphættu fyrir bankann.“

Á fundi bankastjórnar 6. mars þar sem Ragnar Kjartansson var mættur kom fram, að hann taldi áætlanir um rekstur innanlands og erlendis standast. Útistandandi farmgjöld vegna Atlantshafssiglinga væru nú um 45 dagar og að hlutafjárloforð hafi nú þegar aflast, sem nemi um 50 m. kr.

Hinn 18. apríl var lagt fram tryggingaryfirlit. Skv. því voru skuldbindingar Hafskips 593.894 þús. kr. en tryggingar 575.560 þús. kr. Þetta er þriðja tryggingaryfirlitið, sem tilgreint er í ákæru, þar sem fram koma upplýsingar um vantryggingu.

Ársreikningar fyrir 1984 bárust 30. maí 1985. Niðurstaða var tap á rekstri félagsins, sem nam 95.7 m. kr. Í fylgigögnum var þó staðfest, að 25.5 m. kr. hagnaður hafi orðið af Atlantshafssiglingum. Þar komu einnig fram skýringar á helstu frávikum milli afkomu árunna 1983 og 1984. Tekjutap vegna þess að félagið missti flutninga fyrir varnarliðið var talið um það bil 85 m.kr. Breytingar á gengi umfram þau mörk, sem stjórnvöld stefndu að, hefði valdið 45 m. kr. tjóni og verkstöðvun vegna verkfalls BSRB 20 m.kr. tjóni. Að auki teldu stjórnendur að sérstök 7% taxtalækkun í desember 1983 hefði valdið félaginu 70 m. kr. tekjutapi.

Helgarpósturinn birti 6. júní fræga grein undir fyrirsögninni: „Er Hafskip að sökkva?“ Heilsíðumynd fylgdi af sökkvandi skipi með merki og nafni Hafskips. Segja má að þá hafi byrjað fáheyrð og illskeytt umræða í fjölmiðlum og á Alþingi um fyrirtækið og síðar Útvegsbankann.

Daginn eftir var haldinn aðalfundur Hafskips. Þá sagði formaður stjórnar, Ragnar Kjartansson, að ófyrirséð skakkaföll hafi valdið 220–230 m. kr. króna tapi á árinu, ef ekki hefði verið við þeim brugðist, en ýmsar ráðstafanir hafi haft það í för með sér, að tap reyndist 95,7 m. kr. Björgólfur sagði skv. bókun: „að TA siglingar félagsins hafa sýnt góða arðsemi það sem af er og virðist allt benda til jákvæðrar rekstrarniðurstöðu þessa rekstrarþátar.“

Meira rekstrartap Hafskips og þar með meiri rýrnun eiginfjár en áætlað var olli að sjálfsgöðu miklum vonbrigðum. Þetta kom m.a. fram í viðræðum við bankastjórn Seðlabankans en fundir milli bankastjórnanna voru tíðir á þessum tíma. Á fundi bankastjórnar Útvegsbankans hinn 17. júlí 1985 með Ragnari og Björgólfi var lagt fram milliuppgjör fyrir Hafskip fyrir fjóra fyrstu mánuði ársins, staðfest af löggiltum endurskoðanda þess, Helga Magnússyni. Tap reyndist á félaginu „sem nálgast 100 millj. króna“ á þessum fjórum mánuðum, eins og forráðamenn félagsins tóku til orða.

Af hálfu stjórnenda Hafskips kom fram, að með þessu uppgjöri, eins og Ragnar sagði orðrétt: „væri stofnað til mikilla og óvæntra umskipta, frekari áhættu væri ekki hægt að taka, þótt áætlanir sýni hagnað síðar á árinu.“ *Í kjölfarið var tekin sameiginleg ákvörðun bankastjórnar og þeirra stjórnenda Hafskips um, „að koma í veg fyrir stórslys“, eins og það var orðað.* Leggja yrði alla áherslu á að selja félagið í rekstri og jafnframt reyna að tryggja, að ekki kæmi til skyndilegrar rekstrarstöðvunar. Slíkt myndi hafa í för með sér mikið tjón vegna lækkunar á verðmæti viðskiptavildar og eigna. Ástæða þessarar ákvörðunar er augljós. Þegar efnt var til 80 m. kr. hlutafjárútbóðsins var tap ársins 1984 áætlað 55 m. kr. og jafnframt lágu fyrir áætlanir um mikinn hagnað á árinu 1985. Það er því óhætt að segja, að mikil umskipti hafi orðið í rekstri félagsins, fyrst þegar ársreikningur ársins 1984 sýndi nærri 100 m. kr. tap og ekki síður, þegar ljóst var hinn 17. júlí, að 100 m. kr. tap að auki hefði orðið á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1985 í stað verulegs áætlaðs hagnaðar. Þar með hafði allt nýtt hlutafé félagsins tapast og frekari leiðir til þess að fjármagna áframhaldandi rekstur þess ekki sjáanlegar.

Bankastjórnin hafði eftir stöðvun beinna lánveitinga til félagsins 11. október 1984 aðeins veitt fyrirgreiðslu með kaupum á viðskiptavíxlum á aðra og skuldbreytt lánunum, til þess að félagið gæti haldið sjó. Á hinn bóginn hafði bankastjórnin fallist á með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum að greiða fyrir nýju hlutafjárútbóði með því að lána félaginu gegn tryggingum í skuldabréfum á hluthafa, sem gefin voru út fyrir hlutafjárlofordum. Í kjölfar fyrrnefnds milliuppgjörs var ljóst, að tilraun til að treysta rekstur fyrirtækisins var farin út um þúfur.

Á þessum fundi, hinn 17. júlí var einnig lögð fram áætlun um rekstur félagsins út árið 1985 þar sem gert var ráð fyrir miklum hagnaði síðari hluta ársins. Sigurði Geirssyni, hjá hagdeildinni var falið að fara yfir þessa áætlun og bera saman við reynslutölur, sem nú voru til staðar um Atlantshafssiglingarnar. Niðurstaða Sigurðar var sú, að áætlunin stæðist ekki, enda varð álíka tap eða um 100 m. kr. á rekstrinum í maí/ágúst 1985. Samtals varð því skv. þessum upplýsingum um 300 m. kr. tap á árinu 1984 og fyrstu 8 mánuði ársins 1985.

Segja má, að á þessum örlagaríka fundi 17. júlí 1985, rúmu ári eftir að Ólafur, Lárus og Axel komu að stjórn Útvegsbankans, hafi hinum fyrri björgunaraðgerðum lokið og þær síðari hófust.



## 8. Skaðleg áhrif fjölmiðla og opinberrar umræðu.

Þegar hér var komið sögu um mitt ár 1985 er nauðsynlegt að gera grein fyrir því umhverfi, sem Hafskip og Útvegsbankinn störfuðu í um þessar mundir. Með grein Helgarpóstsins 6. júní hófst ein illvígasta umræða í fjölmiðlum, sem um getur í sögu Þjóðarinnar. Þá urðu einnig umræður á Alþingi um Hafskip og Útvegsbankann, sem sumir þingmenn, sem hlut áttu að máli, eru varla stoltir af. Þetta fær, sem vissulega má kalla því nafni var slíkt, að Morgunblaðið líkti því við múgsefjunina í Geirfinnsmálinu á sínum tíma, eins og áður hefur verið minnst á.

Áðurnefnd grein í Helgarpóstinum birtist daginn fyrir aðalfund félagsins hinn 6. júní undir fyrirsögninni: „Er Hafskip að sökkva?“ Þar er sagt frá málefnum félagsins með ýkjum og dylgjum og dregin upp dökk mynd af sökkvandi skipi Hafskips. Orðrétt segir t.d. um tap fyrirtækisins árið 1984: „Raunar er altalað að tapið sé einhvers staðar í námunda við 200 milljónir. Um þetta getur HP ekkert staðhæft. Hins vegar vill svo til, að við vitum, að í fyrirtækinu hefur oftast en einu sinni verið sagt í ákveðnum hópi, að tapið á árinu 1984 hafi verið um 200 millj. Ef þetta er rétt ætti að taka fyrirtækið til gjaldþrotaskipta.“ (Ath. Fyrir lá skv. staðfestum reikningum Hafskips, að tapið var um 95,7 m. kr. á árinu 1984). Þá segir einnig orðrétt í greininni: „Að undanfögnu hefur rignt inn á aðalskrifstofu Hafskips í Reykjavík kröfum frá umboðsmönnum og söluskrifstofum í Bandaríkjunum og Evrópu. Ástæðan: Í skipabransanum er það nú altalað í þeim löndum, sem Hafskip siglir til, að fyrirtækið stefni í gjaldþrot.“

Ritstjóri Helgarpóstsins, Halldór Halldórsson, fylgdi þessari grein sérstaklega eftir í Morgunblaðsgrein hinn 12. júní. Hann veittist þar m.a. að Friðriki Sóphussyni, alþingismanni, fyrir að halda „pepp ræðu“ á aðalfundi félagsins, en sérstaklega veittist hann að Alberti Guðmundssyni, fjármálaráðherra, fyrir að vera fundarstjóri á aðalfundinum og það tekið fram, að þess hafi raunar „ekki verið getið í greininni (Helgarpóstsins 6. júní) að Albert Guðmundsson, fjármálaráðherra, var formaður, bankaráðs Útvegsbankans og formaður stjórnar Hafskips.“ Síðan var vegið mjög að Útvegsbankanum og fullyrft að „veðlaus ábyrgð Útvegsbankans (vegna Hafskips) næmi nú 160 millj. króna... Hins vegar er Útvegsbankinn ríkisbanki og slíkar stofnanir eru ekki látnar fara á hausinn. Þá kemur til kasta skattborgaranna að borga brúsann.“

Þar með var sleginn sá tónn í Þjóðfélaginu, sem síðar varð að sífóníu í mörgum þáttum og með ýmsum tilbrigðum og stjórnarandstæðingar á Alþingi gerðu nánast að pólitískum ofsóknum. Málflutningur þeirra beindist að því að láta Albert og Sjálfstæðisflokkinn fá rauða spjalðið, en um leið var auðvitað grafið rækilega undan trausti Útvegsbankans og trausti Hafskips. Bankastjórn Útvegsbankans sá sig knúna til þess, að bregðast við þessari fullyrðingu um veðlausa ábyrgð, sem augljóslega gat stórskaðað hagsmuni bankans og félagsins. Hún sendi frá sér svohljóðandi athugasemd, sem birtist í Morgunblaðinu 16. júní 1985: „Bankastjórn Útvegsbanka Íslands vill taka fram að fullyrðingar, sem fram koma í blaði yðar hinn 12. þ.m. í grein Halldórs Halldórssonar, ritstjóra Helgarpóstsins um tryggingar Hafskips hf., eru úr lausu lofti gripnar. Tryggingar bankans eru í eignum fyrirtækisins og hluthafa.“ Í yfirlýsingunni var auðvitað átt við ápreifanlegar eignir



Þessi mynd birtist í Helgarpóstinum 6. júní 1985 eða daginn fyrir aðalfund Hafskips hf. Með þessari grein upphófst eitt mesta fjölmiðlafár síðari tíma á Íslandi og í kjölfarið kom hatröm opinber umræða um félagið og Útvegsbankann á Alþingi. Hvort tveggja kynnti undir ótrúlega múgsefjun í landinu og hafði ómældan skaða í för með sér fyrir félagið og bankann.

félagsins og skuldabréf, sem námu um 80 m. kr. og hluthafar höfðu gefið út fyrir aukningu hlutafjár. Einnig var eðlilega átt við, að tryggingar bankans og annarra kröfuhafa lægju líka að hluta til í viðskiptavild félagsins, ef það yrði selt í rekstri. Viðskiptavildin var að mati stjórnenda Eimskipafélagsins síðar á árinu metin á 8 milljónir dollara. Þessi verðmæti, sem ekki voru meðtalin í hinni skaðlegu umræðu, lágu til grundvallar yfirlýsingar bankastjóranna. Þau verðmæti og ýmsar aðrar eignir, sem nánast verða verðlausar, ef fyrirtæki er knúið í þrot, voru bankastjórarnir að verja með yfirlýsingu sinni. Fyrir þessa hógværu viðleitni banka- stjóranna til þess að gæta hagsmuna banka í eigu þjóðarinnar og reyndar líka viðskiptavinar hans, voru þeir síðar úthrópaðir sem ósannindamenn.

Guðmundur Einarsson alþm. gerði þessa yfirlýsingu bankastjóra Útvegsbankans að umræðuefni á Alþingi í júní 1985 og spurði Matthías Á Matthiesen, þáverandi viðskiptaráðherra,<sup>45</sup> um tryggingar Hafskips hjá Útvegsbankanum. Matthías vísaði í yfirlýsingar bankastjóranna. Síðar kom fram hjá Guðmundi og öðrum þingmönnum, að þessi yfirlýsing hefði augljóslega verið villandi og ósönn. Í umfjöllun Morgunblaðsins í Reykjavíkurbréfi 8. júlí 1990 um þátt óabyrgra fjölmiðla og stjórnmalamanna í þeirri mógsefjun, sem heltók þjóðfélagið í Hafskipsmálinu, fékk Jón Baldvin sérstaka viðurkenningu hjá blaðinu fyrir að halda því fram í umræðu á Alþingi 10. desember 1985, að fréttáflutningur Helgarpóstsins í þessu efni hafi þrátt fyrir allt verið réttur. Yfirlýsing bankastjóranna og viðskiptaráðherra Matthíasar Matthiesen hafi reynst ósönn. Í blaðinu er vitnað beint í ummæli Jóns Baldvins á Alþingi 10. desember, þar sem hann sagði orðrétt: „Það er alkunnugt að fyrstu afskipti fjölmiðla af þessu máli hófust snemma í júnímánuði á þessu sumri fyrir frumkvæði Helgar- póstsins og það blað hefur síðan birt margar og ítarlegar greinar um þetta mál. Þá er spurningin þessi: Hversu hættulegt er að birta fréttir ef þær reynast rangar? Upplognar sakargiftir, fréttáflutningur sem ekki er á rökum reistur, eru auðvitað stórhættulegar frá því sjónarmiði, sem allir taka undir, að enginn er sekur fyrr en sekt hans er sönnuð. Enginn er sekur fyrirfram. En hæstvirtur viðskiptaráðherra: Er ekki stórvarasamt að taka ekki mark á fréttáflutningi og láta líða vikur og mánuði án þess að þeir aðilar sem eru að lögum skyldir til eftirlits í þessum málum, ekki bara taki mark á fréttunum, láti þær fram hjá sér fara, bregðast ekki við, heldur það sem verra er, stingi höfðinu í sandinn og bíti höfuðið af skömminni með því að standa upp eða gefa opinberar yfirlýsingar, sem núna liggja fyrir að voru alrangar, yfirlýsingar bankastjórnar um stöðu mála, yfir- lýsingar hæstvirts viðskiptaráðherra (Matthíasar Á. Matthiesen) í þessu máli hér á hinu háa Alþingi, m.ö.o. við hljótum að taka undir það að auðvitað ber að varast ýkjukennandan og rangan málflutning. Það þýðir ekki að varpa sök á fjölmiðla í opnu lýðræðisþjóðfélagi, ef fréttir eru fluttar af mjög þýðingarmiklum málum sem varða almannahagsmuni, og viðbrögð stjórnvalda eru þau að lýsa þessar fréttir rangar en síðan kemur á dag- inn smám saman að sá sem hafði rétt fyrir sér var fjölmiðillinn, en ekki yfirvöldin, stjórnvöldin.“<sup>46</sup>

Það fer ekki milli mála, að Morgunblaðið tekur undir, að þessi fullyrðing þingmannsins hafi átt við rök að styðjast, að “opinberar yfirlýsingar bankastjórnarinnar um stöðu mála, yfirlýsingar hæstvirts viðskiptaráð- herra voru rangar”, þegar þær voru gefnar. Þessa ásökun verður vart skilin á annan veg en þann, að Jón Baldvin hafa lagt þann skilning í yfirlýsingu bankastjóranna frá því í júní 1985, að þar hafi verið fullyrt, að nægar eða fullnægjandi tryggingar væru fyrir útlánnum bankans. Svo var ekki, eins og glöggst kemur fram í yfirlýsingunni. Hvað sem þeim skilningi líður, er á það að líta, að Jón Baldvin viðhafði þessar ásakanir eftir að Hafskip varð gjaldþrota í desember 1985. Við þær aðstæður dugðu veð bankans hvergi nærri fyrir út- lánnum hans til fyrirtækisins. Í byrjun júní, þegar yfirlýsingin var gefin, voru allt aðrar aðstæður fyrir hendi. Búið var við hagnaði af rekstri fyrirtækisins og upplýsingar um stórfellt áframhaldandi tap voru ekki til staðar. Skip félagsins voru þá álitin a.m.k. tvöfalt verðmætari en í desember að mati bankaeftirlitsins. Aðrar ápreifanlegar eignir voru verðmætari en eftir gjaldþrot. Viðskiptavild félagsins var auk þess metin á a.m.k. 8 millj. dollara eða 335 m.kr. Ásakanir þingmannsins, sem Morgunblaðið taldi réttar, voru byggðar á þeirri vanhugsun að leggja að talsverðu leyti að jöfnu verðmæti fyrirtækis í rekstri og verðmæti þess eftir að það varð gjaldþrota. Yfirlýsing bankastjórnar Útvegsbankans í júní um tryggingar á útlánnum til Hafskips var ekki röng. Þessi yfirlýsing, eins og hún var orðuð, var bráðnaudsynleg til að verja hagsmuni bankans og viðskiptamanns hans í þeirri óvægu opinberu umræðu, sem þá átti sér stað. Að baki hennar var auk heldur rökstutt mat á verðmæti ápreifanlegra og óápreifanlegra eigna fyrirtækis í rekstri og skuldabréfum hluthafa, sem bankinn hafði að handveði, en komu ekki fram í ársreikningum. Hún var því ekki einungis réttlætun- leg heldur rétt miðað við þær upplýsingar, sem lágu fyrir, þegar hún var gefin. Taka verður skýrt fram, að Morgunblaðið hafði mikla sérstöðu í fréttáflutningi um Hafskipsmálið, þótt það hafi kosið að taka Jón Baldvin Hannibalsson betur trúanlegan um bankamál og í hverju raunverulegar tryggingar bankans hafi

legið á þessum tíma. Blaðið var ábyrgt í þessari fjölmiðlaorrahrið og gat því áminnt fjölmiðlamenn og stjórn-málamenn, sem fóru offari í umræðunni um ábyrgð þeirra á múgsefjun í Hafskipsmálinu, eins og vitnað er sérstaklega til í formála hér að framan.

Í flestum öðrum fjölmiðlum var umfjöllun um Hafskipsmálið á einn veg. Tekið var undir ósannindi, sögu-sagnir, órökstuddar getgátur og ýkjur í besta falli. Næst Helgarpóstinum á svipuðum nótum komst Þjóð-viljinn undir ritstjórn Össurar Skarphéðinssonar. Þá voru Alþýðublaðið og Ríkissjónvarpið mjög óvægin í umfjöllun sinni. Um þátt fjölmiðla í Hafskipsmálinu fjallaði Ingvi Hrafn Jónsson, fyrrv. fréttastjóri Ríkis-sjónvarpsins og Stövar 2 í grein, sem hann nefndi „Hafskipsmálið in memoriam“ í Morgunblaðinu í júní 1991, skömmu eftir að dómur Hæstaréttar var kveðinn upp. Þar segir m.a.: „Það ræður enginn við slíkt ofurefli, mér er til efs, að nokkurt fyrirtæki í landinu gæti staðist algera fjölmiðlaárás, eins og Hafskip varð fyrir.“ Halldór Guðbjarnason, fyrrv. bankastjóri, fjallaði um þessar aðstæður og komst að svipaðri niður-stöðu í viðtali við Alþýðublaðið, 26. september 1987 undir fyrirsögninni: „Setti Helgarpósturinn Hafskip á hausinn?“ Í fyrrnefndri grein sinni gerir Ingvi Hrafn raunar yfirbót. Hann sagði þar m.a. „En hvað um mennina, sem Sjónvarpið sýndi myndir af, þegar þeir voru leiddir til yfirheyrslu eins og afbrotamenn, hvað um bankastjórana, sem hrökkludust úr starfi undan ákæru en voru allir sýknaðir? Það var ég sem sendi Sigurveigu Jónsdóttur í viðtal niður á bryggju, þar sem Ragnari Kjartanssyni stjórnarformanni var stillt upp á kæjanum og krafinn svara við því hvort Hafskip væri gjaldþrota.“

Í fyrrgreindum umræðum á Alþingi í júní 1985 flutti Guðmundur Einarsson þessa neikvæðu fjölmiðla-umræðu inn á þingið, sem engum gat dulist, að væri stórskadleg hagsmunum Hafskips og Útvegsbankans. Þar fór fram umræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka 18. júní. Guðmundur ræddi þar um viðskipti Hafskips og Útvegsbankans og sló ekki feilnótu frá upphafsstefinu. Hann minnti á, að Albert Guðmundsson hefði verið formaður stjórnar Hafskips og formaður bankaráðs Útvegsbankans á sinni tíð og einnig fundarstjóri á síðasta aðalfundi félagsins. Hann sagði einnig, að fram komi í ársskýrslu Hafskips, að endurskoðandi þess hafi í raun og veru fyrirvara um, að félagið standi undir skuldum. Hann tók eftirfarandi fram: „Framsetning skulda miðast við að afborganir fari fram á umsömdum gjaldkögum. Komi til vanskila á umsömdum skuldum getur það leitt til gjaldfellingar þeirra og jafnframt haft veruleg áhrif á sölu eigna félagsins.“ Guðmundur sagði einnig: „Ef lítið er á varanlega rekstrarfjármuni, þ.e. eignir sem hugsanlega stæðu undir einhverjum skuldum, ef maður tekur varanlega rekstrarfjármuni og erlendar langtímaskuldir, þá kemur í ljós að þar er neikvæður munur upp á 156 millj. Ef höfð er hliðsjón af því sem segir í áritun endurskoðandans, að sala á eignum félagsins mundi hugsanlega skila minni peningum en bókfært verð þeirra nemur skv. þessum ársreikningi, og svo nýlegum upplýsingum sem ég hef aflað mér um verðmæti skipastóls, þá er ekki ólíklegt að þarna sé kannski um að ræða 200 millj.“

Þessi umræða magnaðist eins og eldur í sinu í Þjóðfélaginu og fjölmiðlum einmitt þá mánuði, sem tilraunir stóðu yfir um sölu á félaginu í fullum rekstri. Hún náði hámarki **sem skaðvaldur** á Alþingi 14. nóvember 1985. Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi formaður Alþýðuflokksins, stóð fyrir þeirri umræðu utan dagskrár. Hann hafði í höndum trúnaðarskýrslu, sem bankastjórn Útvegsbankans hafði afhent bankaráði tveimur dögum fyrr að ósk bankaráðsmanns. Jón Baldvin lá ekkert á því, að hann hefði beðið banka-ráðsmanninn um skýrsluna og hefði hana í höndum og gengi út frá henni í umræðunni, þótt hann hefði átt að vita að opinber umfjöllun um skýrsluna var trúnaðarbrot og bönnuð með lögum. Hann sagði orðrétt: „Skýrsla um þetta mál væri ekki á dagskrá og hefði ekki verið lögð fram í bankaráði Útvegsbankans á hádegi í gær nema vegna þess að það var að frumkvæði okkar Alþýðuflokksmanna í okkar þingflokki. Þegar við vorum farnir að fá af því raunverulegar fregnir, sem við tókum mark á í septembermánuði að allt stefndi þarna í ógæfu, ræddum við þetta mál við fulltrúa okkar í bankaráði og fórum þess á leit að hann krefðist slíkrar skýrslu.“<sup>47</sup> Upplýsingar birtust úr skýrslunni í Helgarpóstinum og í hana var vitnað í fréttum Ríkis-útvarpsins. Einmitt á þessum tíma stóðu sölutilraunir á Hafskipi í rekstri sem hæst. Augljóst er hvað áhrif þessar neikvæðu umræður höfðu á þessum tíma og upplýsingar, sem þar komu fram, m.a. um ört rýrnandi mat á skipum Hafskips.

Í þessari umræðu fór Jón Baldvin hörðum orðum um stjórnendur Útvegsbankans. Hann spurði viðskiptaráð-herra m.a.: „Gegndi bankastjórnin skyldum sínum? Vissi bankaráðið frá upphafi vega hvert stefndi? Var hinu

pólítískt kjörna bankaráði kunnugt um að það stefndi í verulegt fjárhagslegt tjón fyrir umbjóðendur þess og eigendur, skattgreiðendur í landinu?“

Jóni Baldvini virðist alveg hafa verið fyrirmunað að skilja hvar hagsmunir „banka í eigu þjóðarinnar“ lágu í þessu máli. Fram fóru tilraunir á hreinum viðskiptalegum grunni til að selja Hafskip í rekstri og bjarga með því miklum verðmætum. Þetta virtist ekki skipta Jón Baldvin neinu máli þótt augljóst hefði átt að vera að verið væri að bjarga hagsmunum „banka í eigu þjóðarinnar“ eins og hann orðaði það sjálfur. Hann sagði orðrétt: „Tilfni þessarar umræðu er ærið, þau rök verða ekki tekin gild, að það megi ekki ræða.“ Svo kom tromp þingmannsins: „En það vill svo til að tilraunin til þess að koma þessu áfalli yfir á herðar Eimskips, er m.a. partur af þessu pólítíska skúringadóti. Ef það mál væri hreint viðskiptalegs eðlis liggur í augum uppi, að það er ekki í þágu Eimskips að hlaupa hér undir bagga. Hvað á Eimskip að kaupa?“ „Ég sem hluthafi í óskabarni þjóðarinnar, Eimskipafélaginu, mótmæli því.“ Matthías Bjarnason, viðskiptaráðherra, sagðist hafa mælt til þess við þingmanninn að biða fram í næstu viku og leggja fram beiðni um skýrslu. Málið væri á viðkvæmu stigi. „Það vildi hann ekki því mikið lá á, sagði Matthías í umræðunni.“ Matthías sagði, að þingmaðurinn hefði þá þegar auglýst rækilega, bæði í ríkisfjölmiðlum og ítarlegu samtali í Morgunblaðinu, að hann tæki til máls á Alþingi enda var fjölmenni á þingpöllum undir ræðu hans.

Þessar opinberu umræður, sem hér er minnst á, voru þungar í skauti í þeirri viðleitni að selja ápreifanlegar eignir og viðskiptasambönd Hafskips á eðlilegu verði. Augljóst hefði átt að vera, kjörnum fulltrúum þjóðarinnar, að þessar opinberu umræður voru beinlínis stórskadlegar banka í eigu umbjóðenda þeirra, þegar svo er ástatt eins og var síðari hluta ársins 1985 í viðskiptum Hafskips og Útvegsbankans. Þegar síðar kom að gjaldþroti Hafskips, mögnuðust þessar umræður í fjölmiðlum og á Alþingi um allan helming, en þegar þar var komið sögu, urðu þær einvörðungu fyrst og fremst til þess að skaða hagsmuni Útvegsbankans, banka í eigu þjóðarinnar, eins og hann var oft nefndur í þeim umræðum.



## 9. Síðustu björgunaraðgerðir fyrir gjaldþrot.

Hafa verður ríkt í huga, að síðustu aðgerðir til björgunar Hafskips fóru fram í því umhverfi, sem lýst er í kaflanum að framan. Nánast má slá því föstu, að þessar hörðu umræður, bæði í fjölmiðlum og á Alþingi síðari hluta ársins 1985, hafi ráðið úrslitum um, að ekki tókst að varðveita þau verðmæti, sem í eignum og viðskiptavild Hafskips lágu. Það tókst að vísu að gera þessar eignir að verðmætum, þrátt fyrir fádæma umræðu fjölmiðla og alþingismanna, en þó miklu minni en efni stóðu til. Það liggur í augum uppi hvaða áhrif þessi umræða á Alþingi og í fjölmiðlum hafði á samningsaðstöðuna fyrir Hafskip og bankann. Á það benti Valdimar Indriðason, alþingismaður og formaður bankaráðs Útvegsbankans, í umræðum um skýrslu sérfræðinganeftdarinnar 13. nóvember 1986. Hann sagðist vilja minna á, „að í þingsölum í fyrra um þetta leyti var mikil umræða um Hafskipsmálið. Ég fullyrði í þessum stól, að hefðum við (þ.e. stjórnendur bankans) fengið að vera í friði þá með það að selja fyrirtækið og koma því í verð, hefði það munað, ég fullyrði það, 150 millj. hefðu ekki fjölmiðlar og háttvirt Alþingi hent þetta eins mikið á lofti og gert var þá. Það gerspíllti öllum möguleikum.“

Í kjölfar þeirra umskipta, sem urðu á fundi stjórnenda Hafskips- og Útvegsbankans 17. júlí 1985, þegar ljóst var hversu stórfellt tap hafði orðið á rekstri Hafskips má segja, að hafnar hafi verið síðustu aðgerðir til björgunar félaginu. Sameiginleg ákvörðun var þá tekin um, að sú leið væri ein fær að koma eignum þess og viðskiptavild í eðlilegt verð með því að selja það í rekstri.

Stjórnendur Hafskips hófu á ný viðræður við forráðamenn Eimskips um sameiningu félaganna eða að Eimskip keypti a.m.k. svonefndar Íslandssiglingar félagsins. Af hálfu Hafskipsmanna var skipuð sérstök viðræðunefnd, en í henni voru hinir sömu stjórnarmenn og störfuðu áður að hlutafjárúkningunni, Sveinn R. Eyjólfsson, Páll G. Jónsson og Ólafur B. Ólafsson. Bankastjórn Útvegsbankans fylgdist með viðræðunum og hélt 5 fundi með Hafskipsmönnum um þær, 8. ágúst, 15. ágúst, 28. ágúst, 8. október og 15. október. Fram kom á þessum fundum, að stjórnendur Eimskips vildu einungis kaupa Íslandssiglingarnar og samkvæmt reiknimódeli, sem unnið var eftir, töldu Hafskipsmenn að meta mætti hagræðingu af samruna þeirra siglinga við Eimskip um 8–10 millj. dollara virði, sem næðist á einu ári. Fyrst og fremst gerðist það með sölu á óhagkvæmum skipum og kaupum á betri. Einnig mætti hagræða í vöruafgreiðslum. Í þessum viðræðum kom fram, að stjórnendur Eimskips vildu semja við Útvegsbankann um vildarkjör á lánum, sem þýddi í raun, að hluta skulda Hafskips við bankann yrði hann að afskrifa á nokkrum árum. Einnig kom fram af hálfu Eimskipsmanna, að þeir vildu tryggingu fyrir að fá a.m.k. 70% flutninga, sem Hafskip hafði annast með því að setja bæði bankanum og stjórnendum Hafskips ákveðin skilyrði varðandi endurgreiðslu hluta lánanna.

Frá og með 22. október tók bankastjórn Útvegsbankans beinan þátt í viðræðum við Eimskip og raunar við forráðamenn skipadeildar SÍS um miðjan nóvember. Það var gert í þeim tilgangi að greiða fyrir sölu eða samruna Hafskips og þessara skipafélaga. Bankastjórnin hélt 8 fundi með forráðamönnum Eimskips og að auki fund 1. desember 1985, þar sem samið var um að Eimskip myndi gera bindandi tilboð í eignir Hafskips. Á þessum fundum voru af hálfu Eimskips Halldór H. Jónsson, stjórnarformaður, Hörður Sigurgestsson forstjóri, Indriði Pálsson stjórnarmaður og stundum Þorkell Sigurlaugsson. Framvindu þessara samninga er nánar lýst í tilvitnaðri ræðu viðskiptaráðherra, Matthíasar Bjarnasonar, á Alþingi hinn 10. desember 1985. Einn fundur var haldinn með forráðamönnum skipadeildar SÍS, 17. nóvember 1985. Á þeim fundi voru af þeirra hálfu Axel Gíslason og Þorsteinn Ólafsson, en af hálfu Hafskips Sveinn Eyjólfsson og Páll G. Jónsson.

Í þessum viðræðum öllum var svo sannarlega á brattann að sækja. Í fyrsta lagi höfðu stjórnendur Hafskips áður viðrað slíkar hugmyndir við Eimskip, síðast haustið 1984, en á fundi með bankastjórninni 8. janúar 1985 kom fram af hálfu þeirra, „að dyrunum væri hallað aftur í viðræðum við Eimskip, málið væri ekki nógu þroskað.“ Í öðru lagi hófst það fár, sem lýst er í kaflanum hér á undan þannig, að félagið gat alls ekki starfað eðlilega og eignir þess féllu ört í verði, nánast daglega og einnig kom það til, að eldri kaupskip, féllu í verði á erlendum markaði, en skip Hafskips voru einmitt í þeim flokki skipa.

Í viðræðum við Eimskip, sem stóðu yfir um þessar mundir kom fram á vinnublöðum frá þeim, að viðskiptavild var metin á 8 millj. dollara, eða á þáverandi gengi á um 335 m. kr. Þessi verðmæti glötuðust algjörlega, auk þess sem ápreifanlegar eignir seldust ekki á eðlilegu verði, vegna þess að félagið varð gjaldþrota. Ekki er fjarri lagi, að hægt hefði verið að forða félaginu frá þroti, ef tekist hefði að selja það í rekstri.

Rétt er að hafa í huga, að um miðjan nóvember 1985 sýndu forráðamenn Skipadeildar SÍS áhuga á að ræða við stjórnendur bankans um kaup á Hafskipi þeir sáu gjörla viðskiptalegan ávinning í að eignast félagið. Fundur var haldinn með þeim og bankastjórninni sunnudaginn 17. nóvember, eins og áður segir og kom þar skýrt fram, að þeir vildu í fullri alvöru stofna sérstakt félag með SÍS sem hluthafa um kaup á eignum Hafskips. Þessi áform náðu þó ekki fram að ganga. Má geta nærri hvaða áhrif skrif NT í lok september það ár hafði á þá ákvörðun. Þar er „gluggað í skýrslu Ragnars Kjartanssonar“, eins og segir í blaðinu, á aðalfundi félagsins, sem hann nefndi „Á krossgötum.“ Um þetta segir NT orðrétt: „Þó nokkru þúðri er í skýrslunni eytt á Sambandið, sama Samband og nú er verið að leita samstarfs við. Nokkur dæmi skulu hér nefnd: „Samvinnuhreyfingin í flabeinsturni valdhrokans með óprjótandi millifærslumöguleika á vinstri hönd... Hvergi í hinum vestræna heimi, annars staðar en á Íslandi, mundi óskapnaður eins og Sambandið í heild sinni líðast“ Svo spyr NT: „Á nú óskapnaðurinn að hysja buxurnar upp um íhaldið? Þessarar spurningar spyrja margir innan Sambandsins nú.“

Þjóðviljinn greindi frá því 22. nóvember, að „mikill urgur sé í kaupfélagsstjórum“ vegna hugmynda forráðamanna SÍS að kaupa Hafskip og NT hefur það eftir reiðum samvinnumanni hinn 23. nóvember, að skip Hafskips séu „illseljanlegir ryðkláfar.“ Sama daginn snerist stjórnarfundur SÍS gegn tilögu formanns og varaformanns um kaupin með eins atkvæðis meirihluta, eins og kaupfélagsstjórafundur hafði gert skömmu áður. Skömmu síðar, eða hinn 23. nóvember, tilkynntu forráðamenn SÍS opinberlega, að þessum viðræðum væri slitið.

Eftir þessa tilkynningu stjórnenda Sambandsins um viðræðuslit má segja, að aðstaða stjórnenda Útvegsbankans og Hafskips hafi verið vonlítill eða vonlaus til þess að selja eignir félagsins á eðlilegu verði. Niðurstaðan varð eins og kunnugt er. Hafskip varð gjaldþrota, en í ræðu, sem Matthías Bjarnason flutti á Alþingi hinn 10. desember, fjallaði hann nánar um þessar björgunaraðgerðir sem dómarar Sakadóms nefndu svo. Í ræðu sinni kom hann víða við og lýsti atburðarásinni í Hafskips/Útvegsbankamálinu frá miðju ári 1985.

Ráðherra sagði m.a.: „Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um atburðarás síðustu vikna í þessu Hafskipsmáli en þar hefur hver stóratburðurinn rekið annan, nánast frá degi til dags með þeim endalokum sem öllum eru kunnug, þ.e. gjaldþroti fyrirtækisins. Það skal tekið fram að heimildarmenn mínir fyrir þessu eru að sjálfsgöðu bankastjórnin svo og ríkislögmaður sem frá 19. nóvember (Gunnlaugur Claessen hrl.) hefur fylgst með þessu máli sérstaklega tilnefndur af mér sem viðskiptaráðherra.“

### Hugmynd Eimskipsmanna um verðmæti Hafskips, á fundi 23. október 1985

EIGNIR	dollarar
Skip.....	2.700
Vélar, áhöld o.fl.....	994
Gámar.....	1.079
1) Fasteignir o.fl.....	488
1) Eignarhluti/skuldabr.....	<u>239</u>
Samtals.....	5.500
VIÐSKIPTAVILD.....	<u>8.000</u>
SAMTALS.....	<u>13.500</u>
Greitt þannig:	
* Lán tengd eignum.....	5.500
* Viðbótaryfirtaka lána...	3.500
* Yfirtaka lána tengd viðskiptum 70%.....	2.200
* Úrlausnarefni UB.....	<u>2.300</u>
Samtals.....	<u>13.500</u>
1) Fyrivari um nánara matsverð fasteigna skuldabréfa og hlutabréfa	

Í hugmyndunum fólst að viðskiptavild eða viðskiptasambönd Hafskips voru talin 8 millj. dollara virði eða 335 m.kr.

Ég vil þá fyrst víkja að hinum fyrri viðræðum við Eimskip um hugsanlega samvinnu eða kaup Eimskips á eignum Hafskips.

Þegar í ljós kom á miðju s.l. sumri hversu slæm afkoma Hafskips hafði verið fyrstu fjóra mánuði ársins hófust þreifingar af hálfu forráðamanna félagsins um samvinnu við Eimskipafélagið. Útvegsbankinn kom ekki inn í það mál fyrr en eftir miðjan október, en þá var haldinn fundur bankastjórnar og fulltrúa stjórnar Eimskips um þetta mál. Eimskipafélagið lagði fram minnisblað en á því minnisblaði kemur fram að þeir hafi talið sennilegt kaupverð eignanna vera samtals um 13,5 millj. dollara. Þetta skyldi greitt með kjörum sem gerðu að verkum að núvirði kaupverðsins varð talsvert lægra eða 11,2 millj. dollara þar að auki skyldi greiðsla 2,2 millj. dollara vera háð því að a.m.k. 70% viðskipta Hafskips skiluðu sér til Eimskips.“

Áfram sagði Matthías: „Síðar í október gengu viðræður aðila út á þá hugmynd að kaupverðið skyldi vera allt að 15 millj. dollara. Hins vegar skyldu kjör vera með þeim hætti að ekki var um neina raunhækkun á verði að ræða frá því sem áður var rætt um og greiðsla fyrir viðskiptavild var alltaf háð því sama skilyrði að 70% viðskipta Hafskips skiluðu sér til Eimskips.

Bæði þá og síðar var ágreiningur með aðilum um þetta fyrirkomulag, greiðslu fyrir viðskiptavild og var bankinn mjög ósáttur við þetta fyrirkomulag. Að mati bankastjórnarinnar strönduðu viðræður einmitt á þessu atriði. Þessum viðræðum var haldið áfram fram í miðjan nóvember, en þá lagði Eimskipafélagið fram nýtt minnisblað. Verðhugmyndir Eimskipsmanna höfðu þá lækkað mjög verulega frá því sem áður hafði verið rætt um. Nú var gert ráð fyrir 9,5 millj. dollara verði fyrir áþreifanlegar eignir, um það bil 380 millj. kr. Frá því skyldu dragast 850 þús. dollarar vegna þess sem kallað var „ofmat á skipum“ Þessu til viðbótar skyldu greiðast 2,7 millj. dollara eða tæpar 110 millj. króna fyrir viðskiptavild. Sú greiðsla var háð sama skilyrði og áður. Þá var bætt við því skilyrði að bankinn ábyrgðist að Hafskip yrði ekki gjaldþrota. Reyndar var fallið frá þessum tveimur nýju skilyrðum í óformlegum viðræðum alveg í lokin.

Með þessu lauk í raun hinum fyrri viðræðum um kaup Eimskipafélagsins á eignum Hafskips.“

Eftir að þetta síðasta tilboð var lagt fram af hálfu Eimskips hinn 14. nóvember var haldinn fundur með bankastjórum Útvegsbankans og Hafskipsmönnum. Nýjustu verðhugmyndum Eimskips var þar lýst fyrir Hafskipsmönnum og þeim skilyrðum, sem þeim fylgdu. Þá kom skýrt fram af hálfu Hafskipsmanna að þeir teldu þessar verðhugmyndir óviðunandi með öllu og þeir ítrekuðu þá jafnframt afstöðu sína, sem áður hafði margoft komið fram að þeir teldu skilyrði Eimskips um greiðslu fyrir viðskiptavildina óaðgengilega. Niðurstaða þessa fundar varð sú, að Hafskipsmenn tilkynntu bankanum að þeir mundu hefja viðræður við SÍS um samvinnu þessara aðila um skiparekstur. Með þessu urðu kaflaskipti í þessu máli.

Ég vil taka það fram áður en lengra er haldið að mér fannst að þessar umræður væru búnar að standa alllengi og var farinn að knýja á um úrslit. Það hvarflaði ekki að mér þegar þetta nýja viðhorf kom upp að neita um þær viðræður enda var sunnudaginn 17. nóvember haft samband við bankastjórn Útvegsbankans og óskað eftir fundi. Þeir sem óskuðu þessa fundar kynntu sig sem fulltrúa væntanlegs nýs hlutafélags, en það skyldi samantanda af skipadeild SÍS og einstökum hluthöfum í Hafskipi hf. Erindi þeirra sem fundarins óskuðu var í fyrsta lagi að kynna væntanlega stofnun nýs félags um skiparekstur, en hlutafé þess félags skyldi vera 350–500 millj. króna að þeirra sögn. Tekið var fram að forráðamönnum Sambandsins væri full alvara með þessum áformum og að formlegt umboð yrði sótt til stjórnar Sambandsins eftir tvo daga, en eftir það ætti nánast ekkert að geta hindrað stofnun þessa nýja félags.

Þegar til kom drógust af ýmsum ástæðum þær ákvarðanir sem boðað hafði verið á þessum fundi að yrðu teknar. Niðurstaða lá ekki fyrir fyrr en laugardaginn 23. nóvember, en þá felldi stjórn Sambandsins tillögu þess efnis að stofnað yrði nýtt skipafélag með þátttöku Sambandsins. Á þessum tíma voru engir frekari fundir haldnir með fulltrúum Útvegsbankans annars vegar og fulltrúum Hafskips og Sambandsins hins vegar en sá eini sem áður er getið og haldinn var 17. nóvember.

Enn einn þátturinn og vendipunkturinn í málinu gerðist hinn 18. nóvember með því að Íslenska skipafélagið hf. var stofnað. Eftir áðurgreindan fund með bankastjórn Útvegsbankans og SÍS og Hafskips þann 17. nóvember skýrðu Hafskipsmenn frá því að næsta morgun, mánudaginn 18. nóvember, yrði farið fram á greiðslustöðvun hjá Hafskipi. Þeir skýrðu þetta svo að vegna fjölmiðlaumfjöllunar um slæma stöðu fyrirtækisins óttuðust þeir að

lánardrottinn hér heima og erlendis mundu ganga harðar að fyrirtækinu en ella hefði orðið. Það kom einnig fram að tvö skip voru á leið til Evrópu og þeir Hafskipsmenn óttuðust að reynt yrði að kyrrsetja skipin í erlendum höfnum. Hugmynd þeirra var sú að mæta þessum vanda annars vegar með greiðslustöðvun hér heima og hins vegar stofnun nýs skipafélags sem yfirtæki skip Hafskips hf., en með þessum hætti mætti forða því að skipin yrðu kyrrsett erlendis vegna skulda Hafskips hf.

Það má að vísu geta þess einnig að áður lýstu þeir þeirri hugmynd að samhliða greiðslustöðvun skyldi bankinn yfirtaka eignir Hafskips og taka til við skiparekstur, en þeirri hugmynd var snarlega vísað á bug af hálfu bankans.

Um þetta er að öðru leyti það að segja að bankastjórnin hafði í rauninni ekki annað svigrúm til að meta þessar hugmyndir en þetta sama kvöld, en fundinum með Hafskipsmönnum lauk um kvöldmatarleytið. Bankastjórnin hefur upplýst að hún hafi síðar fallist á að þessi leið væri sú skásta af öllum vöndum sem virtust vera fyrir hendi í stöðunni. Miðað við það mat var m.a. haft í huga að samkvæmt upplýsingum SÍS og Hafskipsmanna fyrr um daginn átti nýtt skipafélag að vera komið á laggirnar eftir þrjá til fjóra daga og geta yfirtekið rekstur Hafskips þá þegar.

Þetta millibilsástand þurfti því ekki að standa yfir nema þessa örfáu daga, en með því ynnist hins vegar miklu meira, þ.e. að unnt yrði að selja eignirnar í fullum rekstri með þeim hætti sem ég hef áður lýst. Með þeim hætti fengist augljóslega mun meira fyrir þær, en ef þær yrðu seldar eftir svo og svo langa rekstrarstöðvun. Bankinn féllst einnig á að hann skyldi gera félaginu kleift að starfa með því að útvega því rekstrarfé gegn því að fá tekjur af starfsemi þess á móti.

Á þessu stigi var það ekki í huga manna að halli yrði á rekstri félagsins þá þrjá til fjóra daga sem því var ætlað að starfa og reyndar er ekki enn þá séð hvernig það dæmi kemur út. Þegar upp var staðið var reyndin hins vegar sú að Íslenska skipafélagið starfaði miklum mun lengur en menn höfðu upphaflega áætlað eða allt þar til 5. des. s.l. Ástæða þess að skipafélagið var til þetta lengi var fyrst og fremst sú að áætlanir SÍS og Hafskipsmanna fóru út um þúfur, eins og áður er fram komið og hinn 5. desember var kaupsamningur milli Hafskips og Íslenska skipafélagsins látinn ganga til baka á grundvelli heimildarákvæðis í samningnum sjálfum. Riftun samningsins hafði verið í farvatninu allt frá því sunnudaginn 1. des., en þá þótti sýnt eftir langan fund milli fulltrúa Útvegsbankans og Eimskipafélagsins að samningar ættu að geta náðst um kaup Eimskipafélagsins á eignum Íslenska skipafélagsins. Af tæknilegum ástæðum gat riftun samningsins hins vegar ekki farið fram fyrr en 6. des. Ástæða þess var sú að eitt skipa Íslenska skipafélagsins, Hofsa, var enn í höfn í Evrópu. Riftun samningsins á því stigi hefði getað valdið kyrrsetningu skipsins erlendis með því að Hafskip væri þá orðið eigandi skipsins aftur og kröfuhafar hefðu þar með átt beinan aðgang að þessari eign félagsins. Þá áhættu voru menn sammála um að ekki væri verjandi að taka.

Ég tel rétt að fram komi að hinn 26. nóvember undirrituðu stjórn Íslenska skipafélagsins og bankastjórn Útvegsbankans sameiginlegt minnisblað um uppgjör vegna reksturs félagsins og það minnisblað var áréttað með samkomulagi sem dagsett var 4. þessa mánaðar. Meginatriði þess er að rekstrartekjur skipafélagsins skuli renna til bankans og bankinn greiði öll nauðsynleg rekstargjöld Íslenska skipafélagsins á þeim tíma sem það starfaði. Ástæða þess að bankinn gerði þetta samkomulag við Hafskipsmenn eða öllu heldur Íslenska skipafélagið var tvíþætt. Í fyrsta lagi var það gert í ljósi þess sem rætt var um í upphafi, jafnvel þótt forsendan um einungis þriggja til fjögurra daga rekstur félagsins hafi brugðist svo illa sem áður er nefnt. Í öðru lagi lögðu Eimskipafélagsmenn höfuðáherslu á að yfirtaka þeirra á eignum Hafskips gæti gerst í þolanlegum friði við Hafskipsmenn.

Með hliðsjón af öllu þessu þótti bankastjórninni ekki annað fært en að gera þetta samkomulag og stuðla með þeim hætti að því að lausn fengist fram í því þrátefli sem málið var í rauninni komið í. Með því væri væntanlega litlu fórn að í samanburði við það sem gæti unnist.

Um stofnun Íslenska skipafélagsins og kaupsamning milli Hafskips og þess félags hefur margt verið rætt og ritað og því verið haldið fram af sumum að stofnun þessa félags og kaup þess á eignum Hafskips hafi verið ólögleg. Ég fól ríkislögmanni að skrifa lögfræðilega álitgerð um þetta atriði og þá álitgerð afhenti ég ráðherrum á ríkisstjórnarfundum litlu síðar. Meginniðurstaðan er sú að stofnun félagsins hafi í sjálfu sér verið lögmat og kaup Íslenska skipafélagsins á eignum Hafskips sömuleiðis. Hins vegar sé jafnljóst að kæmi til þess að Hafskip yrði gjaldþrota



mætti búast við því að kröfur frá öðrum kröfuhöfum í þrotabú Hafskips um að kaupverðið eða hluti þess skyldi renna í þrotabúið en ekki til bankans mundu ná fram að ganga. Samningurinn væri þannig ekki ólöglegur í sjálfa sér, en riftanlegur að hluta kæmi til þess að Hafskip yrði gjaldþrota. Samningurinn hefur síðan verið látinn ganga til baka þannig að riftunarkröfur vegna hans eiga ekki að koma til.

Ég tel rétt og nauðsynlegt að fjalla um það nokkrum orðum hvað gert hefur verið í þrotabúi Hafskips frá því að gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp s.l. föstudag 6. desember. Skipaðir hafa verið þrír bústjórar, þeir Gestur Jónsson, Jóhann Niésson og Viðar Már Matthíasson, sem allir eru starfandi lögmenn hér í borg. Skiptaráðendur eru Markús Sigurbjörnsson og Ragnar H. Hall. Störf þessara manna hingað til hafa falist í því m.a. að þeir hafa tekið við kauptilboði frá Eimskipafélaginu í flestar áþreifanlegar eignir Hafskips. Það kaupverð sem Eimskipafélagið hefur boðið í eignirnar er tæpar 9,4 milljónir dollara eða tæpar 400 millj. kr. Í tilboði sínu gerir Eimskipafélagið ráð fyrir að kaupverð greiðist með yfirtöku á hluta af skuldum Hafskips við Útvegsbankann. Kaupverðið miðist að hálfu við gengi erlendra myntar og að hálfu leyti við íslenska krónur með verðtryggingu. Af erlenda hlutanum greiðist markaðsvextir en íslenski hlutinn verði vaxtalaus. Lánstími verði að hluta 10 ár, en að hluta 15 ár.

Síðan skiptaráðendur tóku við tilboðinu hafa þeir unnið að því að koma á samningi við Eimskipafélagið á grundvelli þessa tilboðs. Ýmis atriði hafa þó þarfnast nánari skilgreiningar. Væntanlega verður samningur undirritaður mjög fljótlega, en það hefur tafist fram yfir það sem menn gerðu sér vonir um.

Samhliða hafa skiptaráðendur unnið að gerð samnings við Útvegsbankann vegna sölu á eignum Hafskips til Eimskipafélagsins. Sá samningur er ítarlegur, en megin innihald hans felst í því að tryggja hagsmuni annarra kröfuhafa en Útvegsbankans í þrotabúi Hafskips. Þetta felur það í sér nánar tilgreint að sá hluti kaupverðsins sem telst vera fyrir þær eignir sem Útvegsbankinn á ekki veð í skal renna í þrotabúið, en ekki beint til Útvegsbankans en sá hluti sem Útvegsbankinn á veð í rennur eðlilega til bankans.“

Í framhaldi af þessari lýsingu ráðherra, er rétt, að leggja áherslu á, að algjör þáttaskil urðu í tilraunum stjórnenda Útvegsbankans og Hafskips að selja félagið í rekstri hinn 23. nóvember. Þá tilkynntu forráðamenn Sambands íslenskra samvinnufélaga formlega, eins og áður hefur komið fram, að viðræðum við bankann væri slitið um stofnun hlutafélags í eigu SÍS og fleiri, sem hyggðist kaupa Hafskip. Eftir það varð fljótt ljóst, að enginn kostur var á að selja fyrirtækið í rekstri. Forráðamenn Eimskips töldu sig einfaldlega fá flutningaviðskiptin, sem Hafskip hafði hvort sem er og þyrftu ekki að greiða fyrir þau viðskiptasambönd. Gjaldþrot væri óumflýjanlegt. Eftir áþreifingar og fund, sem haldinn var 30. nóvember með forráðamönnum Eimskips, bankastjórn Útvegsbankans og Gunnlaugi Claessen, kom fram sú hugmynd, að Útvegsbankinn gerði samning við Eimskip um, að félagið gerði bindandi tilboð í eignir Hafskips eftir að til gjaldþrots þess kæmi. Slíkur samningur, sem ráðherra minntist á í ræðu sinni, var gerður eftir langan fund í Eimskipafélagshúsinu hinn 1. desember milli forráðamanna Útvegsbankans og Eimskips. Þar sem forsenda hans var, að tilboð Eimskips kæmi fram eftir gjaldþrot Hafskips, var gengið frá bréfi þar sem fram kom, að stjórnendur Útvegsbankans myndu óska eftir gjaldþroti Hafskips hf., ef stjórnendur þess gerðu það ekki sjálfir. Niðurstaðan varð sú, að stjórn félagsins óskaði sjálf eftir gjaldþrotaskiptum, eins og kunnugt er.

Eins og gefur að skilja var samningsstaða bankastjóra Útvegsbankans afar þröng við þessar aðstæður, en ljóst er, að samningurinn hafði, þegar upp var staðið, mikið gildi fyrir Útvegsbankann og ekki síður aðra kröfuhafa. Upphaflega var gengið út frá því, að tilboð Eimskips í „flestar eignir þrotabúsins“, eins og það var orðað í skýrslu bústjóra, myndi nema um 9.4 milljónum dollara sbr. það, sem kom fram í áðurgreindri ræðu viðskiptaráðherra. Eftir samningabóf milli forráðamanna þrotabúsins, Eimskips og Útvegsbankans endaði upphæðin í 7.526.000 dollurum. Skýringin var sú, eins og segir í skýrslu bústjóranna til skiptafundar að „lækkun frá upphaflegu tilboði stafaði af því að ekki náðist að afhenda H.F. Eimskipafélagi Íslands allar eignir sem tilboðið náði til. Munaði þar mestu að m.s. Skaftá hafði verið kyrrsett í Antwerpen... og jafnframt voru afföll af þeim gámaföldu, sem tilboðið náði til.“<sup>48</sup> M.s. Skaftá var seld sérstaklega og með andvirði hennar var söluverðið á „flestum eignum búsins“, eins og komist var að orði í skýrslu bústjóranna rúmlega 7.8 milljónir dollara.



Um þennan samning, sem gerður var 1. desember 1985 og bankastjórn Útvegsbankans bar hitann og þungann af, sagði Gestur Jónsson hrl., skiptastjóri þrotabúsins: „Meginhluti eigna Hafskips var seldur sem heild til Eimskipafélags Íslands eftir gjaldþrotið... og frá sjónarhóli þrotabúsins væri ekki vafi á því að um góða sölu hafi verið að ræða.“<sup>49</sup> Það gefur auga leið, að mun hærri fjárhæð fékkst fyrir eignir þrotabúsins með þessum samningi en ella hefði orðið, ef þær hefðu verið boðnar upp hver og ein. Á hitt er að líta, að mikill hluti andvirðis eða ávinnings þessa samnings, rann óskiptur inn í þrotabúið en ekki beint til bankans. Sem dæmi um hörku bústjóranna gagnvart Útvegsbankanum má nefna, að í byrjun nóvember 1986 höfðu þeir mál gegn bankanum og kröfðust riftunar á veði hans í hlutafjárlofordum og öðrum pappírnum. Það var ekki fyrr en með sérstökum samningi hinn 7. apríl 1987, sem sá réttur bankans fékkst viðurkenndur, gegn því að hann slakaði á ýmsu öðru gagnvart þrotabúinu.

Þessi samningsharka leiddi til þess, að kröfur, sem bankinn taldist eiga veð fyrir, lækkuðu og meira var til skipta upp í almennar kröfur. Með þessu móti rann minna fé til bankans en þetta er jafnframt veigamikil skýring á því hversu mikið var til skipta úr búinu upp í almennar kröfur.

Til glöggvunar skal hér gerður samanburður á, hvernig verðhugmyndir forráðamanna Eimskips á viðskiptavild og eignum Hafskips breyttust á þeim tíma, sem bankastjórn Útvegsbankans ræddi við þá um sölu á Hafskipi í rekstri. Til samanburðar kemur fram hvaða endanlegt verð fékkst fyrir eignirnar eftir gjaldþrotið í samræmi við samning bankastjórnarinnar við Eimskip hinn 1. desember 1985 (dálkur 3). Þann fyrirvara verður að hafa á, að þau vinnublöð, þar sem verðhugmyndirnar komu fram, eru ekki að öllu leyti sambærileg, en gerð er grein fyrir því í skýringum, hvernig samanburðinum er háttáð.

	Samanburður verðhugmynda		
	(1)	(2)	(3)
	23. okt. 1985	14. nóv. 1985	1. des. 1985
	millj. USD	millj. USD	millj. USD
Skip og ýmsar eignir	5,5	11,3	7,8
Viðskiptavild	<b>8,0</b>	?	0
Frádr. vildarvextir ÚÍ <sup>1)</sup>	-2,3	-2,3	
<b>Raunvirði I</b> ef skilyrt lán öll greidd <sup>2)</sup>	<b>11,2</b>	<b>9,0</b>	<b>7,8</b>
Ef þau endurgreiddust alls ekki	-2,2	-2,7	-
<b>Raunvirði II</b>	<b>9,0</b>	<b>6,3</b>	-

#### Skýringar:

- 1) Hinn 23. okt. var raunverulegt verð, sem Eimskip áformaði að greiða lækkað um 2,3 millj. dollara vegna vildarkjara á lánum bankans, en um lánskjör skyldi samið 14. nóvember. Hér er gert ráð fyrir sömu „vildarkjörum“ í báðum dálkunum.
- 2) Í öllum viðræðum bankans og Eimskips var gert ráð fyrir því að algjört skilyrði væri, að tiltekinn hluti verðsins greiddist aðeins, ef 70% af viðskiptum Hafskips flyttust til Eimskips. Í hugmynd 23. okt. var þessi tala 2,2 millj. dollara, en 14. nóv. 2,7 millj. dollara.
- 3) Hugmynd dags 14. nóv. gerði ráð fyrir að samningar næðust um veð og kjör á lánasamningum. Þær hugmyndir, sem lagðar voru fram 14. nóv. voru einnig með öðrum skilyrðum, m.a. að ÚÍ ábyrgðist í raun, að Hafskip yrði ekki gjaldþrota, sem auðvitað hefði kostað bankann mikið og því ekki komið til greina.
- 4) Í þriðja dálknum kemur fram endanlegt verð, sem þrotabúið fékk fyrir tilboð Eimskips að söluverði Skaftárviðbættu. Sjá skýringar í texta á breytingum frá upphaflegu tilboði, sem var hærri.

Athyglisverðast við þennan samanburð er sú staðreynd, eins og kom fram í tilvitnaðri ræðu ráðherra, að í viðræðunum 23. okt. 1985 (dálkur 1) töldu forráðamenn Eimskips, að viðskiptavild Hafskips væri **8 milljóna dollara virði**, eða 335 m. kr. á þáverandi gengi. Miklar breytingar urðu á þessum verðhugmyndum, sem komu fram á afar skömmum tíma og skýringar ekki gefnar á þeim. Óneitanlega hefur andrúmsloftið í þjóðfélaginu, harðar umræður í fjölmiðlum og á Alþingi, haft sitt að segja, eins og áður er að vikið.

Rétt er að undirstrika, að af hálfu stjórnenda Eimskips var það allan viðræðutímann ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir kaupum á svonefndum Íslandssiglingum Hafskips, að bankinn tryggði, að Eimskip fengi 70% af þeim viðskiptum, sem Hafskip hafði. Þetta skilyrði var að mati bankastjórnarinnar óframkvæmanlegt og útilokað

af hálfu bankans að gera slíka samninga og olli þessi afstaða hennar ágreiningi. Segja má, að þessi ágreiningur hafi öðru fremur orðið til þess, að það reyndist ekki kleift fyrir bankann að stuðla að sölu Hafskips í fullum rekstri. Jafnframt er ljóst, að sala á félaginu var, áður en það var gefið upp til gjaldþrotaskipta, auðvitað háð því, að stjórnendur og hluthafar félagsins samþykktu hana.

## 10. Staða Útvegsbankans eftir gjaldþrot Hafskips hf.

Hafskip var næst stærsti lánþegi Útvegsbankans. Eiginfjárstaða bankans var veik fyrir og því augljóst, að gjaldþrot félagsins veikti mjög stöðu hans. Í fréttatilkynningu, sem bankastjórnin sendi frá sér 6. desember 1985, þann dag, sem Hafskip varð gjaldþrota, kemur fram, að tap bankans geti numið 350 m. kr., þegar tekið er mið af því bindandi tilboði, sem Eimskip gerði í flestar eignir Hafskips. Tekið var fram, að þessi fjárhæð ráðist þó af því, hvort bankinn fái hluta af kröfum sínum í búið greiddar, þegar skiptum er lokið. Á hinn bóginn sé eigið fé bankans 530 m. kr. skv. reikningum 30. ágúst 1985. Eins og fram hefur komið varð tapið mun minna en engu að síður var það mat margra á þessum tíma, að það gæti orðið framangreind fjárhæð. Tapið af gjaldþrotinu varð í raun 250 m. kr. eða 47% af eiginfénu, en ekki 350 milljónir eða 66%, eins og hér var áætlað.

Sama dag og Hafskip varð gjaldþrota gaf bankastjórn Seðlabankans út yfirlýsingu um fjárhagslegan stuðning við Útvegsbankann. Fréttatilkynning Seðlabankans frá 6. desember 1985 var svohljóðandi:

„Að höfðu samráði við viðskiptaráðherra (Matthías Bjarnason) og fjármálaráðherra (Þorstein Pálsson) og með hliðsjón af ákvæðum laga um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Útvegsbankans, mun Seðlabankinn sjá til þess, að Útvegsbankinn geti staðið við allar skuldbindingar sínar innanlands og utan, á meðan verið er að leita varanlegra lausna á fjárhagsvandamálum bankans.

Í þessu skyni mun Seðlabankinn m.a. gera sérstakan samning við Útvegsbankann um fjárhagslega fyrirgreiðslu, er tryggi greiðslustöðu bankans gagnvart viðskiptaaðilum sínum innanlands og utan. Meðan slíkur samningur er í gildi mun Seðlabankinn fylgjast reglulega með rekstri bankans og fjárráðstöfunum hans.

Seðlabankinn mun af sinni hálfu vinna að því ásamt ríkisstjórninni að leita bestu leiða til þess að endurskipuleggja þau bankaviðskipti sem Útvegsbankinn hefur nú með höndum. Megináherslu verður að leggja á það, að slík endurskipulagning verði þáttur í nauðsynlegum skipulagsbreytingum viðskiptabankakerfisins í heild í þá átt, að viðskiptabönkum fækki og rekstrareiningar stækki að sama skapi, en Seðlabankinn hefur á undanfórnum árum margsinis gert tillögur um breytingar í þá átt.“

Greinargerð með þessari yfirlýsingu Seðlabankans hljóðar svo:

„Fyrir nokkrum mánuðum kom í ljós eftir athuganir bankaeftirlits Seðlabankans að tryggingastaða Útvegsbankans gagnvart einu helsta fyrirtæki hans, Hafskipi hf., fór ört versnandi vegna rekstrarhalla fyrirtækisins og rýrnandi verðgildis þeirra veða, sem bankinn hafði í höndum. Tilraunir Útvegsbankans til þess að leysa þennan vanda með endurskipulagningu fyrirtækisins eða sölu eigna þess, hafa hins vegar ekki tekist fyrr en nú, að eignir Hafskips hafa verið seldar Eimskipafélagi Íslands, en þó fyrir verð, sem er langt fyrir neðan fjárhæð veðtryggðra skulda fyrirtækisins. Hefur bú Hafskips því verið tekið til gjaldþrotaskipta, og er ljóst, að Útvegsbankinn mun verða fyrir töpum vegna þessa máls, er nema a.m.k. 350 millj. kr. Lokamat á tjóni bankans mun þó ekki liggja fyrir, fyrr en að loknu uppgjöri búsin af hálfu skiptaráðanda.

Ljóst er, að það tap, sem Útvegsbankinn hefur hér orðið fyrir, rýrir svo mjög eiginfjárstöðu hans, að hann mun ekki geta uppfyllt lágmarkseiginfjárkröfur nýsettra laga um viðskiptabanka, sem taka gildi næstkomandi áramót. Við þennan vanda bætist síðan versnandi lausafjárstaða Útvegsbankans gagnvart Seðlabankanum að undanfórnu, sem m.a. stafar af því, að þróun innlána bankans hefur síðustu vikurnar snúist til lækkunar, m.a. vegna almennrar umræðu um fjárhagsvandamál bankans. Nema skammtímaskuldir Útvegsbankans við Seðlabankann nú rétt um 900 millj. króna, sem engin líkindi eru til að bankinn geti að óbreyttu greitt eða lækkað að marki á næstunni.

Af öllum þessum ástæðum er orðið óhjákvæmilegt að gripið verði nú til ráðstafana, er sannfæri innistæðueigendur í bankanum um öryggi innstæðna þeirra og tryggi jafnframt, að bankinn geti haldið áfram eðlilegum lánsviðskiptum við þau fyrirtæki og einstaklinga, sem við bankann skipta. Samtímis þessu þarf að gera gagngerar skipulagsbreytingar í því skyni að koma þeim bankaviðskiptum, sem Útvegsbankinn nú hefur með höndum á traustan grundvöll til framtíðar.“

Eins og kemur fram í tilvitnaðri greinargerð Seðlabankans höfðu innlán til Útvegsbankans, sem voru hlutfallslega ívið meiri en til annarra banka og sparisjóða um þessar mundir, dregist saman vegna almennrar umræðu um fjárhagsvanda hans, en þar áttu fulltrúar eiganda hans, alþingismenn, gæslumenn almennings, ekki síst hlut að máli. Á þessum árum skipti aukning innlána miklu fyrir starfsemi banka vegna þess, að Seðlabankinn innheimti mjög háa vexti af skammtímaskuldum þeirra hjá honum. Stjórnendur Útvegsbankans reyndu að hamla gegn þessari öfugþróun innlána með því að benda sparifjáreigendum á, að þeir væru ekki í hættu með innistæður sínar í ríkisbanka. Skilningur margra þingmanna, sem ekki töldu ríkisrekstur banka og annarra atvinnufyrirtæki óalandi, var þó ekki meiri en svo að þeir töldu slíkar auglýsingar „ósvífni“.

Eftir yfirlýsingu Seðlabankans gat Útvegsbankinn að nafninu til stundað eðlileg bankaviðskipti eftir sem áður. Þó hafði tekist, að magna svo múgsefjunina í þjóðfélaginu, að lífróðurinn var þungur fyrir stjórnendur hans. Eftir mikla umræðu varð sá kostur valinn að gera bankann að hlutafélagi. Útvegsbanki Íslands hf. var stofnaður 7. apríl 1987, tveimur dögum áður en Hallvarður Einvarðsson, ríkissaksóknari, ákærði stjórnendur ríkisbankans og fyrrverandi bankastjóra fyrir brot í opinberu starfi. Síðar sameinuðust Útvegsbanki Íslands hf., Verzlunarbanki Íslands hf., Iðnaðarbanki Íslands hf. og Alþýðubankinn hf., eins og kunnugt er.

Í tengslum við gjaldþrot Hafskips og útlánatap Útvegsbankans var mikið rætt um eiginfjárstöðu hans og óheyrilegt hlutfall útlána til eins fyrirtækis m.v. eigiðfé hans. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á svári viðskiptaráðherra, við fyrirspurn á Alþingi 4. febrúar 1986. Þar er að finna eftirfarandi upplýsingar og miðast þær við verðlag 30. nóvember 1985:

	<b>Útvegsbanki</b>		<b>Búnaðarbanki</b>		<b>Landsbanki</b>	
	m.kr.		m.kr.		m.kr.	
<b>Eigið fé 30. nóv. 1985</b>	<b>496,4</b>		<b>750,3</b>		<b>1.841,6</b>	
<b>Nr. lánþega</b>	<b>Skuldbind.</b>	<b>% af</b>	<b>Skuldbind.</b>	<b>% af</b>	<b>Skuldbind.</b>	<b>% af</b>
	<b>m. kr.</b>	<b>eigin fé</b>	<b>m. kr.</b>	<b>eigin fé</b>	<b>m. kr.</b>	<b>eigin fé</b>
1. lánþegi	720	145,0%	426	56,8%	1.540	83,6%
2. lánþegi	648	130,6%	278	37,0%	1.204	65,4%
3. lánþegi	201	40,5%	263	35,0%	1.199	65,1%
4. lánþegi	198	39,8%	238	31,7%	1.033	56,1%
5. lánþegi	181	36,5%	170	22,7%	622	33,8%

Á þessum tíma var Skeljungur stærsti lánþegi Útvegsbankans, en því næst Hafskip, en þrjár stærstu lánþegar hjá Landsbanka voru SÍS, Olís (þá BP) og Esso. Líklegt má telja að tryggingar, a.m.k. hjá BP, hafi ekki verið síður vafasamar gagnvart Landsbankanum, metnar á raunsæju markaðsverði, en tryggingar Hafskips hjá Útvegsbankanum á árinu 1985.

Fyrirspurnin á Alþingi náði einungis til ríkisbankanna, en ekki hlutafélagabankanna. Skuldbindingar SÍS voru mun hærra hlutfall af eigin fé Samvinnubankans, en fram kemur hér að framan að því er varðar stærstu lánþega ríkisbankanna. Talið var að þær væru nærri þrefalt eigið fé Samvinnubankans árið 1990 (250%) um það leyti, sem hann var sameinaður Landsbankanum.

Það var því síður en svo einsdæmi í bankakerfinu í þá daga, að skuldbindingar fyrirtækis væru hlutfallslega eins miklar og Hafskips hjá Útvegsbankanum eða tryggingar fyrir þeim skuldbindingum tæpar. Þess má geta, að enginn slíkur samanburður var gerður á „eðlilegum viðskiptum“ fyrirtækja við aðra banka en Hafskips við Útvegsbankann í skýrslu sérfræðinganevndarinnar.

Auðvitað voru þessi útlán Samvinnubankans, mun alvarlegri fyrir viðskiptamenn hans en hátt hlutfall útlána ríkisbanka til einstakra fyrirtækja var fyrir þeirra viðskiptamenn vegna þess, að ríkissjóður bar ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisbankanna, en slíku var ekki til að dreifa hjá Samvinnubankanum, sem var einkabanki.

Skömmu áður en réttarhöld hófust í Hafskips/Útvegsbankamálinu var komið í mikið óefni hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, vegna mikilla skulda. Hinn 7. janúar 1990 greip Sambandið til þess ráðs að selja Landsbankanum Samvinnubankann. Það hlýtur að teljast lærdómsríkt í ljósi sögu Hafskip/Útvegsbankamálsins hvernig fjallað var opinberlega um þennan mikla vanda Sambandsins og söluna á Samvinnubankanum. Í fréttaviðtali á Stöð 2, sunnudaginn 7. janúar 1990, var rætt um þetta efni við Guðjón B. Ólafsson, þáverandi forstjóra SÍS og Steingrím Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra. Fréttamaður vakti athygli Guðjóns á því, að forsætisráðherra hafi látið hafa eftir sér, að lánardrottinn Sambandsins erlendis hafi undanfarið verið áhyggjufullir vegna skuldamála þess og jafnvel talað um gjaldfellingu lánanna til Sambandsins og spyr svo Guðjón hvort hann telji, að „dyr hefðu lokast,“ ef Samvinnubankinn hefði ekki verið seldur og Sambandið þannig létt á skuldunum. Þá svaraði Guðjón: „Ég vil nú taka það sérstaklega fram, að það er sérstaklega þýðingarmikið, ekki bara fyrir Sambandið heldur eigum við að segja Ísland allt, að öll umfjöllun um slíka hluti sé varfærnisleg. Sambandið á viðamikil viðskipti, bæði innanlands og erlendis, m.a. við banka, sem ekki hafa aðrar tryggingar en það traust, sem að þeir bera til Sambandsins og það er mikilvægt fyrir Sambandið og fyrir íslenska bankakerfið yfirhöfuð að rýra ekki þetta traust enda ekkert til efni til að það sé gert“. Þá spyr fréttamaðurinn: „Er hægt að skilja það svo að þú sért óánægður með þessi ummæli forsætisráðherra?“ Því svarar Guðjón: „Ég vil ekki orða það þannig. Ég bara vara við því að vera með gáleysisleg ummæli yfirhöfuð um skuldastöðu fyrirtækja.“

Tvennt er merkilegt við þessi ummæli forstjóra Sambandsins, Guðjóns B. Ólafssonar, þegar haft er í huga, að fyrir dyrum stóðu réttarhöld vegna ákæra á hendur stjórnendum Útvegsbankans vegna vantryggðra útlána. Hann sagði beinlínis, að Sambandið skuldaði bönkum, „sem hefðu ekki aðrar tryggingar en það traust, sem þeir bera til Sambandsins“. Einnig eru varnaðarorð hans athyglisverð í ljósi Hafskipsmálsins alls, að menn skuli varast „að vera með gáleysisleg ummæli um skuldastöðu fyrirtækja.“

Í tengslum við áfall Útvegsbankans var mikið rætt um, að takmarka ætti áhættu bankanna með því að setja þak á það hlutfall, sem einstakir lánþegar mættu skulda þeim miðað við eigið fé þeirra. Af hálfu bankaeftirlitsins var rætt um 30–35% hlutfall. Slík regla getur auðvitað átt við um einkabanka og hefði getað átt við um ríkisbanka, ef ábyrgð ríkissjóðs hefði verið takmörkuð við eigið fé þeirra. Þetta hefði þó haft í för með sér, að ríkissjóður hefði þurft rúmlega að tvöfalda eigið fé sitt í Útvegsbankanum, Landsbankanum og Búnaðarbankanum til þess að þeir gætu sinnt stærstu lánþegum sínum, einkum olíufélögum. Það hefði þýtt aukningu úr rúmlega 17 milljörðum að núvirði í tæplega 32 milljarða. Á þessum miklu auknu framlögum til ríkisbankanna strönduðu þessar frómu hugmyndir um áðurnefnt 35% hlutfall. Ef slík regla hefði verið sett, án þess að auka eigið fé bankanna, hefði það komið niður á viðskiptum ríkisbankanna við SÍS og olíufélögin og að vísu í leiðinni einnig á viðskiptum Hafskips og ýmissa annarra viðskiptamanna bankanna með mikla lánsfjárbörf. Þessi áform snerust því síður en svo fyrst og fremst um viðskipti Útvegsbankans við Hafskip, eins og oft var látið í veðri vaka.

Í umræðum um Hafskipsmálið á Alþingi var á það bent, að ríkissjóður hefði lagt bankanum til 50 m. kr. árið 1981. Í umræðunum var sú fjárhæð reiknuð á verðlagi ársins 1985 og talið að hún myndi tapast auk annars eiginfjár bankans. Rétt er að minna á, að eigandi bankans, ríkissjóður, hafði aldrei lagt honum til annað sem stofnfé eða eigiðfé. Á rústum Íslandsbanka hf. var Útvegsbanki Íslands hf. hinn eldri stofnaður árið 1930. Heildarhlutafé hans var 7,5 m. kr. en þar af var ríkissjóður ábyrgur fyrir 4,5 milljónum. Bankinn tók við öllum skuldbindingum Íslandsbanka. Ördugt er að meta raunverulegt framlag ríkissjóðs til bankans, en ljóst er, að það var ekki mikið. Árið 1957 var bankanum svo breytt í ríkisbanka og hann tók við öllum skuldbindingum hlutafélagsbankans en hlutabréf, sem voru í eigu annarra en ríkissjóðs, voru innleyst á 15 földu nafnverði og í raun greidd af bankanum sjálfum.<sup>50</sup> Önnur framlög eigandans, ríkissjóðs, fékk Útvegsbankinn ekki, ef frá eru taldar þessar 50 m. kr. árið 1981.

Útvegsbankinn greiddi skatta til eiganda síns, ríkissjóðs. Eins og viðskiptaráðherra benti á í ræðu sinni á Alþing 10. desember 1985 námu þessir skattar á árinu 1960 til og með árinu 1985, sem hér segir á verðlagi í desember 1985:



Skattur af gjaldeyrisviðskiptum . . . . .	651.8	m.kr.
Landsútsvar . . . . .	20.6	"
Sk. af verslunar og skrifst. húsn. . . . .	14.1	"
Skattur á innlánsstofnanir . . . . .	13.5	"
Tekjuskattur (frá 1982). . . . .	12.5	"
Eignaskattur. . . . .	7.7	"
<b>Samtals . . . . .</b>	<b>720.3</b>	<b>m.kr.</b>

Þess skal getið, að skattur af gjaldeyrisviðskiptum var nærri einvörðungu greiddur af Útvegsbankanum og Landsbankanum þar sem þeir höfðu lengst af einir leyfi til gjaldeyrisviðskipta. Skatturinn var ekki innifalinn í þóknun bankanna. Hann var beinn, sérstakur skattur á þessa tvo banka. Þannig stóð viðskiptareikningur Útvegsbankans við eiganda sinn um það leyti, sem Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi varaþingmaður, fann upp þá kenningu að leggja þyrfti á þjóðina sérstakan „Hafskipsskatt“ vegna taps sem hún varð fyrir við gjaldþrot Hafskips.

# 11. Pólítíski milljarðurinn sem minnkaði. Skipti á þrotabúi Hafskips hf.

Eignir þrotabús Hafskips reyndust umtalsverðar eða um 720 m. kr. á verðlagi gjaldþrotsdags, 6. desember 1985, og að auki var 240 m. kr. vaxtatekjum skipt til kröfuhafa að frádregnum skiptakostnaði, sem nam 84 m. kr. Skiptum lauk mánudaginn 20. desember 1993, eða um 8 árum eftir gjaldþrotið. Gestur Jónsson hrl., einn skiptastjóra þrotabúsins sagðist „efast um að mörg dæmi væru til um að jafnmikið hafi greiðst upp í kröfur úr þrotabúum, sem hefðu verið í fullum rekstri hér á landi.“<sup>51</sup> Fyrrum stjórnarformaður Hafskips, Ragnar Kjartansson, reiknaði út, að raunveruleg skiptaprósenta hefði reynst um 70%.<sup>52</sup> Eignir búsins koma fram hér í töflunni að neðan, sem gerð er eftir skýrslu bústjóra til fyrsta skiptafundar hinn 20. júní 1986.

## Eignir þrotabús Hafskips skv. skýrslu bústjóra á verðlagi gjaldþrotsdags:

Skilgreining eigna	Sundurliðun	Samtals eign kr.
Söluverð eigna til HF. Eimskipafél Íslands .....		307.734.645
Áætlað uppboðsvirði Skaftár .....		13.325.000
Áætlað söluverð sumarhúsa .....		3.500.000
Áætlað verðmæti vörug. Tivolí .....		0
Áætlað verðmæti 2 vörulyftara .....		200.000
<i>Greiddar innlendar viðskiptakröfur</i>		
A. með peningum .....	33.475.298	
B. með vixlum .....	87.066.193	
C. með skuldabréfum .....	7.912.473	128.453.926
Greiddar viðskiptakröfur .....		5.611.991
<i>Ógreiddar innlendar viðsk. kröfur:</i>		
Til innheimtu hjá lögmönnum .....	17.400.331	
Aðrar óinnheimtar kröfur að frádregnum afskriftum .....	12.500.000	29.900.331
Ógreiddar erlendar viðsk. kröfur: .....		4.680.714
<i>Peningar og verðbréf í upphafi skipta:</i>		
A. Bankainnistæður .....	6.561.066	
B. Vixlar og skuldabréf .....	4.455.971	
C. Vanskilakröfur hjá lögm. ....	22.358.235	33.735.272
<i>Sérgr. réttindi háð áætl. handvedsrétti ÚÍ:</i>		
A. Peningar .....	1.296.899	
B. Verðbréf .....	1.523.091	
C. Vanskilakröfur .....	6.472.186	
Skuldabréf vegna hlutafjárukningar .....	96.089.012	105.381.139
Gr. tjónbætur og skuld Reykvískrar endurtryggingar .....		18.023.947
Umdeildar kröfur á hendur Reykvískrar endurtryggingar .....		6.975.264
Aðrar tjónsbætur .....		127.163
Tekjur af seldri vöruafgr. þjónustu .....		2.027.206
<b>Vaxtatekjur:</b> .....		3.212.735
<i>Vörslufé vegna Íslenska skipafélagsins. hf.</i>		
Innheimtar viðsk. kröfur .....	14.213.890	
Vaxtatekjur .....	167.105	
Stimpilgjöld og bankakostnaður .....	51.243	
Ógreiddar viðskiptakröfur hjá lögmönnum .....	1.425.444	
Aðrar ógreiddar. viðskipta kröfur áætlaðar .....	900.000	16.655.197
<i>Eignir Hafskips USA:</i>		
A. Inneign í banka .....	955.709	
B. Verðbréf .....	287.000	
C: Bifreið á matsverði .....	328.000	
D Tölva á matsverði .....	2.050.000	
E Útistandandi viðskiptakröfur .....	28.701.441	
F Aðrar kröfur .....	465.305	32.787.501
Eignir vegna Cosmos Shipping .....		3.485.000
Eignir umboðs í Varðberg Svíþjóð .....		1.435.804
<b>Samtals</b> .....		<b>716.782.937</b>
Skv. síðari úthlutun .....		3.222.000
<b>Þá samtals eignir föstud 17. des 93</b> .....		<b>720.004.937</b>

Útvegsbankinn gerði kröfur í búið, sem námu alls 835 m.kr. Af höfuðstólnum fékk bankinn greiddar 584,5 milljónir þannig, að tap hans nam á verðlagi gjaldþrotsdags 250,5 m. kr. Auk þess fékk hann úthlutað af vaxtatekjum búsin. Skv. frétt í Morgunblaðinu var tap bankans eftir fyrri úthlutun 292 m. kr. en hann fékk í sinn hlut 90 m. kr. í seinni úthlutun en í þeirri fjárhæð eru vextir innifaldir. Pólitíski milljarðurinn í umræðunni, þegar mest gekk á, varð því fjórðungur þeirrar fjárhæðar eða um 250 milljónir króna. Skytt er þó að geta þess, að bankinn þurfti að greiða vexti af sínum lánum eftir gjaldþrotið, sem hann notaði til að fjármagna lánin til Hafskips. Því má segja, að tjón hans hafi orðið meira en hér er tilfært. Höfuðmáli skiptir þó, að öll stóryrði sem féllu í umræðunni um Hafskipsskattinn, „mesta gjaldþrot Íslandssögunnar“ og „martröð sem kostar þjóðina milljarða“, sbr. ummæli Svavars Gestssonar í Þjóðviljanum 18. nóvember 1986, urðu dauð og ómerk, þegar staðreyndirnar komu í ljós.

Vert er að vekja á því athygli, að mestan hlut ofangreindra eignaliða þrotabús Hafskips má rekja til atbeina stjórnenda Útvegsbankans. Þar má m.a. nefna skuldabréf vegna hlutafjárukningar, andvirði sölusamnings við Eimskip, sem er mun hærra en verðmæti eignanna hefði orðið án hans og fleira mætti nefna. Um er að ræða eignaliði sem nema a.m.k. 55–60% af heildareignum búsin. Í þessari staðreynd er að finna mikilvæga skýringu á því, hversu mikið greiddist upp í kröfur á þrotabúið.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að úthlutun úr þrotabúi Hafskips, sem nam um það bil 70% af kröfum í búið, sýni að félagið hafi alls ekki verið gjaldþrota. Rétt er að þessi niðurstaða út af fyrir sig gæti orðið tilefni til slíkra hugleiðinga, einkum í ljósi þess, sem gerst hefur um gjaldþrot flestra fyrirtækja. Á það ber þó að líta, að félagið tapaði a.m.k. 100 m. kr. árið 1984 og a.m.k. 200 m. kr. á 8 mánuðum á árinu 1985, samtals 300 milljónum á einu ári og átta mánuðum, skv. reikningum og milliuppgjörom. Líklega hefur þetta tap verið meira. Á síðasta starfsárinu juku eigendur hlutaféð um 80 m. kr. Það fé tapaðist á um það bil þremur mánuðum. Rekstraráætlanir, sem hagdeild Útvegsbankans hafði yfirfarið, sýndu áframhaldandi tap. Skip félagsins féllu í verði og því er alls ekki hægt að halda því fram, að veðhæfni félagsins hafi ekki verið fullnýtt. Eigið fé var orðið neikvætt og engar sjáanlegar leiðir á þessum tíma, sem hægt var að benda á til þess að endurfjármagna félagið og standa undir taprekstri áfram. Ef félag, sem svo er ástatt fyrir, telst ekki bæði greiðslu- og gjaldþrota þá hljóta menn að leggja aðra merkingu í þau orð en gert hefur verið.

Hitt er annað mál, að þetta mikla tap Hafskips á þessum tíma á sér ýmsar skýringar, sem voru óviðráðanlegar fyrir stjórnendur þess. Þetta kemur m.a. fram í ítarlegri grein eftir Ragnar Kjartansson, sem hann nefndi „Nokkur orð um Hafskipsmál“ og birtist í Morgunblaðinu 19. desember 1985. Þar greinir hann frá mörgum slíkum ástæðum og að einungis sú staðreynd, að félagið var svipt flutningum fyrir varnarliðið vegna gamalla bandarískra laga, hafi valdið því tapi á árinu 1984, sem nam 80 m. kr. og á árunum 1984 og 1985 taldi hann tapið vegna þessa hafa numið í heild 200 m. kr. Við þetta bættist múgsefjunin, hörð opinber umræða og fjölmiðlafár, sem gerði stjórnendum félagsins nánast ógerlegt að stjórna því síðustu misserin, eins og áður hefur komið fram.

## 12. Þungbær og langvinn málaferli.

Málaferlin gegn stjórnendum Útvegsbankans voru langvinn og afar þungbær. Í þessum kafla er fjallað um þau í tímaröð.

Rannsókn á störfum stjórnenda Útvegsbankans hófst með því að sérfræðinganefndin var sett á laggir í desember 1985. Málaferlunum lauk ekki fyrr en í desember 1990, þegar Páll A. Pálsson, fjórði saksóknarinn í málinu, tók ákvörðun um að áfrýja ekki sýknudómi Sakadóms Reykjavíkur, sem dómurinn kvað upp fyrr á árinu. Það var ekki fyrr en sú ákvörðun Páls lá fyrir, sem fyrrverandi bankastjórar gátu leitað eftir nýjum ábyrgðarstöðum á vinnumarkaði og komist að einhverju leyti inn úr kuldinum í Þjóðfélaginu vegna málaferlanna, ef svo má að orði komast. Þessi langdregnu og ströngu málaferli jafngiltu í raun, allan þennan langa tíma, þungri refsingu að ósekju og urðu þess valdandi, eins og áður hefur komið fram, að bankastjórnir fjórir, sem stýrðu Útvegsbankanum, þegar Hafskip varð gjaldþrota, misstu stöður sínar.

Í hverri holskeflunni eftir aðra í fjölmiðlum og á Alþingi, frá haustdögum 1984 og þar til Útvegsbankinn var lagður niður sem ríkisbanki, 30. apríl 1987, var lífróðurinn erfiður í bankanum og starfsskilyrði stjórnenda hans ólýsanleg. Þó keyrði um þverbak, þegar opinber rannsókn hófst og ákærur fylgdu í kjölfarið. Vantrú viðskiptamanna og almennings á bankanum og framtíð hans óx dag frá degi. Næstum ókleift var fyrir stjórnendum bankans að sinna sem skyldi bráðnaðsynlegum störfum og nýjungum, sem við var að fást, eins og vaxtaákvörðunum, breyttu afurðalánakerfi, endurskoðun skipurits og starfshátta bankans eða kljást við erfiðleika á öðrum sviðum.

Sérfræðinganefndin hóf fljótlega störf eftir að hún var sett á laggirnar. Hinn 7. maí 1986 sendu borgarfégetarnir, Markús Sigurbjörnsson og Ragnar H. Hall, skýrslu til ríkissaksóknara, Þórðar Björnssonar. Hann skrifaði rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, Hallvarði Einvarðssyni, bréf samdægurs og sendi skýrslu borgarfégetanna með. Þá hófst fyrri lota opinberrar rannsóknar á störfum stjórnenda Útvegsbankans. Í þessari skýrslu Ragnars og Markúsar, komu fram þá þegar veigamikil atriði, sem síðar komu sem afturgöngur í álitu sérfræðinganefndarinnar og í ákærum á hendur stjórnendum bankans. Þar kom fyrst fram kenningin um tvöfalda skýrslugerð frá stjórnendum Hafskips til stjórnenda bankans og raunar sumpart til hluthafa félagsins. Önnur útgáfan átti að vera búin til í blekkingarskygni en hin sýna raunverulega stöðu og afkomu félagsins.

Bankastjórn Útvegsbankans hafði af eigin frumkvæði sent borgarfégetunum greinargerð dags. 21. janúar 1986, þar sem gerð er grein fyrir eftirliti með rekstri og efnahag Hafskips frá miðju ári 1984 til þess að félagið varð gjaldþrota. Þar er lögð áhersla á, að bankastjórnin sjálf hafi haft þetta eftirlit með höndum og jafnframt eru skýrðar ytri ástæður fyrir áföllum og taprekstri félagsins. Þar var að sjálfsögðu gengið út frá því, að bankastjórnin gæti treyst uppgjörum, sem voru undirrituð af löggiltum endurskoðanda, en þar voru borgarfégetarnir á öðru máli. Þetta leiddi til þess, að rannsókn bankaþáttar Hafskips málsins lenti á villigötum á mikilvægum sviðum.

Í bréfi ríkissaksóknara, Þórðar Björnssonar, segir m.a.: „Hér með framsendist yður, hr. rannsóknarlögreglustjóri, skýrsla borgarfégetanna Markúsar Sigurbjörnssonar og Ragnars H. Hall, dags. 6. þ.m. varðandi rannsókn skiptaréttar Reykjavíkur á gjaldþroti Hafskips hf., Reykjavík. Skýrslan er send embætti ríkissaksóknara samkvæmt 88. gr. 4. tl. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6, 1978 en þar segir að telji skiptaráðandi, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skuli hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Þá segir áfram í bréfi ríkissaksóknara: „Í skýrslunni er greint frá mörgum atvikum, sem vekja grun um að forráðamenn og starfsmenn Hafskips hf. svo og starfsmenn Útvegsbanka Íslands hafi gerst sekir um stórfellt misferli samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19, 1940.“ Ríkissaksóknari segir svo í framhaldi af þessu: „Er óhjákvæmilegt að hafist verði þegar handa um opinbera rannsókn í máli þessu, og er rannsóknarlögreglu ríkisins hér með falin sú rannsókn.“

Ríkissaksóknari segir í bréfi sínu, að rannsóknarefni séu á þessu stigi, greind í kafla með sama hætti og gert er í skýrslu borgarfégetanna.



Vitnað er í milliuppgjör 31. ágúst 1984 og bráðabirgðauppgjör í desember 1984, þar sem tap félagsins allt árið 1984 er „talið nema kr. 55.322.000“, en skv. ársreikningi 1984 nam tapið kr. 95.716.766. „Ástæða er til að ætla að hjá félaginu hafi verið í gangi þegar hér var komið sögu tvöföld skýrslugerð, þar sem útbúnir hafi verið uppgjörreikningar mismunandi efnis, annarsvegar handa forráðamönnum félagsins og hinsvegar handa öðrum, þ.á.m. Útvegsbanka Íslands.“ Þá segir síðar í skýrslu borgarfógetanna: „Í kjölfar þessara gagna hafi bankinn veitt Hafskipi hf. umtalsverða lánaþyrirgreiðslu.“

Síðan segir: „Með sérstökum bókhaldsfærslum við gerð rekstrarreiknings Hafskips hf. 1984 var afkomu þáttar í rekstri félagsins breytt úr umtalsverðu tapi í verulegan hagnað og niðurstaða fengin með þeim hætti nýtt sem röksemd fyrir áreiðanleika rekstraráætlana félagsins fyrir árið 1985. Þessi niðurstaða ársins 1984 og rekstraráætlanir fyrir árið 1985 virðast síðan hafa verið hagnýttar til að styðja tilmæli félagsins til Útvegsbanka Íslands um áframhaldandi fyrirgreiðslu, sem orðið hafi verið við.“ Í þessu sambandi er varðandi tvöfalda skýrslugerð og sérstakar bókhaldsfærslur vitnað í álit endurskoðandans Valdimars Guðnasonar, sem vann að athugunum á bókhaldsgögnum fyrir skiptaréttinn. Það skal tekið fram, að Stefán Svavarsson, lög-giltur endurskoðandi og dósent við Háskóla Íslands svo og Atli Hauksson, löggiltur endurskoðandi, gerðu á síðari stigum umsagnarskýrslu fyrir sérstakan ríkissaksóknara, Jónatan Þórmundsson, um álit Valdimars Guðnasonar í þessum efnunum. Fram kom í málaferlunum, að þeir hefðu aðeins veitt umsögn um álit Valdimars, en ekki gert sjálfstæðar athuganir sjálfir á bókhaldsgögnum Hafskips hf.

Í fyrrgreindu bréfi Þórðar Björnssonar, saksóknara, sem byggt er á skýrslu borgarfógetanna segir orðrétt: „Svo virðist sem starfsmenn Útvegsbanka Íslands hafi látið hjá líða að kanna með sjálfstæðri athugun áreiðanleika upplýsinga sem forráðamenn Hafskips hf. létu bankanum í té um markaðsverð skipa félagsins, og gáfu til kynna að það hrykki að fullu fyrir þeim tryggingarréttindum, sem bankinn átti í þeim þótt í húfi væru tryggingar fyrir skuldbindingum félagsins við bankann, sem á núverandi gengi svara til allt að um kr. 280.000.000. Fyrir liggur að á hefur vantað allt að kr. 170.000.000 til þess að markaðsverð skipanna stæði undir veðskuldbindingum.“ Einnig segir, þegar fjallað er um ávirðingar starfsmanna Útvegsbankans: „Sýnt þykir að Útvegsbanki Íslands verður þegar vegna ofmetinna trygginga í skipum Hafskips hf. fyrir tjóni að fjárhæð allt að kr. 170.000.000. Ástæða er til að ætla að vinnubrögð, sem starfsmenn bankans viðhöfðu við eftirlit með verðgildi trygginga hans, hafi með engu móti samrýmt þeirri opinberu starfsskyldu þeirra að gæta hagsmuna bankastofnunar í eigu ríkisins, enda næsta víst að með óverulegri fyrirhöfn hefði mátt afla upplýsinga um verðgildi umræddra skipa erlendis, sem stangast hefði mjög á við þær upplýsingar sem forráðamenn Hafskips hf. létu þeim í té. Rannsaka þarf ætlað brot starfsmanna Útvegsbankans gegn XIV. kafla hegningarlaganna hér að lútandi.“

Eins og hér kemur fram var það staðhæft, að í kjölfar „tvöfaldrar skýrslugerðar“ og blekkinga af hálfu stjórnenda Hafskips hafi bankastjórar Útvegsbankans veitt félaginu umtalsverða lánaþyrirgreiðslu. Við þennan málatilbúnað er óneitanlega sérkennilegast, að tveir borgarfógetar og tveir ríkissaksóknarar töldu saknæmt hirðuleysi af hálfu bankastjóra Útvegsbankans sem opinberra starfsmanna að taka mark á reikningsuppgjörum, sem árituð voru af löggiltum endurskoðanda. Á hinn bóginn var það alvarlegast, að augljóst var, að engin „umtalsverð fyrirgreiðsla“ var veitt félaginu, hvorki á grundvelli meintrar tvöfaldrar skýrslugerðar né annars. Þegar af þessari ástæðu var aldrei nein röksemd fyrir ákæru á hendur bankastjórum, sem störfuðu við Útvegsbankann, þegar Hafskip varð gjaldþrota.

Á það ber einnig að líta, að ástæða hefði verið til að gjalda sérstakan varhug við ákæru í þessu tilfalli nema að vel athuguðu máli vegna þess, að ákæra hafði óhjákvæmilega í för með sér refsingu án þess að sekt væri sönnuð. Þá verður einnig að benda á, að mál stjórnenda Útvegsbankans var sérstætt að því leyti, að það tekur til sviðs refsiréttar, sem lítið hefur reynt á hér á landi. Einnig af þeirri ástæðu, hefði ríkissaksóknari átt að vanda mjög til alls málatilbúnaðar, sem því miður var þveröfugt farið.

Á grundvelli framangreindrar skýrslu, Markúsar Sigurbjörnssonar og Ragnars H. Hall, var verulegur hluti málatilbúnaðar gegn stjórnendum Útvegsbankans byggður. Í henni var haldið fram að skýrslugerð stjórnenda Hafskips hafi verið tvöföld og meintum blekkingum beitt til þess að fá aukna fyrirgreiðslu bankans. Rannsókn málsins beindist því mjög að þessum þáttum. Skriflegum spurningum var beint til bankastjórana um, hvernig þeir hefðu brugðist við, ef eiginfjárstaða Hafskips hefði í raun verið neikvæð

um 200 til 250 m. kr. í árslok 1984, en sjónum ekki beint að því hvort slík „umtalsverð fyrirgreiðsla“ var í raun veitt. Í ljós kom, þegar dómur var kveðinn upp, að dómarrar töldu stjórnendur Hafskips ekki hafa beitt vísitandi blekkingum í skilningi hegningarlaga gagnvart Útvegsbankanum né eigin hluthöfum. Stjórnendur Hafskips voru sýknaðir af þeirri ákæru og sá dómur var síðar staðfestur af Hæstarétti<sup>53</sup>.

Hinn 13. apríl 1986 kom skýrsla sérfræðinganevndarinnar út og var rædd á Alþingi. Til upprifjunar skal þess getið, að í nefndinni voru Jón Þorsteinsson hrl. og fyrrverandi alþingismaður, Brynjólfur I. Sigurðsson, dósent við Háskólann og Sigurður Tómasson, löggiltur endurskoðandi. Í skýrslunni voru bankastjórar Útvegsbankans bornir þungum sökum og taldir „bera meginábyrgð á þeim áföllum sem bankinn varð fyrir við gjaldþrot Hafskips.“ Augljóst er að þessi skýrsla og umræður um hana á Alþingi og í fjölmiðlum juku mjög þrýsting á ríkissaksóknara um að ákæra stjórnendur Útvegsbankans þótt frumrannsókn rannsóknarlögreglu hefði átt að leiða í ljós, ef rétt hefði verið á haldið, að þeir lögðu sig alla fram í björgunaraðgerðum fyrir bankann og Hafskip, eins og kom síðar fram hjá Sakadómi. Þetta hefði átt að vera ríkissaksóknara, Hallvarði Einvarðssyni, fullljóst eftir að hann fékk bréf um fyrirgreiðslu Útvegsbankans til Hafskips dags. 23. mars 1987. Ríkissaksóknari hafði sjálfur óskað eftir þessum upplýsingum. Í bréfi bankastjórnarinnar segir svo orðrätt:

„Ríkissaksóknari, Reykjavík.

Hjálagt sendist yður á meðfylgjandi fylgiskjölum svör við fyrirspurnum yðar um skuldastöðu Hafskips h.f. við bankann á tilteknum dögum (þ.e. 30. ágúst 1984, 31. jan. 1985 og 30. nóv. 1985), sbr. bréf yðar dags. 10 mars s.l.

Á fylgiskjali 1 kemur fram skuldastaða Hafskips h.f. eftir tegund skuldbindinga á umbeðnum dögum. Á fylgiskjali 2 er skýrð hækkun beinna útlána bankans til Hafskips frá 31.8. 1984 til 31.11. 1985. Á þessu tímabili var fyrirtækinu veitt lán að upphæð um 79 millj. króna vegna hlutafjárukningar. Að öðru leyti skýrist hækkun beinna útlána til félagsins fyrst og fremst af gengisbreytingum, skuldbreytingum vaxta og greiddum ábyrgðum, sem féllu á bankann svo sem fram kemur á nefndu fylgiskjali.

Kaup á viðskiptaváxlum (kröfum á aðra) hækkuðu verulega á þessu tímabili m.a. vegna þeirrar stefnu bankastjórnarinnar á árinu 1985 að leitast við að selja eignir Hafskips í rekstri og tryggja þannig betur en ella hagsmunir bankans.

Virðingarfyllt,

Útvegsbanki Íslands Bankastjórn. Lárus Jónsson (sign), H. Guðbjarnason (sign).“

Með þessu mikilvæga bréfi fékk ríkissaksóknari í hendur upplýsingar, sem hann gat byggt á nákvæmlega sömu niðurstöðu og Sakadómur Reykjavíkur þremur árum síðar og tekið ákvörðun um, að ekkert tilefni væri til ákæru. Fyrir lá að lán bankans vegna hlutafjárukningar voru sérstaklega tryggð með skuldabréfum á hluthafana. Hann þurfti ekki að byggja á misvísandi niðurstöðum sérfræðinganevndar Jóns Þorsteinssonar í því efni.

Mikil umræða hafði farið fram um framtíð bankans í kjölfar gjaldþrots Hafskips og m.a. hafði nefnd verið að störfum um breytingar á bankakerfinu undir forustu Gylfa Þ. Gíslasonar, fyrrv. prófessors og ráðherra. Niðurstaðan varð sú, að stjórnvöld beittu sér fyrir því, að Útvegsbankinn yrði gerður að hlutafélagsbanka. Stofnfundur þess banka var hinn 7. apríl 1987. Gert var ráð fyrir, að allt starfslið, sem starfaði hjá Útvegsbankanum sem ríkisbanka, yrði endurráðið til Útvegsbanka Íslands hf.

Hinn 22. janúar 1987 var bankastjórunum öllum sagt upp störfum sem og öðru starfsfólki vegna fyrirhugaðrar stofnunar nýs banka. Tveimur dögum eftir stofnfundur hans eða 9. apríl 1987 ákærði ríkissaksóknari, Hallvarður Einvarðsson,<sup>54</sup> fjóra starfandi bankastjóra Útvegsbankans, Halldór Guðbjarnason, Lárus Jónsson, Ólaf Helgason og Axel Kristjánsson aðstoðarbankastjóra. Auk þeirra voru þrír fyrrverandi bankastjórar ákærðir, Ármann Jakobsson, Bjarni Guðbjörnsson og Jónas G. Rafnar. Ríkissaksóknari ákærði ekki bankaráðsmennina. Starfsfólkið var allt endurráðið til hins nýja banka nema ákærðir bankastjórar, eins og áður hefur komið fram.

Meginatriði ákæru Hallvarðs Einvarðssonar voru orðuð þannig:

„Ákærðu er gefið að sök að hafa á fyrrgreindu árabili (1982–85) vanrækt að tryggja á viðunandi hátt að bankinn hefði ávallt fullnægjandi tryggingar fyrir skuldbindingum Hafskips hf. og að setja það ávallt sem skilyrði fyrir aukinni fyrirgreiðslu við félagið, að á móti kæmu fullnægjandi tryggingar.“ Listi fylgdi um fjárhæð skuldbindinga og andvirði trygginga frá 8. ágúst 1979 og síðar. Þá segir um verðmæti skipa Hafskips

og ábyrgð bankastjóranna: „Á árunum 1982–1985 varð verðhrun á skipastól Hafskips hf. vegna lækkandi kaupskipaverðs, sem ákærðu létu fram hjá sér fara, með þeim afleiðingum, að greiðslutryggingar bankans samkvæmt veðréttindum í skipum félagsins námu aðeins hluta þess, sem reiknað var með í yfirlitum um tryggingar.“

Á almannavitorði var, að mýmörg dæmi fyrr og síðar voru um, að opinberir sjóðir höfðu tapað hundruðum milljóna í útlánum á hliðstæðan hátt og gerðist hjá Útvegsbankanum við gjaldþrot Hafskips. Stjórnendur þeirra höfðu ekki verið ákærðir. Engin fordæmi voru því fyrir slíkum sakargiftum og þar var því ekki að leita ástæðu þess, að bankastjórnir voru ákærðir.

Í ákæru ríkissaksóknara var einnig vikið að hinni svonefndu „tvöföldu skýrslugerð“ frá Hafskip. Í sérstökum kafla ákærunnar, sem nefnist „Vanræksla á athugun á ársreikningum Hafskips hf. og rekstrarætlunum“ segir svo: „Ákærðu er gefið að sök að hafa eigi hlutast til um gerð úttekta á ársreikningum Hafskips hf fyrir árin 1982, 1983 og 1984 og eigi heldur rekstrarætlunum félagsins sem forráðamenn þess létu bankastjórn í té á sama tímabili. “Þetta er síðan útfært í köflum, sem nefnast „Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga“ og „Mísræmi milli niðurstaðna rekstrarreikninga og eiginfjárstöðu“.

Ábyrgð löggilts endurskoðanda á reikningsskilum félagsins virðist að engu höfð en til grundvallar lagðar athuganir Valdimars Guðnasonar, löggilts endurskoðanda, fyrir borgarfégetana, eins og áður getur.

Þegar bankastjórnir voru ákærðir sögðu þeir af sér með bréfi til formanns bankaráðs dags. 9. apríl 1987, sem hljóðaði svo:

„Í ljósi þess að við undirritaðir bankastjórnir og aðstoðarbankastjórnir við Útvegsbanka Íslands höfum í dag verið ákærðir fyrir „stórfellda vanrækslu og hirðuleysi“ í starfi, óskum við þess að verða leystir frá störfum nú þegar, þótt samkvæmt uppsagnarbréfi hafi ekki verið gert ráð fyrir, að við létum af störfum fyrr en 30. apríl.“

Fréttatilkynning var send fjölmiðlum um lausnarbeiðnina. Á fundi bankaráðs daginn eftir, þ.e. 10. apríl, tók það ákvörðun um að fallast ekki á lausnarbeiðnina. Bókun bankaráðsins var svohljóðandi:

„Bankaráðið ber fullt traust til bankastjórnarinnar, þrátt fyrir framkomna ákæru, enda er það mat bankaráðsins, að núverandi bankastjórn hafi gert sitt ítrasta til að tryggja hag Útvegsbanka Íslands. Bankaráðið er því sammála um að fallast ekki á lausnarbeiðnina.“

Næstu daga bárust bankastjórninni undirskriftir þorra starfsmanna þar sem þeir undrast ákæru og telja bankastjóra „hafa rækt störf sín af árvekni og trúmennsku.“ Nokkru síðar eða 15. apríl, barst formanni bankaráðs bréf frá bankaeftirliti Seðlabankans, undirritað af Þórði Ólafssyni og Ragnari Hafliðasyni, þar sem ákvörðun bankaráðsins um að fallast ekki á lausnarbeiðnina var harðlega gagnrýnd, eins og áður hefur komið fram í kaflanum um þátt bankaeftirlitsins.

Hinn 4. júní 1987 vísaði Hæstiréttur ákærum Hallvarðs Einvarðssonar, ríkissaksóknara, á hendur stjórnendum bankans frá dómi. Hallvarður var dæmdur vanhæfur til að sækja málið vegna setu bróður hans, Jóhanns Einvarðssonar í bankaráði bankans. Síðar var ákærum á hendur stjórnendum Hafskips einnig vísað frá dómi.

Í heilsíðugrein í Helgarpóstinum, sem birti nöfn ákærðra bankastjóra Útvegsbankans á forsíðu, er þessi grein þar sem nákvæmlega er lýst hverjir verði ákærðir og hverjir ekki og að fjórir starfandi og þrjár fyrrverandi bankastjórnir verði ákærðir fyrir „stórfellt hirðuleysi við rækslu opinberra starfa“. Undir mynd af Hallvarði Einvarðssyni, ríkissaksóknara er texti sem hljóðar svo: „Lok, lok og læs á fréttamenn“ Trúverðug ummæli?!

Jónatan Þórmundsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, var skipaður sérstakur saksóknari í málinu 6. ágúst 1987. Hann sendi rannsóknarlögreglu ríkisins bréf 16. október með fyrirmælum um að rannsaka þætti, sem hann taldi tengjast gjaldþroti Hafskips hf. Hófst þá síðari lota opinberrar rannsóknar á störfum stjórnenda Útvegsbankans. Þeir voru kallaðir fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og yfirheyrðir í tvígang. Framburður þeirra var undirritaður og staðfestur, sem var ólíkt þeim vinnubrögðum, sem viðgengust í „rannsókn“ sérfræðinganeftdarinnar. Í yfirheyrslunum voru bankastjórnarnir enn og aftur fyrst og fremst spurðir um gögn frá stjórnendum Hafskips og meinta tvöfalda skýrslugerð þeirra en lítið minnst á upplýsingar um „umtalsverða lánaþyrngreiðslu“ í kjölfar upplýsinga í milliuppgjörum og ársuppgjörum eða bankaleg sjónarmið, sem lögð voru til grundvallar viðskiptum við Hafskip. Þessum atriðum voru gerð betri skil við yfirheyrslur fyrir Sakadómi Reykjavíkur. Þar komu fram og voru skýrðar upplýsingar um fyrirgreiðslu bankans við félagið, enda kom það í ljós í forsendum sýknudómsins.

Miklar vonir voru bundnar við það hjá fyrrverandi stjórnendum Útvegsbankans, að með þessari síðari og vonandi betri rannsókn, kæmi í ljós, að fyrri ákæru væru ástæðulausar og málinu því lokið. Þær vonir urðu að engu hinn 11. nóvember 1988, en þá gaf Jónatan Þórmundsson út nýja ákæru í málinu. Hann ákærði aðra stjórnendur Útvegsbankans en Hallvarður Einvarðsson hafði gert. Jónatan ákærði einvörðungu þá bankastjóra, sem störfuðu í bankanum, þegar Hafskip varð gjaldþrota, þ.e. Halldór, Lárus, Ólaf og Axel. Auk þess ákærði hann einnig bankaráðsmenn, sem þá störfuðu, þ.e. Valdimar Indriðason, Garðar Sigurðsson, Arnbjörn Kristinsson og Kristmann Karlsson svo og endurskoðanda bankans, Inga R. Jóhannsson, löggiltan endurskoðanda og síðar Jóhann Einvarðsson, alþingismann eftir að þinghelgi hans var aflétt. Bankaráðsmennirnir höfðu ekki verið ákærðir af Hallvarði Einvarðssyni.

Ákæru Jónatans Þórmundssonar á hendur stjórnendum bankans er lýst hér áður í kafla nr. 2, þar sem m.a. er fjallað um athyglisverð rök Sakadóms Reykjavíkur, þegar hann sýknaði þá. Hér er vakin athygli á því, að málalíbúnaður Jónatans var í raun mjög sérstakur. Það kom í ljós í sóknarræðu hans, sem hann byggði fyrst og fremst á tvennu. Í fyrsta lagi túlkun Þórðar Ólafssonar, forstöðumanns bankaefirlitsins á svonefndri „Endurskoðunarskýrslu um Útvegsbankann“, sem Ingi R. Jóhannsson gerði og í öðru lagi og ekki síður á skýrslu sérfræðinganeftdarinnar.

Hinn 17. apríl 1989 voru ákæru þingfestar í Sakadómi Reykjavíkur. Verjendur ellefu sakborninga kröfðust frávisunar vegna þess, að Hallvarður Einvarðsson hafði stjórnað rannsókn málsins sem rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Þeirri kröfu var vísað frá, en önnur frávisunarkrafa verjenda Hafskipsmanna var lögð fyrir dóminn hinn 13. október á grundvelli skýrslu Ragnars Kjartanssonar, þar sem frumrannsókn málsins var harðlega gagnrýnd. Einn verjanda Hafskipsmanna sagði, að rannsóknin væri „Fúsk frá upphafi“<sup>55</sup>. Þessum kröfum var vísað frá sakadómi hinn 25. október 1989 með athyglisverðri greinargerð dómsins. Dómarar tóku að hluta undir gagnrýni verjendanna, eins og segir orðrétt í rökstuðningi þeirra „að rannsókn málsins sé í mörgu ábótavant. Hefði mátt mun betur að henni standa og yfirheyra ákærðu og vitni ítarlegar og markvissar. Þá hefði átt að afla frekari gagna“ en niðurstaðan var þessi: „Hægt er að bæta úr flestu sem ábótavant er talið... í meðferð málsins fyrir dómnum“. Hæstiréttur staðfesti síðan þennan dóm og hinn 4. desember hófust yfirheyrslur í Sakadómi Reykjavíkur.

Jónatan Þórmundsson, sérstakur ríkissaksóknari, hélt 7 daga sóknarræðu í málinu fyrir Sakadómi Reykjavíkur og á tveim þeim síðustu, þ.e. hinn 3. og 4. maí 1990, tók hann fyrir ákæru á hendur stjórnendum Útvegsbankans.

Hann hóf mál sitt á að vísa til þess, að ákæru á hendur stjórnendum bankans séu byggðar á 140. og 141 gr. hegningarlaga. Þær hljóða svo: 140. gr. „Opinber starfsmaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gera það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum eða varðhaldi“ og 141. gr. „Opinber starfsmaður, sem sekur gerist um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, skal sæta sektum eða varðhaldi.“

Í framhaldi af tilvitnun í ofangreindar lagagreinar lagði Jónatan áherslu á, að um „ásetningsbrot“ væri að ræða og „óhlýðni“. Í því sambandi vitnaði hann í erindisbréf bankastjóranna, sem þeim var sett af bankaráðinu. Eftir þessum fyrirmælum bankaráðs „fóru bankastjórnar ekki viljandi og af ásetningi.“ Axel fór „vilj-



andi og af ásetningi“ ekki eftir þeim fyrirmælum, sem honum voru gefin af bankastjórn. Hann lagði þunga áherslu á, að aðalatriði ákærunnar væri að bankastjórunum öllum væri gefið að sök „langvarandi, samfelld og stórfelld vanræksla eða hirðuleysi í starfi“ og um „órofið ólöglegt ástand“ í langan tíma hafi verið að ræða. Brotatími einstakra bankastjóra væri mismunandi langur en vanrækslan samfelld „þrátt fyrir síendurteknar aðvaranir bankaeftirlitsins“ (!).

Brotalýsing Jónatans var á þá leið, að hann taldi upp eftirfarandi vanræksluþætti:

- langvarandi vanræksla í töku trygginga
- langvarandi vanræksla í eftirliti með því að verðmæti veða héldist
- langvarandi vanræksla í athugun gagna.

Athyglisvert var, að fyrri hluta ræðu sinnar byggði hann fyrst og fremst á túlkun Þórðar Ólafssonar, forstöðumanns bankaeftirlitsins, á endurskoðunarskýrslu Inga R. Jóhannssonar, en fram kom í yfirheyrslum fyrir dómnum, að þessi skýrsla kom málinu ekkert við. Jafnframt má benda á, að með því að leggja skýrsluna fram í málinu, var brotinn réttur á tíu öðrum lánþegum Útvegsbankans, eins og fram kemur í 6. kafla þessarar samantektar þar sem fjallað er um þátt bankaeftirlitsins. Jónatan Þórmundsson réttlætti áherslu sína á skýrslunni með því að vitna í ummæli forstöðumannsins í bréfi hans til bankastjórnar Seðlabankans 7. nóv. 1986, en með því bréfi sendi hann umrædda skýrslu til yfirboðara sinna. Þar segir forstöðumaðurinn m.a. „Af skýrslu endurskoðandans má ráða að athugasemdir hans séu nú fyrst settar fram með þessum hætti vegna nýrra laga. Þau gagnrýnisatriði sem þar greinir hafa hins vegar verið til staðar um árabíl og færa má rök fyrir því að hefðu stjórnendur bankans tekið tillit til ábendinga bankaeftirlitsins fyrr og síðar og framkvæmt þær úrbætur í rekstri bankans sem það hefur lagt til, væri staða bankans önnur í dag“. Hliðstæð ályktun og alhæfing kom fram hjá forstöðumanninum í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins fjórum dögum áður en Jónatan gaf út ákæru sína. Þessi ummæli tengdi sérstakur saksóknari fullyrðingum um „samfellt, órofið ólöglegt ástand,“ sem ríkt hafi í Útvegsbankanum. Ástæða er til að ætla, að þessi túlkun forstöðumanns bankaeftirlitsins á skýrslu Inga R. Jóhannssonar hafi jafnvel haft úrslitaáhrif á, að Jónatan ákærði stjórnendur bankans í síðari lotu þessara löngu málaferla. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að forstöðumaðurinn lét undir höfuð leggjast að senda saksóknara andsvör bankastjórnarinnar við þessari skýrslu. Þau komu ekki fram fyrr en málið var komið fyrir Sakadóm.

Jónatan Þórmundsson, sérstakur ríkissaksóknari, fullyrkti, að Útvegsbankinn hefði tapað öllu eiginfé sínu vegna gjaldþrots Hafskips. Sú skýring er líkleg á þessu orðalagi, sem var fjarri öllum sanni, að hugtakið „stórfellt tap banka“ miðaðist við, að banki tapi öllu eiginfé sínu. Saksóknari tengdi „stórfellda vanrækslu“ og „samfellt, órofið, ólöglegt ástand,“ eins og áður segir við „stórfellt tap“ bankans. Það vekur athygli, að í ákæruskjölum beggja saksóknaranna kom greinilega fram augljós tilhneiging til að ýkja stórlega tap bankans. Í ákæru Hallvarðs Einvarðssonar, er þetta orðað svo: „að bankinn hefur þegar orðið fyrir 422 millj. króna fjártjóni og ljóst er, að fjártjón bankans verður af þessum sökum mun meira, þegar lokið verður gjaldþrotaskiptum.“ Í ákæru Jónatans Þórmundssonar er þetta orðað þannig: „stórfellt fjártjón Útvegsbankans, sem þegar er orðið 422 millj. kr.“ Þrátt fyrir þessar fullyrðingar las saksóknari upp úr bréfi frá Ríkisendurskoðun, þar sem tapið var metið á 380 m. kr. (Ath. þá átti eftir að skipta 163 milljónum úr þrotabúinu). Þessi fjárhæð sagði saksóknarinn „jafngildir milljarði að núvirði“ Hafskipsmilljarðurinn var sem sé aftur fundinn, en hann var oft nefndur í umræðuofsanum, þegar gjaldþrotið átti sér stað. Þá var hann að sjálfsögðu á því verðlagi sem þá gildi! Þessi núvirðisreikningur saksóknara var að vísu síður en svo réttur. Lánskjaravístitala í desember 1985 var 1337 stig en í maí 1990 2873 stig. Áður nefndar 380 m. kr. ættu skv. því að vera 817 m. kr. á verðlagi í maí árið 1990.

Sérstakur saksóknari vitnaði í síðari hluta ræðu sinnar hvað eftir annað í skýrslu sérfræðinganeftirlitsinnar og las upp heilu blaðsíðurnar úr henni. Hann talaði orðrétt um „áfellisdóm“ skýrsluhöfunda yfir bankastjórunum. Þetta er athyglisvert vegna þess, að í lögum um nefndina (nr. 119 frá 24. des. 1985) og umræðum um hana á Alþingi kom hvað eftir annað fram, að hún ætti einungis að kanna eða athuga viðskipti Hafskips og Útvegsbankann en ekki dæma. Á allra vitorði var að hún átti sérstaklega að leiða í ljós meinta hagsmunarárekstra í þeim viðskiptum, þegar Albert „sat beggja megin borðs“, enda kom slíkt fram í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu um nefndina og ræðu ráðherra á Alþingi.

Jónatan Þórmundsson gerði að sérstöku umræðu- og áhersluatriði einkennilega umfjöllun skýrslunnar á bls. 79, sem nánast er í véfréttastíl. Þar segir orðrétt: „Ef bankinn hefði fylgst gaumgæfilega með málum Hafskips og aflað sér sjálfstæðra upplýsinga varð blekkingum naumast við komið. Að hinu leytinu hafa vísitandi blekkingar aðeins að hluta til getað valdið mistökum bankastjóranna.“

Þá las Jónatan upp úr skýrslunni á bls. 108, þar sem segir orðrétt: „Meginástæðan fyrir því að viðskiptin fóru svo mjög úr skorðum er tvíþætt. Annars vegar mikill aðgæsluskortur af hálfu Útvegsbankamanna. Hins vegar var það mikil og vaxandi lánsfjárpörf Hafskips. Félagið jók sífellt umsvifin þrátt fyrir ört versnandi efnahag. Með þessum umsvifum sýndu ráðamenn félagsins óraunsæja bjartsýni en þeim tókst lengi að dylja raunverulega afkomu félagsins með vinnubrögðum sem ekki voru í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Síðustu árin voru þessi viðskipti orðin bankanum ofviða“.

Í þessu sambandi benti Jónatan á, að árin 1980 til 1983 þrefölduðust skuldbindingar Hafskips við bankann án þess að eftirlit með tryggingum ykist að sama skapi. Hann ræddi um það í öðru samhengi að „oddviti beggja aðila hafi setið beggja megin við borðið“ á þessu tímabili og átti við Albert Guðmundsson. Hann var þá bæði formaður bankaráðs Útvegsbankans og stjórnarformaður Hafskips. Engar ályktanir dró saksóknarinn af þessum ummælum sínum og nefndi ekki umtalsverða fyrirgreiðslu í þessu sambandi.

Jónatan Þórmundsson sagði, að bankastjórnin hafi dregið úr hlutverki hagdeildarinnar og vísaði enn í skýrslu sérfræðinganefndarinnar (bls. 25 og 26 í skýrslunni) og gerði orð hennar að sínum: „Ekkert liggur fyrir um það að bankinn hafi reynt að komast að því með sjálfstæðri athugun, hver væri hin raunverulega afkoma fyrirtækisins. Bankastjórnin treysti þar af leiðandi fyrst og fremst á þær greiðslutryggingar sem félagið setti fram vegna skuldbindinga sinna, og á þá aðila, sem að fyrirtækinu stóðu. Þau yfirlit, sem tekin voru saman tvisvar til þrisvar á ári og sýndu annars vegar heildarskuldbindingar félagsins við bankann og hins vegar þær greiðslutryggingar sem bankinn taldi sig hafa, voru í raun sú eina „úttekt“ sem gerð var á félaginu. Að öllu athuguðu telur rannsóknarnefndin, að bankinn hafi ekki fylgst með fjárhag Hafskips á þann hátt, að unnt hefði verið að gera ráðstafanir í tæka tíð til að tryggja hagsmunum bankans.“

Sérstakur saksóknari vísaði í ummæli bankastjóranna í yfirheyrslum um þessa saknæmu vanrækslu um eftirlit með Hafskipi og benti á, að Ólafur hafi sagt: „Við gerðum þetta sjálfir.“ Lárus Jónsson hafi orðað þetta þannig, að „bankastjórnin hafi farið yfir þessi gögn og kynnt sér þau eftir föngum.“ Vegna Atlants-hafssiglinga var haft eftir Halldóri: „að óhægt væri um vik, engar rauntölur til að styðjast við“ Af þessu dró saksóknarinn þessa ályktun: „Sem sagt ekki fagmannlega að verki staðið af bankastjórum ríkisbanka,“ sagði saksóknari. Með venjulegri skoðun gat fagmaður komist að því að ársreikningar sýndu ekki rétta mynd af rekstri og efnahag félagsins“. Þessum ummælum fylgdi löng tilvitnun í skýrslu sérfræðinganefndarinnar, þar sem fjallað er um þrjár mismunandi niðurstöður reikninga Hafskips eftir aðferðum og klykkt út með því að staðhæfa „að þrátt fyrir alla ágalla á uppgjörum hefði mátt sjá þennan mismun við lestur athugasemda reikninganna.“

Þá las Jónatan Þórmundsson prófessor, orðrétt alla „áfellisdóma“, mistök og ávirðingar, sem sérfræðinganefndin tíundaði um bankastjóra Útvegsbankans á bls. 72 og 73 í skýrslu nefndarinnar og gerði að sínum. Hann las orðrétt og lagði mikla áherslu á strákslegt orðalag skýrslunnar um „málsbætur bankastjóranna“. Þeir hafi gefið þær skýringar á þessu bankaslysi, að þeir hafi treyst Hafskipsmönnum. „Þeir treystu því að ársreikningar félagsins, undirritaðir af löggiltum endurskoðanda þess, væru öruggir. Þeir treystu upplýsingum frá Hafskipi um verðmæti eigna félagsins. Þeir treystu því að Hafskip fengi varnarlíðsflutningana. o.s.frv.“ Þetta orðflúr, sem gefur skýrari mynd en flest annað af vanþekkingu sérfræðinganefndarinnar á bankastarfsemi og óvönduðum vinnubrögðum, gerði Jónatan Þórmundsson, prófessor í refsirétti að sínum.

Hann tiltók, að það hafi verið sérstaklega saknæmt að leggja tryggingaryfirlit dags 3. júní 1985 fyrir bankaráð og bankastjórn Seðlabankans. „Bankastjórnir máttu vita að tryggingarnar voru þar ekki rétt tilgreindar“. Til rökstuðnings þessari niðurstöðu sinni gerði Jónatan orð sérfræðinganefndarinnar enn og aftur að sínum og vitnaði í skýrslu hennar á bls. 42. „Slíkt yfirlitsblað hlýtur að vera samið í þeim tilgangi, að notendur þess geti gert sér grein fyrir hvort tryggingar séu nægar fyrir skuldbindingum. Skv. þessu yfirliti sést, að skuldbindingar umfram tryggingar eru um 45.3 m.kr.. Töluleg þekking manna á stöðu viðskiptamála bankans og

félagsins var reist á þessu yfirliti og í ljósi þess verður að líta til yfirlýsinga og umræðna, sem í kjölfarið fylgdu. Ljóst er, að niðurstaða tryggingaryfirlitsins gaf villandi upplýsingar... Af þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð voru af hálfu Útvegsbankans við gerð þessa yfirlits eða skýrslu 3. júní 1985, er greinilegt, að niðurstöður gefa alranga mynd af tryggingarstöðu bankans gagnvart félaginu. Tvennt kemur sennilega til greina hjá þeim aðilum, sem síðan notuðu niðurstöður yfirlitsins í umfjöllun sinni um viðskiptamál bankans og félagsins. Annað hvort að þeim hafi ekki verið ljóst, hversu mikið vandamál blasti við bankanum, eða þeim hafi verið ljóst að um stærra vandamál var að ræða en yfirlitið gaf til kynna, en viljað kveða niður óhagstæða opinbera umfjöllun, meðan leitað væri ráða til að selja félagið eða koma eignum þess í verð.“

Sérstakur saksóknari tiltók, þegar hann ræddi um ákæru vegna skorts á tryggingum útlána Útvegsbankans til Hafskips, að mestu skipti „að láta undir höfuð leggjast að fylgjast með verðgildi skipa“ og að „tryggingar héldu verðgildi sínu.“ en í því efni hefði „bankaefirlitið og viðskiptaráðuneytið ítrekað varað bankann við.“

Í þessum minnispunktum úr ræðu Jónatans Þórmundssonar og beinum tilvitnunum hans í skýrslu sérfræðinganeftardarinnar kemur glöggt fram, hvað hann byggði málflutning sinn að miklu leyti á þessu plaggi. Skýrslunni var aldrei ætlað að vera slík frumrannsókn í sakamáli, sem ákærvaldið byggði málflutning sinn á. Það sést glöggt af lögum um nefndina og ummælum ráðherra á Alþingi. Skýrslan var auk heldur þannig unnin og það hlýtur Jónatan Þórmundsson að hafa vitað. Það liggur því beinast við að líta svo á, að það hafi verið mistök af hans hálfu í opinberu starfi að nota skýrsluna eins og hann gerði í þessum málaferlum.

Í lokakafla ræðu sinnar, þegar Jónatan Þórmundsson fór yfir kröfur sínar um refsingar sakborninga úr bankanum minntist hann á, að rétt væri að hafa í huga „að ákærðu misstu raunverulega stöðu sína“. Þessi ummæli sérstaks ríkissaksóknara Jónatans Þórmundssonar, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands um refsikröfur ákærvaldsins á hendur stjórnenda Útvegsbankans, hljóta að teljast umhugsunarverð. Í lok tveggja daga ræðu sinnar um ákæru á hendur þeim taldi hann „rétt að hafa í huga,“ að ákærðu hefðu „raunverulega misst stöður sínar“ og því hefðu þeir þegar tekið út refsingu þremur árum áður en mál þeirra kom fyrir dóm! Er ekki ástæða til þess að ræða og skoða réttarfar þar sem slíkir hlutir gerast? Mér vitanlega hefur það ekki verið gert.

Að lokinni ræðu Jónatans tóku verjendur sakborninga til máls og lögðu áherslu á, að rannsókn málsins hefði verið ábótavant, kærurnar væru vanreifaðar og út í hött. Þeir vísuðu m.a. til greinargerðar Sakadóms dags. 25. október 1989 þar sem dómurinn viðurkennir í máli stjórnenda Hafskips: „að rannsókn málsins sé í mörgu ábótavant“ og „að henni hefði mátt standa mun betur.“ Þegar slíkur rökstuðningur Sakadóms Reykjavíkur lá fyrir um rannsókn, sem leiddi til ákæra á hendur stjórnendum Hafskips, er ljóst, hvernig frumrannsókninni var háttað í máli stjórnenda Útvegsbankans. Þeir voru allir sýknaðir með þeim hætti, að þeir voru taldir vera að vinna björgunarstörf í stað þess að hafa sýnt stórfellda, langvinna og ítrekaða vanrækslu í viðskiptum bankans við Hafskip.

Í yfirheyrslum fyrir dómi lögðu bankastjórnarnir áherslu á, að fyrirgreiðsla til Hafskips frá miðju ári 1984 hafi fyrst og fremst verið fólgin í þeim björgunaraðgerðum að lána út á hlutafjár aukningu eftir áramótin 1984/85 og til þess að koma í veg fyrir skyndilega stöðvun og gjaldþrot. Þetta hafi verið gert með það í huga að unnt væri það selja fyrirtækið í rekstri og koma viðskiptasamböndum þess í verð. Þeir sögðust hafa annast eftirlit með rekstri og efnahag Hafskips sjálfir. Verjendur þeirra lögðu einnig áherslu á þessi meginatriði og færðu jafnframt rök að því, að ákæru á hendur þeim stæðust engan veginn. Þær væru byggðar á vanþekkingu og vanreifun, fjarri öllum veruleika.

Verjendur sýndu allir fram á hve óvenjulegt og sérstakt Hafskipsmálið væri í íslenskri réttarsögu og þótt víðar væri leitað. Um þetta atriði sagði Guðmundur Ingvi Sigurðsson, verjandi Björgólfs Guðmundssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Hafskips, orðrétt: „Ég efast ekki um að sérstakur ríkissaksóknari er dugmikill fræðimaður og hann hefur leitað um allt dómasafn Íslands, dómasafn Norðurlanda og víða án þess að finna nokkurt fordæmi.“ Hann herti enn á álitinu á algjörri sérstöðu málsins og sagði: „að þessi ákæra væri tilraunastarfsemi fræðimanns, sem vildi láta reyna á þanþol laganna.“<sup>56</sup>

Málið var dómtekið 24. maí 1990 og sýknudómur kveðinn upp yfir stjórnendum Útvegsbankans hinn 5. júlí eins og lýst er í 2. kafla hér að framan.

Hinn 7. júlí 1990 sagði Jónatan Þórmundsson af sér sem sérstakur ríkissaksóknari í Hafskipsmálinu. Páll A. Pálsson, sem áður var aðstoðarmaður hans, var skipaður sérstakur saksóknari í stað Jónatans hinn 10. júlí. Hann var fjórði saksóknarinn, sem kom að málinu.

Hinn 14. desember 1990 ákvað Páll að áfrýja dómi Sakadóms Reykjavíkur gagnvart stjórnendum Hafskips til Hæstaréttar, en ákvað jafnframt að áfrýja ekki sýknudómnum gagnvart stjórnendum Útvegsbankans. Þar með var þessum löngu, erfiðu og gjörsamlega óþörfu málaferlum í Útvegsbankaþætti Hafskipsmálsins lokið.

### 13. Nokkur orð um útlánatöp opinberra sjóða á Íslandi og erlendra banka.

Hér á undan hefur verið fjallað um málaferlin gegn stjórnendum Útvegsbankans á sínum tíma. Líklega verður að telja fráleitast í þessum atgangi að saka stjórnendur lánastofnunar um að vanrækja að hafa „eftirlit með því að verðmæti trygginga héldist“. Tryggingar fyrir lánum Útvegsbankans voru að miklu leyti í flutningaskipum, en þau ganga kaupum og sölum á alþjóðlegum markaði. Verð þeirra breytist eftir þeim lögmálum, sem þar gilda. Á slíkt hefur reynt á fjölmörgum öðrum sviðum. Opinberir sjóðir sem og bankar hafa tekið tryggingar fyrir útlánnum í frystihúsum, loðdýrabúum, fiskeldisfyrirtækjum o.fl. Mörg dæmi eru um, að slík veðandlög hafa orðið algjörlega verðlaus, án þess að stjórnendur lánastofnana, sem veittu slíkum fyrirtækjum lán, fái rönd við reist.

Hér í þessari stuttu umfjöllun verða tekin nokkur dæmi um útlánatöp opinberra sjóða og banka vegna vantryggðra lána við gjaldþrot fyrirtækja um það leyti, sem gjaldþrot Hafskips átti sér stað og síðar. Þá verður fjallað um gjaldþrot á Íslandi, þar sem milljarðar króna hafa tapast af kröfum lánardrottna. Ennfremur verður getið nokkurra dæma um að bankar erlendis töpuðu háum fjárhæðum í viðskiptum við fyrirtæki, sem stunduðu flutninga á sjó um þessar mundir. Mörg útlánatöp má rekja til þess, að útilokað var fyrir þá, sem veittu áhættulán til atvinnurekstrar „að gæta þess að verðmæti trygginga héldist“.

Gjaldþrot hér á landi hafa valdið almennum kröfuhöfum, almenningi, opinberum sjóðum og ríkisbönkum miklu tjóni. Það er á hinn bóginn óþekkt fyrirbrigði, að stjórnendur opinberra sjóða eða banka, annarra en Útvegsbankans, hafi vegna þessa verið ákærðir fyrir stórfelld brot í opinberu starfi eða þeir ásakaðir um, að „láta almenning í landinu reiða fram sérstakan skatt“ vegna þessara útlánatapa eins og gert var, þegar Hafskip varð gjaldþrota. Þaðan af síður hefur þeim í raun verið gert að sæta starfsmissi af þessum sökum.

Hér þarf ekki að tíunda stórfelld útlánatöp Fiskveiðasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggðasjóðs og annarra opinberra sjóða í áratugi. Þó skulu nefnd dæmi um mikil töp Fiskveiðasjóðs á árunum 1984 og 1985 eða um svipað leyti og Hafskip varð gjaldþrota. Þá tapaði Fiskveiðasjóður hundruðum milljóna vegna uppboða þriggja togara. Þegar lánin voru veitt námu þau um 70% af húftryggingarmati skipanna. Sú regla gildi, að lánin skyldu miðuð við þetta hámark, þegar þau voru veitt. Þegar skipin komu til uppboðs voru lánin orðin 133–150% af húftryggingarmatinu.

Engum kom til hugar að ákæra neinn í því tilviki fyrir að gæta þess ekki að „verðmæti trygginga héldist.“ Á árinu 1984 tapaði Fiskveiðasjóður 80 m. kr. á Hraðfrystihúsinu Patreki. Sjóðurinn átti kröfur í fyrirtækið, sem námu 300 m. kr. en þegar það var selt fengust fyrir það um 217 milljónir, „þannig að tap sjóðsins er um 80 millj. króna“ skv. frétt í Morgunblaðinu 29. des. það ár. Ennfremur er frá því skýrt í Morgunblaðinu 5. apríl 1985 og haft eftir Kristjáni Ragnarssyni, stjórnarmanni í Fiskveiðasjóði, að sjóðurinn muni tapa á því ári „að minnsta kosti 150–200 millj. króna vegna ábyrgða á fiskeldisfyrirtækjum.“

Enginn var ákærður fyrir vanrækslu í opinberu starfi vegna þessa. Þessi staðreynd ásamt öðru sýnir svart á hvítu, hversu einstök þessi aðför var að stjórnendum Útvegsbankans á sínum tíma. Í þessum tilfærðu dæmum hefur Fiskveiðasjóður, sem var opinber fjármálastofnun, tapað eða var í mikilli taphættu fyrir mun hærri fjárhæðum en Útvegsbankinn var talinn tapa á Hafskipi. Ástæðan fyrir tapi Fiskveiðasjóðs var í meginatriðum sú sama og hjá Útvegsbankanum, þ.e. veð nægðu ekki fyrir lánnum, þegar reksturinn lenti í þroti.

Þegar litið er á nokkur gjaldþrot og útlánatöp hér á landi, kemur í ljós, að árið 1990, þegar Hafskipsmálið kom fyrir Sakadóm Reykjavíkur og næstu ár á eftir, voru ríkisbankar og opinberir sjóðir að tapa háum fjárhæðum vegna útlána, sem reyndust vantryggð við gjaldþrot. Þannig tapaði Landsbankinn 2,5 milljörðum árin 1990–92. Þessar upplýsingar komu fram í fyrirspurn sem fjármálaráðherra svaraði á Alþingi um töp opinberra sjóða og ríkisbanka. Þeir töpuðu 1,5 milljörðum árið 1990, þ.e. það ár sem Hafskipsmálið var tekið fyrir í Sakadómi Reykjavíkur og samtals 8,9 milljörðum króna á þremur árum, þ.e. 1990–92 (verðlag þeirra ára). Þessi útlánatöp eru sundurliðuð í eftirfarandi töflu:<sup>57</sup>



Afskrifuð útlána sjóða í eigu hins opinbera voru sem hér segir:

	árið 1990	árið 1991	árið 1992
Fjármálastofnanir	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Landsbanki Íslands	90	1.141	1.325
Búnaðarbanki Íslands	139	129	271
Ríkisábyrgðasjóður	312	150	157
Framkvæmdasjóður	115	711	246
Byggðastofnun	249	528	705
Hlutfjársgjöldur	100	64	0
Atvinnuþryggingardeild	89	506	379
Iðnlánasjóður	92	166	277
Stofnlánadeild landbúnaðar	0	35	34
Iðnþróunarsjóður	25	7	136
Fiskveiðasjóður	273	7	414
<b>Samtals</b>	<b>1.484</b>	<b>3.444</b>	<b>3.944</b>

Athygli vekur, að á næstu 10 árum eftir gjaldþrot Hafskips, tímabilið 1985–1995, urðu 2.595 fyrirtæki gjaldþrota á Íslandi, skv. skýrslu sem Aflvaki hf. gerði um þetta efni. Talið er að **80 milljarðar króna**, á verðlagi ársins 1994, hafi tapast í þessum gjaldþrotum og er þá ótalið tap vegna nauðasamninga, tapaðs hlutfjár o.s.frv. Ennfremur vekur athygli, að meðaltalseignir þrotabúanna reyndust um 15% af kröfum. Sum árin fór þessi prósentu niður í 3,4%. Til samanburðar lét Ragnar Kjartansson, fv. stjórnarformaður Hafskips, hafa eftir sér í Morgunblaðinu 21. des. 1993, að um 65% af almennum kröfum í þrotabú Hafskips hafi verið greiddar við lokaúthlutun úr þrotabúinu og um 70%, ef miðað er við forgangs- og almennar kröfur. Því er ljóst, að sú nafngift, að gjaldþrot Hafskips hafi verið „mesta gjaldþrot Íslandssögunnar,“ verður að teljast í meira lagi hæpin.

Það vekur athygli í þessari úttekt Aflvaka hf., að „í 345 skipti hafi sami stjórnarformaður komið við sögu fleiri en eins gjaldþrota félags. Af félögum 2.595 átti þetta við um alls 819 hlutafélög. Í tveimur tilvikum var sami maður stjórnarformaður hjá 7 gjaldþrota fyrirtækjum“.

Framangreindar staðreyndir vekja óneitanlega spurningar um hvort ekki sé mikilvægt, að löggjafinn og dómstólar taki ekki síður á öðrum og mun alvarlegri brotum í tengslum við gjaldþrot en þeim, sem menn einblíndu á, sem meint brot í Hafskips/Útvegsbankamálinu á sínum tíma.

Í grein um „ábyrgðarleysi í gjaldþrotamálum,“ sem birtist í Morgunblaðinu 28. júlí 1994 segir svo: „Fyrir tveimur árum benti rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Bogi Nílsson, á í viðtali við Morgunblaðið að ef lögreglan ætti að geta sinnt brotum af þessu tagi yrði að ráða til hennar starfsmenn með sérmenntun á þessu sviði. Í lauslegri athugun sem Rannsóknarlögregla ríkisins gerði á lokum 300 gjaldþrotaskipta hér á landi kom í ljós, að um 5 milljarðar höfðu tapast í þeim. Þó voru aðeins könnuð gjaldþrot á einu ári, þar sem kröfur voru meiri en 5 milljónir og engar eignir fundust í búinu. Til viðbótar þessu komu því öll þau bú, þar sem einhverjar eignir fundust, þó þær hrykkju ekki fyrir skuldum“. Síðar í sömu grein segir: „Hallvarður Einvarðsson, ríkissaksóknari, sagði það að sjálfsgöðu viðleitni embættisins að láta dómstóla skera úr málum, jafnt brotum tengdum gjaldþrotum sem öðrum, en hann taldi embætti sitt vanbúið til það fjalla um gjaldþrot, sem og önnur efnahagsbrot.“<sup>58</sup>

Að lokum skal á það bent, að alþjóðlegir stórbankar töpuðu háum fjárhæðum vegna verðfalls á kaupskipum á þeim árum, sem Hafskip lenti í erfiðleikum. Þar má nefna þekkta banka, eins og City Bank, Man Trust og Bank of America, en sá banki var sagður hafa tapað 40 milljörðum íslenskra króna (verðlag 1986) á skipafélögum. Hambros Bank tapaði miklu fé á skipafélögum vegna þess, að tryggingar bankans dugðu ekki fyrir útlánnum. Skipafélög, sem voru í viðskiptum við bankann, lentu í sölukreppu og verðfalli á kaupskipum. Norskir bankar töpuðu miklum fjárhæðum af þessum sökum. Á þetta var bent í svörum bankastjóra Útvegsbankans við skýrslu sérfræðinganevndarinnar. Á hliðstæð dæmi benti viðskiptaráðherra, Matthías Bjarnason, í ræðum sínum.

Þetta eru lýsandi dæmi um töp banka, sem þeir urðu fyrir og hljóta alltaf eðli máls að verða fyrir, þegar þeir veita lán í áhættusöm fyrirtæki. Auðvitað byggjast viðskipti á því, að von sé á hagnaði fyrir báða. Það skiptir ekki máli hvort um er að ræða ríkisbanka eða banka í einkaeigu. Bankar tapa fé án þess að stjórnendur þeirra séu sakaðir um vanhæfi eða að þeir hafi sýnt „stórfellda og ítrekaða vanrækslu í starfi.“

Í DV 7. júní 1991 er sagt frá dómi Hæstaréttar í máli þeirra stjórnenda Hafskips, sem Páll A. Pálsson vísaði þangað. Fyrirsögnin var: „Mögur uppskera ákærvalds í Hafskipsmálinu“ og „Útvegsbankaþátturinn reyndist markleysa“. Í blaðinu sama daginn var önnur frétt en þar segir orðrétt: „Miklir erfiðleikar bíða þeirra fjárfestingasjóða (innsk. sem flestir eru opinberir sjóðir) og banka sem lánað hafa til fiskeldisins. Ljóst þykir að þeir sem mest hafa lánað muni á næstunni tapa milljörðum króna í kjölfar gjaldþrota í greininni.“

Þau dæmi, sem hér hafa verið rakin, um útlánatöp sjóða og banka fyrr og síðar í viðskiptasögu þjóðarinnar hefðu átt að vera þeim opinberu embættismönnum umhugsunarefni, sem ákærðu stjórnendur Útvegsbankans. Þau hefðu ein út af fyrir sig átt að vera þeim ljós vottur þess frá upphafi, að ákærur á hendur þeim yrðu augljóslega markleysa.

## Skrár og fylgiskjöl:

### I. Útvegsbankaþáttur Hafskipsmálsins. Tímaröð og stutt lýsing nokkurra atburða.

Til glöggvunar fyrir lesendur þessarar umfjöllunar um Útvegsbankaþátt Hafskipsmálsins verður hér sagt í örstuttu máli frá nokkrum atburðum í tímaröð.

#### 1984:

1. júní Ólafur Helgason var ráðinn bankastjóri Útvegsbanka Íslands í stað Ármanns Jakobssonar, en Ólafur var áður aðstoðarbankastjóri. Frá sama tíma var Lárus Jónsson einnig ráðinn bankastjóri í stað Jónasar G. Rafnar og lét þá af störfum sem alþingismaður. Axel Kristjánsson, aðallögfræðingur bankans var þá ráðinn aðstoðarbankastjóri. Halldór Guðbjarnason var ráðinn bankastjóri í maí 1983 í stað Bjarna Guðbjörnssonar.
1. júní Endurskoðaðir reikningar Hafskips fyrir árið 1983 bárust bankanum um þetta leyti. Þeir sýndu 22,1 m. kr. hagnað. (Tekjur vegna verðbreytinga 121,7 m. kr. og gengistap 146,3 m. kr.) Bókfært eigið fé nam einungis 13,4 m. kr. en verðmæti skipa talið 49,5 m. kr. hærra en bókfært verð. Reikningarnir voru áritaðir af Helga Magnússyni, löggiltum endurskoðanda.
31. júlí Endurskoðað milliuppgjör barst bankanum fyrir fyrsta ársfjórðung 1984 áritað af Helga Magnússyni, löggiltum endurskoðanda. Það sýndi tap á rekstrinum sem nam 6,2 m. kr.
10. okt. Axel Kristjánsson lagði fram í bankastjórn yfirlit um tryggingastöðu Hafskips. Heildarskuldbindingar 366 m.kr. en tryggingar 349 m. kr.
11. " Fundur haldinn í bankastjórn með Hafskipsmönnum. Gerð grein fyrir að ekki væri að óbreyttu hægt að greiða frekar fyrir félaginu. Á þessum fundi stöðvaði bankastjórnin í raun afgreiðslu nýrra lána til Hafskips eins og kemur fram í rökstuðningi Sakadóms Reykjavíkur hinn 5. júlí 1990. Í framhaldi af bréfi dags. 3. okt. var rætt um áform um Atlantshafsflutninga félagsins. Fram kom, að félagið hafði verið í viðræðum við Eimskip af og til undanfarin tvö ár. Farið var yfir stöðu mála. Mikið samdráttarskeið stóð yfir í íslenskum þjóðarbúskap og kreppa í sjávarútvegi. Félagið missti flutninga fyrir varnarliðið vorið 1984, en flutningsgjöld vegna þeirra voru fyrirframgreidd, sem er mjög óvenjulegt í slíkum viðskiptum. Áhersla var lögð á að verja félagið áföllum meðan á áþreifingum stæði um samstarf eða sameiningu við Eimskip. Um þetta leyti gerðu bankastjórn Útvegsbankans bankastjórn Seðlabankans grein fyrir erfiðleikum Hafskips hf. á fundi, sem bankastjórnirnar héldu um lausafjástöðu Útvegsbankans og áformum stjórnenda félagsins um viðræður við Eimskip.
30. " Milliuppgjör fyrir tímabilið 1/1–31/8 barst bankanum, áritað af Helga Magnússyni, löggiltum endurskoðanda. Niðurstaða þess var 5,8 m. kr. tap og bókfært eigið fé rúmlega 8 m. kr. Uppgjörið varð síðar endurskoðað af Valdimari Guðnasyni fyrir skiptastjóra þrotabús Hafskips og varð m.a. tilefni til kenninga um „tvöfalda skýrslugerð“ frá stjórnendum Hafskips til bankans.
11. des. Félagið fór fram á nýtt lán að upphæð 2 millj. dollara og að öllum skammtímalánum yrði breytt í lán til lengri tíma. Áfram var gerð grein fyrir sívaxandi greiðsluvanda félagsins, m.a. vegna almenns samdráttar í þjóðfélaginu og missis flutninga fyrir varnarliðið. Með bréfinu fylgdi sérstök greinargerð unnin af Páli Braga Kristjónssyni, sem nefndist „Trúnaðarmál um Hafskip hf.“
17. " Fundur var með bankastjórn og Ragnari Kjartanssyni. Hann lýsti áhyggjum sínum. Afstaða bankastjóra var ítrekuð, að útilokað væri að veita félaginu fyrirgreiðslu, eins og farið er fram á í bréfi

dags. 11. des., án breyttra forsendna. Ragnar ræddi um áþreifingar við Eimskip og að ekki væri réttlætlanlegt að halda áfram rekstri Hafskips að óbreyttu.

21. " Annar fundur bankastjórnar og Ragnars Kjartanssonar var haldinn. Þar kom fram breyttur tónn frá því, sem verið hafði. Hann skýrði þá frá, að af hálfu stjórnarinnar væri nýtt hlutafjárútböð í undirbúningi.

#### **1985:**

8. jan. Bankastjórnarfundur var haldinn með Hafskipsmönnum. Á fundinum voru: Ragnar Kjartansson, Björgólfur Guðmundsson og Páll Bragi Kristjónsson. Lögð var fram áætlun frá nefnd, sem stjórn félagsins hafði skipað. Í henni voru: Sveinn R. Eyjólfsson, Ólafur B. Ólafsson og Páll G. Jónsson. Hún lagði til að 1) selja tvö elstu skipin, 2) bjóða út nýtt hlutafé að upphæð kr. 80 m.kr. og 3) að styrkja Atlantshafssiglingar. Hluthafar leggðu fram skuldabréf í bankanum vegna hlutafjárloforða, sem bankinn fengi sem tryggingu, ef hann vildi styðja þessa björgunaraðgerð. Fram kom á fundinum, að búist væri við að deila við Bandaríkjamenn, um flutninga fyrir varnarliðið, myndi leysast innan tveggja mánaða.
29. " Bréf barst bankanum frá Hafskip þar sem áætlað var, að tap á árinu 1984 verði milli 50–60 m. kr. Eftir sem áður var gert ráð fyrir 20 m. kr. hagnaði af Atlantshafssiglingum, sem hófust seint á árinu 1984. Jafnframt bárust áætlanir fyrir árið 1985. Niðurstaða rekstraráætlunar var 135 m. kr. hagnaður, sem mátti að öllu leyti rekja til Atlantshafsflutninga.
31. " Fundur var haldinn með stjórnendum Hafskips og bankastjórninni, þar sem áðurgreind niðurstaða var rædd. Sagt var frá því að upplýsingar um Atlantshafssiglingar væru allar í jákvæða átt.
9. feb. Haldinn var hluthafafundur hjá Hafskip hf. Skýrsla stjórnarformanns lögð fram, sem hann nefndi: „Á krossgötum“. Samþykkt var að auka hlutafé um 80 m. kr.
11. " Lagt var fram nýtt tryggingayfirlit í bankastjórninni. Skuldbindingar þús. kr. 509.456 en tryggingar þús. kr. 486.103.
14. " Fundur var í bankastjórn með forráðamönnum Hafskips. Skýrt var frá mikilli samstöðu á hluthafafundi, m.a. að stjórnendur hafi verið fullvissaðir um, að flutningamál vegna varnarliðsins leystist alveg á næstunni. Bankastjórnin taldi ekki stætt á öðru í þessari stöðu, þar sem eigendur voru tilbúnir til þess að taka sjálfir aukna áhættu, sem hlutafjárukningunni nam, en að veita félaginu lán gegn tryggingum í skuldabréfum á hluthafa.
